



SKOÐUN „Málþóf er sjálfsofnaði þingræðisins,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **17**



MENNING Óskabörn ógæfunnar frumsýna jólasýninguna Nóttin var sú ágæt ein í kvöld. **30**



SPORT Þórir Hergeirsson náði ekki að gera norska handboltalandsliðið að Evrópumeisturum í gær. **40**

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

92% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 92% lesenda blaðanna

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublaði, jan.-júní 2012.



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

17. desember 2012
296. tölublaðið 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fórnarlamba minnst

Enn er fátt vitað um tilefni fjölda-morðanna í Connecticut á föstudag. Morðin hafa enn á ný vakið harðar deilur um byssueign almennings. **4**

Íslensk frímerki Þýskir frímerkja-safnarar eru áhugasamir um íslensk frímerki. Hægt er að láta búa til sitt eigið frímerki á vefnum. **2**

Hættulegar gönguleiðir Öryggi gangandi vegfarenda er minnst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum. Merkingar eru oft misvísandi. **8**

Stofnun um mannréttindi Unnið er að stofnun sérstakrar mannréttindastofnunar á Íslandi. **10**



Bolungarvík	0°	NA	9
Akureyri	-1°	NA	6
Egilsstaðir	0°	N	8
Kirkjubæjarkl.	0°	NNA	5
Reykjavík	-2°	NA	6

Bjart sunnanlands en snjócoma eða slydda norðan og austan til. Allhvasst með austurströndinni en annars fremur hægur vindur. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Fasteignir



KÆRLEIKSKJÚLAN

LOKKANDI
Hrafnhildur Arnarson

Sölu tímabil 5.-19. desember

Sölustaðir á
kaerleikskulan.is

STYRKARFÉLAG LAMADRA OG FATLADRA



YS OG PYS Það var nóg um að vera í Kolaportinu í gær, nú þegar jólaösin nálgast hápunkt sinn þetta árið. Vöruúrvalið er gríðarlegt í Kolaportinu og hægt að kaupa ýmislegt. Þessi kaupmaður selur til dæmis myndskreyttar flíkur og ljósaskilti í öllum regnbogans litum. Markaðurinn er opinn um næstu helgi en svo ekkert fyrr en á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stærsta framkvæmd frá hruni boðin út

Hús íslenskra fræða á að kosta rúma þrjá milljarða. Fer í útboð um leið og fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi. Verktakar ánægðir með útlitið, segir forstjóri Framkvæmdasýslunnar. Fimm stórverk fyrir átta milljarða á leið í útboð fram á vor.

FRAMKVÆMDIR „Þetta er stærsta framkvæmd sem við höfum boðið út í langan tíma,“ segir Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins sem sótt hefur um byggingarleyfi fyrir Húsi íslenskra fræða við Suðurgötu.

Áætlaður byggingarkostnaður nýja háskólahússins er ríflega þrjú milljarðar króna. Ríkið leggur til 2,4 milljarða. Afgangurinn kemur úr sjóðum Happraættis Háskóla Íslands. Húsið er byggt samkvæmt verðlaunahönnun Hornsteina frá árinu 2008. „Við skrifuðum undir hönnunarsamninginn viku eftir að Geir Haarde bað guð að blessa Ísland. Þetta var pínulítið ljós í myrkrinu þá,“ segir Óskar.

Að þessu verkefni meðtöldu eru fimm stórverk á leið í útboð hjá Framkvæmdasýslunni fram á vor. Hin eru fangelsi á Hólmsheiði fyrir 2,5 milljarða, Stofnun Vigdísar

Finnbogadóttur fyrir 1,5 milljarða og tvö snjóflóðaverkefni; upp á 900 milljónir króna á Siglufirði og 300 milljónir á Fáskrúðfirði.

„Þessi fimm verkefni eru yfir átta milljarðar. Það er alveg hellingur enda voru verktakarinn ánægðir,“ segir Óskar sem í gær kynnti þeim stöðuna fram undan hjá Framkvæmdasýslunni á fundi með Samtökum iðnaðarins.

Óskar segir Hús íslenskra fræða verða boðið út um leið og fjárlög hafi verið samþykkt. Í húsinu verður Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslensku-skor Háskóla Íslands. Verktíminn er ætlaður þrjú ár og raunhæft er að húsið verði tekið í fulla notkun vorið 2016.

Sjálf byggingin verður sporöskjulaga. Utan um bygginguna verður stálhjúpur og á honum verða ýmis ták tengd handritunum, ger-

„Við skrifuðum undir hönnunarsamninginn viku eftir að Geir Haarde bað guð að blessa Ísland. Þetta var pínulítið ljós í myrkrinu þá.“

Óskar Valdimarsson
forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins.

semum íslensku þjóðarinnar sem geymd verða í kjallara hússins.

„Jarðvatnið stendur það hátt að við vorum í vandræðum með að það færi upp á kjallaraveggina – sem við viljum alls ekki þar sem handritin eru fyrir innan. Þannig að við gerðum mjög vistvæna lausn og leiðum allt þetta jarðvatn undir Suðurgötuna og niður í Tjörn þannig að endurnar þar fái ferskara og betra vatn,“ segir Óskar.

- gar

Fundað um þinghlé í dag: Reynt að klára þing fyrir jól

ALÞINGI Forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hittir þingflokksformenn klukkan tíu í dag þar sem reynt verður að ná samkomulagi um jólafrí Alþingis. Enn er ósamið um þinghlé en aðeins eru þrjú dagar eftir á starfsáætlun þingsins á þessu ári. Ásta Ragnheiður ræddi við þingflokksformenn í gær.



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

„Ég átti óformlegt spjall við formenn og einhverjir töludu saman. Við verðum að sjá hvað gerist klukkan tíu í fyrramálið [í dag],“ segir Ásta. Hún getur ekki útilokað að þing komi saman á milli jóla og nýárs. „Vonandi tekst okkur að klára þetta fyrir jól. Ég stefni að því.“ - kóp

Clinton hættir um áramótin: Kerry þykir æ líklegri arftaki

BANDARÍKIN, AP Öldungadeildarþingmaðurinn John Kerry þykir æ líklegri sem arftaki Hillary Clinton í embætti utanríkisráðherra Bandaríkjanna.



JOHN KERRY

Hann er yfirmaður utanríkis-málanefndar öldungadeildarinnar og hefur ferðast mikið til Afganistans og Pakistans.

Clinton hefur fyrir löngu lýst því yfir að hún ætli ekki að vera annað kjörtímabil í embættinu.

Hún hefur undanfarið verið að jafna sig eftir heilahristing sem hún fékk þegar leið yfir hana á heimili hennar í síðustu viku. - gb

Færum myndbönd yfir á DVD

GAGNVIRKNI HAMRABORG 1 - Kópavogi
www.gagnvirkni.is - 5174511

7 DAGAR TIL JÓLA

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

AF ÖLLU HJARTA

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Brynjólfur, af hverju stafa óvinsældir stafafurunnar?

„Sjálfsagt stenst stafafuran ekki stórtæka sveppinn.“

Brynjólfur Jónsson skógræktarfræðingur bendir á að íslensk stafafura sé góður jólatrjúkostur, sérstaklega þegar átusveppur leggst á útlendan normannspín.

Sjöttá ríkjaráðstefna Íslands og Evrópusambandsins hefst á morgun:

Tveir kaflar teknir til umræðu

EVROPUMÁL Viðræður munu hefjast um tvo kafla, efnahags- og peningamál og byggðastefnu, á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB sem fer fram í Brussel á morgun, þriðjudag. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins en þá er einnig útlit fyrir að viðræðum ljúki með bráðabirgðasamkomulagi í kaflanum um samkeppnismál.

Ríkjaráðstefnan á morgun er sú sjötta í röðinni og ef þróun mála verður með þessum hætti hafa viðræður hafist um 23 kafla af 33

og bráðabirgðasamkomulag náðst um ellefu. Samningsferlið gengur þannig fyrir sig að ESB-ríkin skila rýnskýrslu þar sem íslensk löggjöf er metin með tilliti til lagabálks ESB. Íslensk stjórnvöld og ESB leggja svo fram samningsafstöðu í hverjum kafla fyrir sig.

Af hálfu Íslands liggur afstaða fyrir í 28 köflum og munu því fjórir kaflar standa út af eftir þessa ríkjaráðstefnu ef fram fer sem horfir.

Viðræður hafa ekki enn hafist

28 kaflar í samningsferli Íslands og Evrópusambandsins eru afgreiddir þannig að afstaða Íslands liggur fyrir.

Í veigamestu köflunum, það er sjávarútvegi og landbúnaði, en ESB hefur ekki enn skilað rýnskýrslu um sjávarútveginn.

Hafnarfjörður og Garðabær: Sameinast ekki Kópavogi í bráð

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna segja ekki grundvöll til að fara í viðræður um sameiningu við Kópavog og Garðabæ þar sem bæjarstjórn Garðabæjar hafi þegar hafnað hugmyndinni.

Bæjarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sögðu miður að umleitan Kópavogs um viðræður hefði verið hafnað án frekari skoðunar í hópi fulltrúa í Hafnarfirði. Í bæjarráði Kópavogs tók fulltrúi VG í svipaðan streng.



VERÐLAUNAHAFAR Aðalheiður Aðalsteinsdóttir úr Breiðholti, Daníel Eldar Jónsson úr Heiðarskóla í Leirársveit og Þorvaldur Marteinn Jónsson úr Nesskóla ásamt forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, á Bessastöðum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forseti veitti viðurkenningar í tilefni forvarnardagsins:

Verðlaun afhent á Bessastöðum

VIÐURKENNING Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti í gær verðlaun og viðurkenningar í ratleik Forvarnardagsins. Athöfnin fór fram á Bessastöðum að viðstöddu fjölmenni. Verðlaunahafarnir eru grunn- og framhaldsskólanemendur frá Akranesi, Neskaupstað og Reykjavík.

Forvarnardagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands. Dagurinn byggir á niðurstöðum íslenskra rannsókna sem sýna hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni neyti fíkniefna.

Ísrael heldur að sér fé:

Vilja sniðganga Ísraelskar vörur

PALESTÍNA Salaam Fayyad, forsætisráðherra Palestínu, hefur hvatt samlanda sína til að sniðganga vörur frá Ísrael í mót-mælaskyni við að Ísraelsk stjórnvöld neita að láta af hendi skattfé sem venja er að Palestína hljóti. Ísraelsk stjórnvöld hættu við að láta féð af hendi eftir að stuðningur við málstað Palestínumanna varð víðtækari á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í síðasta mánuði.

Palestínunum hafa hingað til nýtt peningana til að greiða laun opinberra starfsmanna.

- sm

Líf á öðrum reikistjörnum?:

Gerlar gefa von um upplýsingar

VÍSINDI Tegund gerla sem uppgötv-aðist í vatni tuttuugu metra undir yfirborði íshellunnar á Suðurskautslandinu gæti varpað ljósi á líf á öðrum hnöttum.

Aðstæður í heimkynnum þessa lífvera eru ólíkar öllu öðru hér á jörð. Sólarljóss nýtur ekki, súrefni er af afar skornum skammti og seltumagn er afar hátt. Þess vegna þurfa gerlarnir að draga fram lífið á annan hátt, og er talið að ákveðin efnahvörf myndi þá orku sem til þarf. Eru aðstæðurnar taldar líkjast því sem gæti verið á Mars og víðar í sólkerfinu, sem gefur von um að örverur finnist þar.

- þj

Formúlubílar, börn og dýr á frímerkin

Sex milljónir íslenskra frímerkja eru gefnar út á hverju ári. Eru vinsæl hjá söfnurum víða um heim. Frímerkjasafnarar fá sérstaka þjónustu í pósthúsinu í Austurstræti, en þeim hefur fækkað mikið. Nú er hægt að láta búa til sitt eigið frímerki.

FÓLK Ef marka má númerastandinn í pósthúsinu í Austurstræti eru frímerkjasafnarar burðarás í starfsemi Íslands-pósts. Þar eru tveir valkostir í boði þegar númer er tekið fyrir þjónustu; almenn þjónusta og frímerkjasafnarar.

Vilhjálmur Sigurðsson, forstöðumaður frímerkjasölu hjá Íslandspósti, segir að mest úrval sé fyrir frímerkjasafnara í Austurstræti, enda margir ferðamenn þar á ferð. Frímerkjasöfnurum fari hins vegar fækkandi.

„Því miður er lítið um endurnýjun í þessu hobbyi, enda hefur unga kynslóðin önnur áhugamál eins og tölvur og tölvuleiki,“ segir Vilhjálmur. Þá sé miklu minna af pósti með frímerkjum í umferð og fyrirtæki farin að vélstimpla umslög. „Fyrst og síðast söfnuðu menn þessu af því að þetta var á öllum umslögum áður fyrr.“

Íslandspóstur rekur þó enn sérstaka frímerkjadeild. Frímerkjasalan varð til 1930 og þar starfa tíu manns við að gefa út frímerki og selja til safnara í yfir 85 löndum. Íslensk frímerki eru sérstaklega vinsæl í Þýskalandi. Reynt hefur verið að blása lífi í áhuga á frímerkjum með Merkilega klúbbum, en í honum eru nú á bilinu 600 til 700 börn.

„Við gefum út upplýsingablað í 13 þúsund eintökum, þannig að það er enn áhugi fyrir þessu. Það fer þó sennilega að síga á seinni hlutann hvað þessa uppfinningu frá 1840, sem frímerkið er, varðar.“

kolbeinn@frettabladid.is



SAFNARAR OG HINIR Frímerkjasafnarar fá sérstaka þjónustu í pósthúsinu við Austurstræti, sem og í höfuðstöðvum Íslandspósts. Um 13 þúsund manns frá sent upplýsingablað um frímerki frá fyrirtækinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vildi Hitler á frímerki en fékk ekki

„Þetta er mjög vinsælt, en þetta er náttúrulega lúxusvara og það þarf að borga meira fyrir frímerkið,“ segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Íslandspósts, en hægt er að láta prenta frímerki eftir fjölskyldumyndum eða hvaða myndum sem verða vill. „Þetta gefur extra „töts“ á umslagið og gerir það persónulegra. Það er merkilegt að vera á frímerki.“

Fyrirtækið hefur boðið upp á þessa þjónustu í nokkur ár og Ágústa segir að vinsælast sé að setja fjölskyldumyndir á frímerkin, eða myndir af gæludýrum. Þá er einn viðskiptavinur duglegur að setja myndir af formúlubílum á frímerkin, að sögn Ástu. „Þá kom beiðni um að fá mynd af Hitler á frímerki, en það var ekki leyft.“



ÁGÚSTA HRUND STEINARSDÓTTIR

Gjafakort
Töfrandi stundir í jólapakkann
Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

Sjö mannréttindasamtök í Egyptalandi vilja endurtaka kosningu:

Ný stjórnarskrá sögð samþykkt

EGYPTALAND, AP Stuðningsmenn Mohammeds Morsi Egyptalandsforseta fullyrtu í gær að ný stjórnarskrá hefði verið samþykkt í fyrri umferð þjóðaratkvæðagreiðslu á laugardaginn.

Sjö egypsk mannréttindasamtök segja þó eftirliti með kosningunum hafa verið ábótavant. Þess vegna verði að endurtaka fyrri umferðina og gæta þess að sömu mistök verði ekki gerð í seinni umferð, sem haldin verður 22. desember.

„Eru kosningar sem haldnar eru án fullnægjandi eftirlits dómshyrvalda, með takmörkuðum öryggisráðstöfunum og öllu því ofbeldi og lögbrotum sem við höfum orðið vitni að leiðin til stöðugleika eða leikur að örlögum landsins?“ spurði Mohammed el Baradei, einn þekktasti leiðtogi umbótahreyfingarinnar í landinu, á Twitter-síðu sinni.

Nærri tvö ár eru liðin síðan uppreisn almennings gegn stjórn Hosni Mubarak hófst í Egyptalandi, í beinu framhaldi af sams konar mótmælum í Túnis.

Morsi tók við forsetaembættinu síðastliðið sumar og hefur reynt að hraða afar umdeildum stjórnarskrárbreytingum.



ATKVÆÐI TALIN Egyptar greiddu atkvæði í fyrri umferð um stjórnarskrá á laugardaginn.

NORDICPHOTOS/AFP

Snjallaðu með Sony!

500 kr.
notkun á mán. í
3 mánuði fylgir
þessum síma!



Sony Xperia Tipo
~~19.990 kr. stgr.~~
1.890 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr.
notkun á mán. í
6 mánuði fylgir
þessum síma!



Sony Xperia J
~~39.990 kr. stgr.~~
3.690 kr. á mán. í 12 mán.



Sony Xperia GO
~~55.990 kr. stgr.~~
4.990 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr.
notkun á mán. í
6 mánuði fylgir
þessum síma!

**0 kr.
Nova
í Nova!**

1.000 mínútur og 500
SMS/MMS á mánuði

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

0 kr. Nova í Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 690 kr. í áskrift og þá fylgir 100 MB netnotkun á mánuði.
Símtalnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ
14.12.2012

	Bandaríkjadalur	126,26	126,86
	Sterlingspund	203,66	204,66
	Evra	165,1	166,02
	Dönsk króna	22,124	22,254
	Norsk króna	22,41	22,542
	Sænsk króna	18,88	18,99
	Japanskt jen	1,5083	1,5171
	SDR	193,95	195,11

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,2685

Umhverfisráðherra framlengir heimild til undanþágu frá byggingarreglugerð:

Tíminn verður notaður í frekara samráð

STJÓRNSÝSLA Umhverfisráðherra hefur framlengt frest til að sækja um undanþágu frá ákvæðum nýrrar byggingarreglugerðar. Fresturinn átti að renna út um áramót en nú verður hægt að fá undanþágu til 15. apríl næstkomandi.

Nýja byggingarreglugerðin tók gildi í febrúar síðastliðnum, og voru þar gerðar talsverðar breytingar á kröfum sem gerðar eru til húsbýgginga. Ákvæði í reglugerðinni, sem hagsmunaaðilar segja að myndu hækka byggingarkostnað um nærri 10 prósent að jafnaði, hafa verið afar umdeild, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Ný og uppfærð reglugerð hefur nú tekið gildi þar sem breytingar hafa verið gerðar til að koma til móts við óskir hagsmunaaðila meðal annars um einangrun og rýmisstærðir.

Markmiðið með því að framlengja frestinn til að fá undanþágu frá reglugerðinni er að gefa frekara ráðrúm til samráðs við hagsmunaaðila, að því er fram kemur í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu.

Mikið álag hefur verið á byggingarfulltrúa sveitarfélaganna undanfarið þar sem margir hafa sótt um að fá undanþágu áður en heimild til þess átti að falla úr gildi um áramót. - bj



HÚSBYGGING Mikið álag hefur verið á byggingarfulltrúa sveitarfélaga þar sem frestur til að fá undanþágu frá nýrri byggingarreglugerð átti að renna út um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SHINZO ABE Fær annað tækifæri til að stjórna í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hægrimenn sigra í Japan: Abe kominn með meirihluta

JAPAN, AP Shinzo Abe fær annað tækifæri til að stjórna Japan eftir að flokkur hans, Lýðræðislegi demókrataflokkurinn, hlaut þingmeirihluta í kosningum sem haldnar voru um helgina.

Abe var forsætisráðherra á árunum 2006 til 2007 en síðan þá hafa sex forsætisráðherrar setið í Japan. Abe heitir því að standa harður gegn Kínverjum í deilum ríkjanna um yfirráð yfir smáeyjum í hafinu á milli þeirra. - gb

Framboð Bjartrar framtíðar: Björt og Róbert leiða í Reykjavík

STJÓRN MÁL Björt Ólafsdóttir mun leiða lista Bjartrar framtíðar í Reykjavíkurborginni norður í komandi þingkosningum. Hún hefur sagt af sér formennsku í Geðhjálpi vegna framboðsins.

Framboðslistar Bjartrar framtíðar í Reykjavíkurborginni munu tveimur liggja fyrir, en Róbert Marshall alþingismaður mun leiða lista flokksins í Reykjavík suður. Þetta staðfesti Atli Fannar Bjarkason, framkvæmdastjóri flokksins, við Fréttablaðið í gær.

Ottarr Proppé verður í 2. sæti í Reykjavík suður og Heiða Kristín Helgadóttir í 2. sæti í Reykjavík norður. - bph

Aldrei komist í kast við lög

Enn er fátt vitað um tilefni fjöldamorðanna í Newtown á föstudag. Árásarmaðurinn Adam Lanza var með skilríki bróður síns á sér. Móðirin hafði mikinn áhuga á skotvopnum og fór reglulega með syni sína á skotæfingar.

BANDARÍKIN Adam Lanza var með nógu mikið af skotfærum til að myrða mun fleiri börn en hann gerði á föstudagsmorgun, þegar hann réðist inn í Sandy Hook-barnaskólann í smábænum Newtown í Connecticut.

Hann svipti sig lífi þegar fyrstu lögregluþjónarnir birtust eftir að hafa myrt tuttugu börn í tveimur skólastofum. Öll voru þau á aldrinum sex til sjö ára. Tólf þeirra voru stúlkur en átta drengir.

Hann myrti einnig sex konur, þar á meðal skólastjórnann Dawn Hochsprung og skólasálfræðinginn Mary Sherlach. Vitni segja þær báðar hafa reynt að stöðva árásarmanninn.

Tvö barnanna létust á sjúkrahúsi stuttu eftir árásina. Ein manneskja liggur særð á sjúkrahúsi og hefur rætt við lögreglu.

Lanza notaðist við hálfsvífurkann hríðskotaríffil en hafði einnig tvær skammbýssur meðferðis.

Árásin gekk hratt yfir og flest fórnarlömbin urðu fyrir fleiri en einu skoti. Allt að ellefu byssukúlur fundust í sumum líkanna.

Í fyrstu var talið að árásarmaðurinn væri Ryan Lanza, 24 ára bróðir hins tvítuga Adams Lanza, en sá misskilningur stafaði af því að lögreglan fann skilríki Ryans á líki bróður hans í skólanum.

Áður en Adam réóst inn í skólann byrjaði hann á því að myrða móður sína, Nancy Lanza, á heimili þeirra. Foreldrar Adams skildu árið 2008 og bjó hann hjá móður sinni, sem var með töluvert safn af skotvopnum á heimilinu. Hún er sögð hafa haft mikinn áhuga á byssum og reglulega farið með syni sína á skotæfingar.

Faðir Adams, Peter Lanza, frétti ekki af gjörðum sonarins fyrr en



ADAM LANZA Það var hinn tvítugi Adam Lanza sem framdi morðin, ekki 24 ára gamall bróðir hans, Ryan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hann kom heim til sín að loknum vinnudegi þar sem blaðamenn biðu hans.

Í fjölmiðlum voru í fyrstu misvísandi frásagnir af því hvort það hefði verið faðir hans eða móðir sem Adam myrti. Þá reyndist ekkert hæft í því að móðir hans hefði verið kennari við skólann.

Adam Lanza þótti afar einrænn og klaufalegur í samskiptum við fólk, en hafði aldrei komist í kast við lög eða orðið til vandræða í skóla. Hann fékk góðar einkunnir, einkum í vísindagreinum, en átti það til að loka sig af eða láta sig hverfa og var þá oft kallað í móður hans til að ræða við hann.

Enn hafa engar skýringar fengist á því hvað honum gekk til með því að myrða börn og konur í barnaskóla. Þeir sem þekktu til hans segja ekkert hafa bent til þess að hann væri ofbeldis- hneigður. Flestar skotárásir í bandarískum skólum síðustu áratuginna hafa verið framdar af hlé- drægum einförum, sem ekki þóttu líklegir til slíkra vodaverka.

gudsteinn@frettabladid.is



SORG Í NEWTOWN Fjöldi manns hefur komið með blóm til minningar um hina látnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umdeild krafa um almenna byssueign

Barnamorðin í Connecticut hafa enn á ný vakið upp heitar deilur um byssueign almennings í Bandaríkjunum. Slíkar deilur vakna jafnan í kjölfar fjöldamorða af þessu tagi, sem hafa orðið æ tíðari síðustu ár og áratugi.

Sterk hreyfing hefur verið fyrir því í Bandaríkjunum að það sé stjórnarskrárvarinn réttur hvers manns að eiga skotvopn til að verja sig. Þessi hópur telur að lausnin á þessum vanda sé að fleira fólk fái sér byssur. Þannig sagði Louie Gohmert, þingmaður Repúblikanaflokksins, í viðtali við Chris Wallace á sjónvarpsstöðinni Fox: „Chris, ég vildi að hún hefði verið með M4 á skrifstofunni sinni,“ og átti þar við skólastjórnann í Sandy Hook-barnaskólanum.

Nú virðast þingmenn beggja flokka hins vegar ætla að láta reyna á hvort þingið muni loks samþykkja hertar reglur um byssueign. Tveir öldunga- deildarþingmenn, þau Joe Lieberman og Dianne Feinstein, segja kominn tíma á að banna almenna sölu stærri skotvopna, sem ætluð eru í hernað. Demókratinn Feinstein ætlar að leggja fram frumvarp þess efnis í byrjun þings á næsta ári og reiknar með stuðningi Baracks Obama forseta.

Borgarstjórnir í New York, repúblikaninn Mike Bloomberg, hvetur einnig til þess að „þetta brjálæði“ verði stöðvað og skorar á stjórnvöld að setja strangar reglur um byssueign. Hann segir að áhrif samtaka byssueigenda í bandarískum stjórnárum séu gífurlega ofmetin: „Það er kominn tími til þess að forsetinn taki forystuna í þessu máli.“

MARKAÐUR
NETHYL 2, ÁRBÆ
ÓDÝR LEIKFÖNG OG GJAFAVARA

LÍMMIÐAR 100 KR
GJAFAPAPPÍR 100 KR
JÓLA- OG GJAFAPOKAR 100 KR
GAMLA GÓÐA MÚSÍKIN 500-700 KR


MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11-22 TIL JÓLA

SÍMI 869-1522

Erum á Facebook

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




BJARTVIÐRI verður sunnanlands í dag og á morgun en snjókoma eða slydda norðan til. Á miðvikudag vex vindur um sunnanvert land með rigningu en á sama tíma verður væntanlega úrkomaust á norðanlands.

Alicante 20°	Berlín 4°	Friedrichshafen 5°	Las Palmas 23°	New York 10°	París 10°
Apna 17°	Billund 4°	Gautaborg 3°	London 9°	Orlando 26°	San Francisco 15°
Basel 5°	Frankfurt 9°	Kaupmannahöfn 3°	Mallorca 18°	Ósló 1°	Stokkhólmur 1°

Á morgun
Fremur hæg norðlæg átt víða en heldur meiri vindur á Vestfjörðum.

Miðvikudagur
Vaxandi austanátt, strekkingur eða hvasst sunnan til.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður





Nýr Volkswagen Golf

Bráðum kemur nýr Golf! Nánari upplýsingar eru á www.volkswagen.is en einnig er hægt að líta við hjá okkur í HEKLU og við segjum ykkur meira.

Verið velkomin!



Das Auto.

VEISTU SVARIÐ?



1. Í hvaða firði varð vart mikils síldardauða í liðinni viku?
2. Hvað heitir ný plata Humars Lindusonar Eldjárns?
3. Hvaða rithöfundur hlaut Tindabikkjuna, verðlaun Glæpafélags Vestfjarða, á dögnum?

SVÖR

1. Kolgráfarfirði. 2. Hvilleg plata fyrir humar. 3. Stefán Máni fyrir Húsið.

Ný rannsókn á dánarorsökum jarðarbúa sýnir að miklar breytingar hafa orðið:

Fólk lifir almennt lengur en er veikara

HEILBRIGÐISMÁL Í flestum löndum heims hefur dregið mjög úr barnadauða og fólk lifir almennt lengur nú en fyrir 20 árum. Hins vegar glímir fólk frekar við sjúkdóma og fatlanir.

Þetta eru niðurstöðurnar úr umfangsmestu rannsókn á lífslíkum, sjúkdómum og dánarorsökum jarðarbúa sem gerð hefur verið.

Síðast var gerð umfangsmikil rannsókn á þessu efni árið 1990 og þá var helsta heilsufarsvandamál mannkyns dauðsföll barna innan við fimm ára aldur. Meira en tíu milljónir barna létust þá árlega, en nú er sá fjöldi kominn niður í sjö milljónir, og er talið að það megi einkum þakka bólusetningum við

sjúkdómum á borð við mænuótt og mislinga.

Árið 1990 var vannæring helsta orsök veikinda og dauða barna, en nú hrjáir ofát þau frekar – nema í Afríku. Þegar meðalaldur hækkar fjölga jafnframt fólk sem glímir við sjón- eða heyrnarskerðingu og andlega erfiðleika á borð við þunglyndi.

Hjartasjúkdómur og heilablóðfall eru enn algengustu dánarorsakir jarðarbúa, en lungnakrabbí er orðinn algengari og telst nú fimmta algengasta dánarorsökin. Orsakir flestra sjúkdóma meðal fullorðinna má hins vegar rekja til of hás blóðþrýstings, en næst á eftir koma reykingar og áfengisneysla. - gb



HJÁ LÆKNINUM Dregið hefur úr barnadauða um allan heim. NORDICPHOTOS/AFP



RÁÐAMENN FAGNA Ráðamenn í Norður-Kóreu fagna vel heppnuðu eldflaugarskoti og minnst látins leiðtoga. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dánarafmæli Kim Jong-il haldið hátíðlegt í N-Kóreu:

Eldflaugarskot sagt mikið afrek

NORÐUR-KÓREJA Mikið var um hátíðarhöld í Norður-Kóreu í gær í tilefni þess að ár er liðið frá láti Kim Jong-il, fyrrverandi leiðtoga landsins.

Í ræðuhöldum var mikið gert úr því afreki að í síðustu viku tókst Norður-Kóreumönnum að skjóta eldflaug á loft og koma veðurhnetti á braut umhverfis jörðu.

Norður-Kóreumenn hafa áður gert nokkrar tilraunir til að skjóta víðflka eldflaug á loft en þeir hafa unnið að þessu markmiði í fjórtán ár. Nágrannaþjóðir landsins óttast að eldflaugaskotið hafi verið tilraun til að þróa langdræg kjarnavopn.

Bandaríkjamenn hafa einnig fullyrt að veðurhnetturinn hafi orðið stjórnlftill stuttu eftir að hann var kominn á loft. - sm

Andrea og Þórður í framboð:

Dögun fær tvo til viðbótar

PRÓFKJÖR Andrea Jóhanna Ólafsdóttir og Þórður Björn Sigurðsson gefa kost á sér í framboð fyrir Dögun í komandi þingkosningum. Andrea bauð sig fram til forseta síðasta sumar, en hlaut dræman stuðning. Þau hafa bæði setið í formannsstóli Hagsmunasamtaka heimilanna.

Áður hafa Gísli Tryggvason, Lýður Árnason, Margrét Tryggvadóttir og Ragnar Þór Ingólfsson formlega tilkynnt framboð sitt fyrir Dögun. - sv

Alþjóðlegt verkefni á Íslandi:

Hald lagt á ólöglega mjólk

STJÓRNSÝSLA Ólögleg mjólk var gerð upptæk í íslenskum stórmarkaði þegar tollayfirvöld tóku þátt í alþjóðlegu verkefni gegn innflutningi og sölu á fölsuðum og ólöglegum matvælum.

Samstarfsverkefnið er rekið af Europol og Interpol og heitir Opson II. Það er liður í baráttunni gegn sölu og dreifingu á hvers kyns fölsuðum og ólöglegum matvælum. Rúmlega 235 tonn af vörum og matvælum hafa verið gerð upptæk í 29 löndum. - bph

Lánaði sex milljarða þrátt fyrir viðvaranir

Lárus Welding lét undan þrýstingi frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og lánaði sex milljarða til kaupa á fjórðungi í skartgripakeðjunni Aurum þvert á viðvaranir undirmanna. Þetta segir í ákæru sérstaks saksóknara. Féð að langmestu tapað.

DÓMSMÁL Starfsmenn Glitnis vörðu forstjórann Lárus Welding við því að láta undan þrýstingi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um að lána félaginu FS38 sex milljarða til að kaupa fjórðungshlut Fons í skartgripakeðjunni Aurum í júlí 2008. Hann gerði það samt og bakaði bankanum með því mikið tjón.

Þetta er meðal þess sem segir í ákæruskjali sérstaks saksóknara á hendur Lárusi, Jóni Ásgeiri, Magnúsi Arnari Arngrímssyni og Bjarna Jóhannessyni.

Lárus og Magnús eru ákærðir sem aðalmenn í umboðssvikum vegna lánsins og Jón Ásgeir og Bjarni sem hlutdeildarmenn, en Jón Ásgeir til vara fyrir hylmingu eða peningþvætti.

Samkvæmt ákærinni fóru milljarðarnir sex sem Fons fékk frá FS38 fyrir hlutinn í Aurum meðal annars í að greiða upp skuldir Fons vegna svokallaðs Stímáls, auk þess sem milljarður rann á persónulegan reikning Jóns



LÁRUS WELDING

Ásgeirs. Hann var notaður til að greiða upp rúmlega 700 milljóna yfirdráttarskuld.

Í ákærinni segir að Jón Ásgeir hafi beitt Lárus og Bjarna „fortölum og þrýstingi“ til að knýja lánveitinguna í gegn, og notið við það liðsinnis Gunnars Sigurðssonar, forstjóra Baugs, og Jóns Sigurðssonar, forstjóra FL Group og varaformanns stjórnar Glitnis.

„Þá bera gögn málsins með sér að ákærði Jón Ásgeir gaf ákærða Lárusi tilefni til að óttast um stöðu sína innan Glitnis léti ákærði Lárus ekki að vilja hans. Gögnin sýna einnig að undirmenn ákærða Lárusar vörðu hann við því að láta að vilja ákærða Jóns Ásgeirs í tengslum við þessa lánveitingu og að hann gerði sér grein fyrir í hvaða hættu hann stefndi hagsmunum bankans með undanlátssemi við ákærða Jón Ásgeir,“ segir jafnframt í ákærinni.

Í fundargerð áhættunefndar bankans kemur fram að lánið hafi verið samþykkt á milli funda af Lárusi, Magnúsi Arnari og Rósant Má Torfarsyni. Rósant hefur hins vegar neitað þessu og kveðst hvorki hafa samþykkt lánið né hafa verið á fundinum þar sem þessi fundargerð var smíðuð.

Í ákærinni segir að „engar viðskiptalegar forsendur“ hafi legið að baki láninu, „heldur var lánið veitt að áeggjan og vegna þrýstings frá ákærða Jóni Ásgeiri í krafti yfirráða hans yfir tæplega 40% eignarhlut í Glitni,

í gegnum FL Group hf., honum sjálfum og Fons til hagsbóta en á kostnað bankans.“ Sex milljarðarnir sem lánaðir voru séu að öllu eða langmestu leyti tapaðir.

„Eru sakir ákærðu svo miklar að við broti þeirra liggur allt að sex ára fangelsi,“ segir í lok ákærunnar, sem Ólafur Þór Hauksson undirritar og er dagsett 12. desember. Hún verður þingfest 7. janúar.

Jón Ásgeir Jóhannesson segir í yfirlýsingu sem birtist í Fréttablaðinu á föstudag að Aurum málið sé skáldað sakamál. Hann segir að sakarefni sem á hann séu borin standist ekki skoðun. stigur@frettabladid.is



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Heimilistæki, ljós og símar í miklu úrvali.

STAVANGER Gólfhlampi
Jólaverð: 14.500 kr. stgr.

BOSCH Matvinnsluvél
Jólaverð: 10.900 kr. stgr.

SIEMENS Ryksuga
Jólaverð: 27.900 kr. stgr.

BOSCH Gufustrokkjárn
Jólaverð: 5.500 kr. stgr.

ANTON Rakatæki
Jólaverð: 19.900 kr. stgr.

SIEMENS Kaffivél
Jólaverð: 8.300 kr. stgr.

Verslunin okkar er komin í jólabúning og er sneisafull af glæsilegum vörum. Fjöldi tækja á sérstöku jólaverði. Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup.

SOFÐU VEL UM JÓLIN

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

Rafmagnsrúm
á verði frá
190.049



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

Tvívreið heilsurúm á
verði frá **129.360**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497**

JÓLATILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGUGREINING**

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á Íslandi sem býður uppá legugreiningu

Jólatilboð á arineldstæðum
20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

Opið frá kl 10-19 alla virka daga fram að jólum.

VERSLUNIN
**Rúm
Gott**
ÍSLENSK HEILSURÚM

HÆTTULEGAR GÖNGULEIÐIR



Akandi eiga forgang



MIKLABRAUT Yfir fráreinar á gatnamótum Miklabrautar og Kringlumýrabrautar eru aðeins merktar línur þvert á götuna en engin gangbrautarskilti.



KALKOFNSVEGUR Gangbrautin yfir Kalkofnsveg til móts við Hörpu er ekki rétt merkt, svo þrátt fyrir að gangbrautarkerki séu við götuna eiga gangandi ekki forgang.



SAFAMÝRI Gönguleið yfir Safamýri liggur eftir hraðahindrun þar sem gatan hefur verið þrengd. Þarna er engin gangbraut svo bílarnir eiga réttinn, en þessi hönnun þykir bjóða upp á rugling.



Gangandi eiga forgang



KRINGLUMÝRARBRAUT Réttur gangandi vegfarenda er tryggður með gönguljósum og línun þvert yfir Kringlumýrabraut.



LAUGAVEGUR Varasamt er að leggja gangbraut þvert á tveggja akreina veg. Þrátt fyrir að gangbrautin sé rétt merkt og gangandi eigi réttinn býður þetta hættunni heim.



HAMRAHLÍÐ Rétt merkt gangbraut liggur eftir hraðahindrun yfir Hamrahlíðina. Þverrendur eru yfir götuna og umferðarkerki taka af allan vafa.

Hætta vegna misvísandi merkinga

Hönnun gönguleiða yfir götur er oft ruglingsleg fyrir gangandi vegfarendur og ökumenn þó skýrt sé í lögum hvernig merkja eigi gangbrautir. Mögulega ætti að breyta lögum um merkingarnar. Öryggi gangandi vegfarenda er minnst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum.

Brjánn Jónasson

brjann@frettabladid.is




Misvísandi merkingar á gönguleiðum yfir götur geta valdið misskilningi um hvort ökumaður eða gangandi á réttinn, og þar með aukið slyshættu. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem verkfræðistofan Mannvit vann fyrir Vegagerð Íslands.

Ísland stendur hinum Norðurlöndunum að baki þegar kemur að öryggi gangandi vegfarenda í umferðinni, segir í skýrslunni. Því sé rík ástæða til að skoða nánar hvernig bæta megi öryggi gangandi vegfarenda í umferðinni.

Ríflega 60 prósent slysa þar sem ekið er á gangandi vegfarendur eiga sér stað þegar farið er yfir

Fjöldi atvika sem tengdust gangandi í umferðinni á Íslandi 2007-2011



HEIMILD:UMFERDARSTOFA

götu. Í um þriðjung tilvika verða slysin á merktum gangbrautum.

Samkvæmt lögum eiga gangandi aðeins forgang þegar þeir fara

yfir götu á gangbrautarljósum, á merktri gangbraut, eða þegar bílar beygja þvert á gangandi umferð á vegamótum. Rétt merking á gang-

braut er bæði merkingar í götu, hvítar samhliða línur langsum á vegi (sebrabraut) eða tvær rendur þvert á götuna og gangbrautarkerki báðum megin við götuna.

Mikið misræmi er í merkingum á gönguleiðum yfir götur og ekki alltaf augljóst hver á réttinn. Í sumum tilvikum virðist réttur gangandi skýr við fyrstu sýn, en skortur á merkingum þýðir að réttur þeirra er enginn.

Þetta á til dæmis við þegar gangstéttir eða göngustígar liggja að upphækkun eða þrengingu þar sem eðlilegt er að fara yfir götuna, en engin gangbrautarkerki eru til staðar. Við slíkar aðstæður er skiljanlegt að gangandi haldi að hann eigi forgang, segir í skýrslunni.

Þar segir að einfalt sé að koma í veg fyrir óvissuna með því að merkja gangbrautir rétt, með merkingum í götu og umferðarskiltum.

Í skýrslunni er tekið fram að

stjórnvöld ættu að íhuga að breyta lögum þannig að einu réttu götu-merkingarnar fyrir gangbraut séu sebrabrautirnar, en tvær línur þvert á götuna verði ekki notaðar. Þverlínurnar tvær eru í sumum tilvikum notaðar án gangbrautarkerkis og eru þá sagðar hugsaðar til leiðbeiningar fyrir sjónskerta. Þetta veldur misskilningi sem ætti að koma í veg fyrir að mati skýrsluhöfundar.

Tekið er fram í skýrslunni að sá misskilningur sem hlýst af misræmi í merkingum á gönguleiðum valdi því almennt ekki að bótaréttur gangandi vegfarenda sem verður fyrir bíl skerðist. Skyldu-tryggingar ökutækja bæti slíkt tjón í öllum öðrum tilvikum en þegar ásetningur eða stórkostlegt gáleysi sannist á þann gangandi. Að fara yfir götu á merktri gönguleið sem ekki er rétt merkt gangbraut telst ekki stórkostlegt gáleysi.

GOTT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM


VW Passat 2,0TDi Comfortl.

Árgerð 2012, dísel
Ekinn 28.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:
5.290.000,-

Komdu og skoðuðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Ópið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16



Audi A4 2,0TDi 6 gir
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 38.000 km, beinsk.

Ásett verð:
4.690.000,-



VW Polo Comfort 1,4 AT
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 35.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.390.000,-



VW Jetta 1,9 TDI
Comfortl. Árgerð 2009, dísel
Ekinn 81.500 km, beinsk.

Ásett verð:
2.190.000,-



MM Pajero 3,5 Dakar
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 119.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.790.000,-

JÓLATILBOÐ REKKJUNNAR!



VIÐ HÖFUM FENGIÐ
TAKMARKAÐ MAGN
AF HEILSURÚMUM
FRÁ USA SEM VIÐ
ÆTLUM AÐ SELJA
MEÐ SÉRSTÖKUM
JÓLA-AFSLÆTTI!

LAGERSALA BEINT FRÁ USA

**50%
AFSLÁTTUR**

GREY
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 199.300 kr.
99.650 kr.

GREY
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 302.000 kr.
151.000 kr.

**AÐEINS
20
RÚM!**

WHITE
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 299.900 kr.
149.950 kr.

WHITE
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 398.100 kr.
199.050 kr.

**50%
AFSLÁTTUR**

JÓLATILBOÐ

**Dún- og
fidursæng**

(140x200 cm)
Fullt verð 13.900 kr.

9.730 kr.

JÓLATILBOÐ

Dúnsæng

(140x200 cm)
Fullt verð 28.840 kr.

19.936 kr.

JÓLATILBOÐ

**20-30%
AFSLÁTTUR AF
HEILSUKODDUM**

VERÐ FRÁ 4.550 Kr.

the
sleep
doctor
MICHAEL BREUS
PHD

**EINN SÁ
ALLRA
BESTI!**

JÓLATILBOÐ

**20% AFSLÁTTUR
AF Dr. BREUS
HEILSUKODDUM**

rekkjan

H E I L S U R Ú M



SAMKYNHNEIGDIR MÓTMÆLA VIÐ PÁFAGARÐ Hópur fólks efndi til mótmæla við Páfagarð í gær til að hvetja páfa og kaþólsku kirkjuna til að láta af andstöðu sinni við samkynhneigð. Á mótmælaskiltunum stendur meðal annars „Hommafælni = dauði“ og „Dæmum hommafælni til dauða“.

NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindastofnun verður komið á fót

Unnið er að stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar. Innanríkisráðherra segir það munu gerast snemma næsta árs. Þjóðréttarfræðingur vill steypa nokkrum embættum saman og umboðsmaður Alþingis verði formaður stofnunarinnar.

STJÓRNSÝSLA Sjálfstæðri mannréttindastofnun verður komið á fót snemma næsta árs, en unnið er að því hjá innanríkisráðuneytinu í samræmi við samþykkt Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 1993. Stofnunin á að hafa umboð fyrir öll mannréttindi og vera til fróðleiks en einnig að taka við kærnum.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir verið að vinna í því hvert form slíkrar stofnunar eigi að vera. Miklu máli skipti að stofnunin verði sjálfstæð og óháð stjórnvöldum. Til greina komi að byggja á Mannréttindaskrifstofu en einnig að setja nýja stofnun á laggirnar.

Guðmundur Alfreðsson, sérfræðingur í þjóðarétti, sagði á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að hann hefði viljað sjá ákvæði um slíka stofnun í vinnu stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá. Hann sér annmarka á því að byggja á mannréttindaskrifstofu, enda sé hún samtök félagsamtaka. Ríkið eigi ekki að taka slíka starfsemi yfir.

„Það eiga að vera sjálfstæð félagsamtök í landinu og ef þau vilja reka svona skrifstofu þá eiga þau að reka hana og ríkið á ekki að reka hana.“

Álfheiður Ingadóttir, varafor-

„Mér finnst miklu nærtækara, frekar en að stofna eitt batteríð í viðbót, að þessum umboðsmannaembættum verði steipt saman...“

Guðmundur Alfreðsson, sérfræðingur í þjóðarétti



„Við þurfum að tryggja þetta samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum ef við ætlum að teljast fullgild í hópi mannréttindapjóða, sem við viljum vera.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra



maður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir að sú leið hafi verið farin í Noregi að útvíkka embætti Umboðsmanns Alþingis og gera úr því mannréttindastofnun. Sér hugnist sú leið vel, enda sé embætti hins íslenska umboðsmanns snúið eftir því norska.

Guðmundur segir það vera í samræmi við stefnu stjórnvalda að fækka stofnunum. Að sínu viti sé skynsamlegt að steypa saman umboðsmannaembættum, svo sem Alþingis og barna, og öllum þeim stofnunum sem koma að mannréttindamálum í eina sterka stofnun. Umboðsmaður Alþingis væri í forsvari hennar. „Mér finnst miklu nærtækara, frekar en að stofna eitt batteríð í viðbót, að þessum umboðsmanna-



embættum verði steipt saman og mynduð ein alvöru opinber stofnun.“

Hún á ekki að koma undir innanríkisráðuneytið, því svona stofnun á að vera sjálfstæð, eins og umboðsmaður Alþingis. Þá ætti hún að koma undir Alþingi en ekki undir tilskipunarvald ráðherra.“

Ögmundur segir að gott sé að fá hugmyndir um fyrirkomulag stofnunarinnar, enda hafi ekkert verið ákveðið í þeim efnum. Stofnunin verði til, hvert sem formið verði.

„Þetta verður gert. Við þurfum að tryggja þetta samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum ef við ætlum að teljast fullgild í hópi mannréttindapjóða, sem við viljum vera.“

kolbeinn@frettabladid.is



BMW X5 MODERN LINE = ALLT INNIFALIÐ

Nú bjóðum við BMW X5, í nýrri MODERN LINE útgáfu, hlaðinn aukabúnaði. Nýja útgáfan er t.a.m. með 8 girja sjálfskiptingu, BMW Professional hljómtæki, 18" álfelgum, leðurinnréttingu með rafdrifnum, upphituðum framsætum og minnisstillingum, fjarlægðarskynjurum að framan og aftan, Bluetooth tengibúnaði fyrir síma, Cruise Control, glæsilegum viðarlistum í mælaborði, sjálfdekkjandi baksýnispegli, toppgrindarbogum, málmlit og þægilegu Servotronic léttstýri.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BMW xDrive 30d

6,7 l / 100 km* – CO2 195 g – 7,6 sek. í hundrað


ATHUGIÐ!

Tryggið ykkur nýjan BMW X5 á hagstæðu verði. Breytingar verða á vörugjöldum 1. jan. nk.

Verð frá: 12.580 þús.

BL

*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



Gira reykskynjari Dual/VdS

Tvöfalt öryggi með hitaskynjun og greiningu reykagna

Gira reykskynjarinn Dual/VdS er fyrsti reykskynjarinn til heimilisnota sem notar tvenns konar skynjun og veitir þannig tvöfalt öryggi. Annars vegar greinir hann smáar reykagnir í lofti með ljóstækni og hins vegar nema hitaskynjarar breytingar á hitastigi í rýminu. Hægt er að gera greiningu reykagna óvirka, sem gerir kleift að nota Gira reykskynjarann Dual/VdS með áreiðanlegum hætti í rýmum þar sem vatnsgufa kemur fyrir, svo sem í eldhúsum og baðherbergjum.

Frekari upplýsingar: www.gira.com



PENINGASEDLAR Íslensk stjórnvöld hafa ekki innleitt tilskipun ESB gegn peningabætti að fullu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ESA sendir lokaviðvörðun: Ríkinu hótað dómsmáli

STJÓRNSÝSLA Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur brýnt fyrir íslenskum stjórnvöldum að ljúka við innleiðingu þriðju tilskipunar Evrópusambandsins gegn peningabætti. Verði ekki gerðar viðeigandi ráðstafanir innan tveggja mánaða verður farið með málið fyrir EFTA-dómstólinn. Frestur til að ljúka við innleiðingu tilskipunarinnar rann út í lok árs 2007 en stærstur hluti hennar hefur þegar verið innleiddur hér á landi. Það sem út af stendur er að íslensk stjórnvöld eiga eftir að skipa yfirvöld í þeim tilgangi að hafa eftirlit með fasteignasölum og endurskoðendum með það fyrir augum að fylgjast með grunsamlegum fjármagnsfærslum.

SAMGÖNGUR

Hátún lokað til jóla

Fram til jóla má gera ráð fyrir að Hátún í Reykjavík verður lokað við Laugaveg. Lokunin er vegna framkvæmda við lagningu hjólastíga í borginni. Fram kemur á vef Umferðarstofu að umtalsvert verk sé fyrir höndum og því megi gera ráð fyrir að lokunin standi allan þennan tíma.

Götulýsing mun breytast 2015

Tæplega 30 þúsund lampar lýsa upp götur og lóðir Reykjavíkur. Árið 2015 gengur í gildi bann við kvikasilfurperum og þarf þá að skipta út allt að helmingi götulampa. Líklegt þykir að LED-ljósataekni komi í stað kvikasilfurs.


REYKJAVÍK Kostnaður Reykjavíkurborgar við götulýsingu nam 276 milljónum króna á árinu 2011. Borgin er með um 21 þúsund götuljós í rekstri en alls eru lampar á götum Reykjavíkur tæplega 30 þúsund talsins. Til samanburðar er áætlað að ríflega 86 þúsund lampar séu á landinu öllu.

Dimmasta tímabil ársins er runnið upp og er á þessum árstíma nokkuð álag á starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem sjá um viðhald á ljósum borgarinnar. Stafar það af því að íbúar taka virkan þátt í eftirliti með götulýsingu og eru líklegastir til að tilkynna um bilaða lampa þegar myrkrið er sem mest.

Við slíkum ábendingum er tekið á ábendingavef Reykjavíkurborgar en einnig í gegnum síma-ver. Fyrir utan viðhald er perum í götulömpum skipt út á fjögurra til sex ára fresti eftir tegund.

Eins og áður sagði ber Reykjavíkurborg ábyrgð á stærstum hluta götuljósna í borginni, um 70%. Aðrir stórir rekstraraðilar eru Vegagerðin, sem sér um lýsingu á stofnbrautum, og Faxaflóahafnir sem sjá um lýsingu á hafnarsvæðum. Einnig eru inni í heildartölunni lóðarhafar sem eru með lýsingu á bílastæðum eða einkalóðum.

Nokkru fleiri lampar eru í Reykjavík en ljósastaurar og skýrist það af því að á sumum staurum er fleiri en einn lampi. Þá er einnig að finna lampar í undirgöngum og á pöllum.



Götulýsing í Reykjavík tekur mið af dagsbirtu en á þaki höfuðstöðva OR er að finna ljósnema sem stýrir birtustiginu. Miðað er við 20 lúxa birtustig sem hefur í

för með sér að á 20 daga tímabili yfir hásumarið er ekki kveikt á götuljósum.

Frá þessari reglu er þó vikið í nokkra daga í október og febrúar,

en þá er götulýsing látin loga lengur til að ekki sé slökkt á götuljósum á morgnana þegar börn eru á leið til skóla.

magnusl@frettabladid.is

BRJÁLUB! JÓLATILBOÐ

2 fyrir 1 af reiðhjólum*

mongoose

Crossway 250 / 150

*Gildir aðeins af Mongoose Crossway 250 og 150 og Maxim 12" og 16" barnareiðhjólum á meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum

BOXPÚÐAR OG HANSKAR

25% afsláttur

STÝRISSLEDAR

Hamaxsleðar nú 11.990.-
Verð áður 14.990.-

FREESTYLEHLAUPAHJÓL

Etto Psycho Freestyle hjálmur á
-50% með hlaupahjólum

12" OG 16" BARNAREIÐHJÓL

2 fyrir 1

Faxafeni 7 | www.gap.is

ATH EKKERT MÁL AÐ SKIPTA GREIÐSLUM MEÐ STAÐGREIÐSLULÁNI BORGUNAR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI EF VERSLAÐ FYRIR 75.000.- EÐA MEIRA. ATH.3% LÁNTÖKUGJALD



... úr fyrir harðgerða Íslendinga
Michelsen Arctic Explorer



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909



BORÐSTOFUVEISLA*

NÝ
SENDING
AF BORÐSTOFU
HÚSGÖGNUM



Ekki missa af þessu!



39.990

FULLT VERÐ: 49.990

ASPEN borðstofustóll, krómlappir. Svart leður.



IBIZA borðstofuskápur hvít
olíuborin eik B: 110 D: 40 H: 195

IBIZA borðstofuskápur

183.990

FULLT VERÐ 229.990



LOUISE borðstofustóll
hvít olíuborin eik og svört
leðursessa.

31.990

FULLT VERÐ 39.990

IBIZA borðstofuborð

135.990

FULLT VERÐ 169.990

IBIZA borðstofuborð hvít
olíuborin eik 100x200 cm H:76 cm.
Einnig fáanleg grá olíuborin eik.

IBIZA sófaborð

95.990

FULLT VERÐ 119.990



IBIZA sófaborð hvít olíuborin eik
einnig til grá olíuborin eik
Stærð: 140 x 80 cm H: 52 cm

Svart leður, krómlappir

19.990

FULLT VERÐ 23.990

Hvítlakkaður viður

15.990

FULLT VERÐ 19.990

ANNA BELLA
borðstofustóll



NÚ ER KÁTT
Í HÖLLINNI
OPIÐ ALLA
DAGA TIL
JÓLA



HÚSGAGNAHÖLLIN

Fyrir lifandi heimili



349.990

FULLT VERÐ 399.990

MORRISON borðstofuborð.
B:100 L:200 H:73 cm.
Stækkanlegt í 358 cm með
þremur stækkunum sem fylgja.
Gegnheil sápuþorin eik.
Gæðavara!



249.990

FULLT VERÐ 299.990

CARVING borðstofuborð sápuþorin eik.
190x109 cm H: 74 cm
Tvær stækkanir 240 og 290 cm fylgja



CARVING borðstofuskenkur
hvít olíuþorin eða sápuþorin eik.
B 190 D:49 H:80 cm

239.990

FULLT VERÐ 289.990



VEGGKLUKKA

Þvermál 100 cm Verð KR. 14.990



NÝTT



TANA

Hægindastóll.
Litur: Svartur,
hvítur og rauður



159.990

FULLT VERÐ: 199.990

0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða



Bráðabirgðaákvæði um riftanir að renna út:

Platbjóðfélag

Stjórnvöld hafa sagt slægum ársreikningaskilum og kennitölulakki stríð á hendur. Til stendur að ráðast í róttækar breytingar á starfsumhverfi félaga sem eru með takmarkaða ábyrgð. Starfshópur skilaði um helgina inn tillögum um heimild yfirvalda til að afskrá og slíta félögum, skoða leiðir til að stjórnendur félaga með takmarkaða ábyrgð „axli persónulega ábyrgð“ á þeim, endurskoða stofn-



Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is

skilyrði þeirra og ákvæði um lánveitingar þeirra ef þau standa ekki skil á upplýsingum eða starfa lifandi dauð í lengri tíma. Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðherra, sagði í Fréttablaðinu að það þyrfti „að hreinsa til í þessum einkahlutafélagaskógi.“

Það þarf að ná því fram að hér séu ekki til þúsundir skúffufélaga þar sem engin sérstök starfsemi er í gangi.

Afstaða Steingríms er skiljanleg. Kennitölulakki hefur þótt jafn sjálfsagt í íslenskum atvinnurekstri og malt og appelsín með jóla-steikinni. Hér hafa stór rekstrarfélög líka komist upp með að skila ekki ársreikningum í allt að áratug. Árið 2006 var 1.541 félag í vanskilum með ársreikninga. Árið 2008 var sú tala komin upp í 6.171. Embætti ríkisskattstjóra hefur tekið sér tak á undanföllum árum og gengið harðar fram í baráttu sinni gegn þessu ógagnsæi. Um fimm þúsund félög hafa þó enn ekki skilað inn ársreikningi vegna ársins 2011. Uræði yfirvalda vegna þessa eru hins vegar af skornum skammti.

Í dag er hægt að vísa málum stærri félaga sem ekki skila reikningum til meðferðar hjá skattranssóknarstjóra. Til að teljast stórt félag þarf slíkt þó að uppfylla tvenn af þrennum stærðarmörkum: að eiga eignir sem nema meira en 300 milljónum króna, vera með rekstrartekjur sem eru meiri en 600 milljónir króna eða vera með yfir 50 starfsmenn. Langflest einkahlutafélög á Íslandi eru stofnuð utan um eignausýslu. Þau hafa hvorki rekstrartekjur né marga starfsmenn. Einu víðurlögin sem hægt er að beita slík félög eru 250-500 þúsund króna sekt árlega.

Óhætt er að fullyrða að margir eigendur þeirra kjósi frekar að borga sektina en að skila inn ársreikningum, enda hafa þeir mikla fjárhagslega hagsmuni af slíkum feluleik. Mörg einkahlutafélög eru enn starfandi þrátt fyrir að hafa skuldað milljarða en vera eignalítill eða -laus. Og nú fer að stytast í að þau séu sloppin.

Bráðabirgðaákvæði um riftanir var nefnilega sett inn í lög um gjaldþrotaskipti eftir hrun, sem lengdi hefðbundinn riftunarfrest úr tveimur árum eftir frestdag í fjögur ár. Það ákvæði rennur út í lok þessa mánaðar. Þau félög sem náðu að „þrauka“ án þess að fara í þrot, en færðu til eignir á árunum 2008, 2009 og 2010, eru því í vari með þá gerninga verði bráðabirgðaákvæðið ekki endurnýjað.

Til framtíðar þarf að loka þessum leiðum ef taka á Ísland alvarlega. Hagsmunasamtök atvinnu- og viðskiptalífs eru að átta sig á því og styðja auknar heimildir skattayfirvalda til aðgerða og eftirlits. Í Fréttablaðinu á þriðjudag sagði Skúli Jónsson, sviðstjóri skráasviðs Ríkisskattstjóra, að viðhorfsbreytingin hefði komið í kjölfar þess að „innan viðskiptalífsins áttuðu menn sig á því að þeir voru ekki að fá greiðslutryggingar erlendis þar sem lítið var á Ísland sem einhvers konar platbjóðfélag“. Ljóst er að margir Íslendingar deila skoðun hinna erlendu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ein ræða varð að tíu árum

Þá er komið í ljós hver var tilgangurinn með fyrirspurn Sigríðar Andersen, varþingmanns Sjálfstæðisflokksins, um hvaða prestar hefðu annast þær messur sem útvarpað hefur verið á sunnudagsmorgnum á Ríkisútvarpinu síðustu tíu árin. Hún hefur nú upplýst að tilefnið hafi verið síðasta útvarpsmessan fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá, en Örn Bárður Jónsson, sem sat í stjórnlagaráði, messaði þá í útvarpinu. Þetta verður að teljast lengsta og krækilóttasta fjallabakleið að skýrt afmarkaðri athugasemd sem lengi hefur

sést. Fyrst Sigríður hafði eitthvað við boðskap klerksins í umræddri messu, sem var haldin 14. október 2012, að athuga var þá ekki nær að koma þeim einfaldlega á framfæri, frekar en að spyrja út í messur frá 2002?


Verkefni fyrir ríkisstarfsmenn

Sigríður er lítill aðdáandi ríkisvaldsins og hefur oft og tíðum tjáð þá skoðun sína að fækka eigi verkefnum þess til muna. Með fyrirspurninni tókst henni þó að fjölga verkefnum ríkisvaldsins, þó í litlu væri reyndar. Starfsmenn Ríkisútvarpsins, mennta- og menningar-

málaráðuneytisins og Alþingis komu allir að svari um fyrirspurninni sem snerist um einnar klukkutíma messu, en laut að tíu árum.

Vegtyllusafnari

Björt framtíð hefur nú tilkynnt um að efsta sæti lista flokksins í Reykjavík norður skipi Björt. Ólafsdóttir reyndar. Í öðru sæti verður Heiða Kristín Helgadóttir, en hún ber titil sem bragð er að: stjórnarformaður Bjartrar framtíðar og framkvæmdastjóri Besta flokksins. Þeir eru ekki margir hafa jafn veigamiklar vegtyllur í tveimur stjórnarmálaflokkum í einu. kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

Heilsulausnir henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Hefst 21. janúar.

Kynningarfundur fimmtud. 10. janúar kl. 17:30.

Allir velkomnir

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Sátt um stjórnarskrárbreytingu?

NÝ STJÓRNARSKRÁ



Ágúst Þór Árnason formaður laga-deildar HA



Skúli Magnússon dósent við laga-deild HÍ

Í beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um álit Feneyjanefndarinnar á frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár felst í raun viðurkenning á því að fagleg heildarúttekt á tillögum Stjórnlagaráðs sé forsenda frekara framhalds málsins. Þessi viðurkenning kemur hins vegar ekki aðeins seint heldur skortir einnig á að Íslendingar hafi unnið nauðsynlega heimavinnu svo að nefndin geti komið að málinu með markvissum og uppbyggilegum hætti. Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin bendir því margt til þess að stjórnarskrármálið haldi áfram að flækjast fyrir mönnum, e.t.v. þannig að það dagi uppi á yfirstandandi þingi. Niðurstaða þess endurskoðunarferlis sem hafið var 2010 yrði þá sú að engar breytingar væru gerðar á stjórnarskrá lýðveldisins. Þetta teljum við miður.

Við höfum áður lýst þeirri skoðun okkar að um ákveðnar breytingar á stjórnarskránni sé fyrir hendi breið samstaða, a.m.k. með tilliti til grunnmarkmiða og efnisatriða. Hér má einkum nefna náttúruvernd og auðlindanýtingu, þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu almennings, stjórnarskrárbreytingar, framsal valds til alþjóðastofnana í þágu friðar og alþjóðasamvinnu og styrkingu á stöðu og eftirlitsvaldi Alþingis. Síðastliðið sumar kynntum við hugmynd í frumvarpsformi sem byggist

→ Þessar væntingar fá hljómgrunn í fræðilegri umfjöllun um stjórnskipunarmál.

á þessum grundvelli (sjá stjornskipun.is). Ekki fer á milli mála að það er hlutverk Alþingis að hlúa að stjórnskipun landsins og gera þær breytingar á stjórnarskránni sem teljast nauðsynlegar. Alþingi hefur legið undir á mæli um að hafa sinnt þessu hlutverki slæga á undanföllum áratugum og er sú gagnrýni ekki alveg úr lausu lofti gripin. Að okkar mati er ljóst að í samfélaginu eru nú útbreiddar væntingar til þess að ákveðin endurskoðun fari fram á stjórnarskránni. Þessar væntingar fá hljómgrunn í fræðilegri umfjöllun um stjórnskipunarmál.

Það hlýtur því að teljast brýnt verkefni stjórnmalamanna að bregðast við þannig að ljóst sé að Alþingi standi undir ábyrgð sinni sem stjórnarskrárgjafi. Í því felst að kanna ber þann grundvöll til sátta sem allt bendir til að sé fyrir hendi um ýmis atriði. Þótt slíka vinnu mætti kenna við „lágmarksbreytingu“ (samanborið við hina nýju stjórnarskrá Stjórnlagaráðs) gæti hér allt að einu verið um að ræða umfangsmestu breytingu á íslenskri stjórnarskrá frá upphafi.

Sjálfsöfnæmi þingræðisins

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Málþóf: Þá tekur einhver til máls um tiltekið atriði en er í raun og veru ekkert að tala um það; þykist bara tala um það. Þykist í rauninni bara tala. Opnar munninn og lætur orð streyma út um hann, en þau eru ekki um neitt, ekki í neinu samhengi, ekki til þess að bera fram merkingu, hugsjónir, sýn heldur þvert á móti bara froða. Viðkomandi gæti allt eins staðið á fætur, gengið í ræðustól og sagt: Virðulegi forseti. Banani banani banani.

Þess vegna eru umræður á Alþingi um þessar mundir eins og skrifaðar af Samuel Beckett.

Fulltrúalýðræði

Fulltrúalýðræði er það fyrirkomulag að ég, kjósendinn, framsel það vald sem ég hef með atkvæði mínu í hendur tilteknum aðilum sem ég treysti betur en öðrum til að fara með það. Alþingismenn eru trúnaðarmenn fólksins, sérstaklega valdir af því, og þurfa að svara fyrir gerðir sínar gagnvart því. Þeir skipa sér í flokka eftir lífssýn og hagsmunagæslu fyrir ólíka hópa samfélagsins. Ég fel tilteknum einstaklingum í tilteknum flokki það mikla heiðurs- og trúnaðarstarf að setja sig inn í flókin og erfið úrlausnarefni fyrir mína hönd og taka eftir slíka rannsókn ákvarðanir um lausn þeirra þar

sem hafðar eru að leiðarljósi þær hugsjónir sem við deilum, ég og flokkurinn, hvort sem þær snúast um jöfnuð og réttlæti, hagvöxt og atvinnusköpun, einstaklingsframtak og auðsöfnun, landsbyggðarlíf eða kaupstaðatilveru. Þingmennska er sérfræðistarf sem þarf að setja sig inn í og læra. Til að sinna henni vel þarf sérstaka hæfileika og tiltekna þekkingu – og tíma til að afla sér þess.

Utan þings strita nokkrir menn af veikum mætti við að reyna að leiða fólki fyrir sjónir ágæti fulltrúalýðræðisins en á meðan keppast hinir kjörnu fulltrúar á þingi við að færa okkur heim sanninn um að þetta fyrirkomulag sé eiginlega alveg ómögulegt. Í öllum málum, stórum jafnt sem smáum, beita þeir vopninu ógurlega: málþófi. Þeir koma upp hver á fætur öðrum og segja: banani banani banani. Þeir geta ekki hætt málþófinu. Meira að segja fyrirspurnir þingmanna eru teknar að líkjast málþófi grunsamlega mikið: Sigríður Andersen er ósammála einhverju sem séra Örn Bárður sagði í útvarpspredikun. Skrifar hún blaðagrein? Nei, hún ber upp fyrirspurn á Alþingi um allar sunnudagamessur í útvarpinu á tilteknu árabili sem þarf að safna með ærinni fyrirhöfn, þó að vandséð sé hver eigi nákvæmlega að svara fyrir málið: kannski Guð almáttugur?

Málþóf nær og fjær

Við venjumst öllu – einkum ósiðum. Og nú er svo komið að okkur finnst að svona sé þetta bara: eðlilegt sé að dögum og vikum saman skundi fólk samkvæmt fyrir fram gerðu Excel-

... eðlilegt sé að dögum og vikum saman skundi fólk samkvæmt fyrir fram gerðu Excel-skjali í sjálfan ræðustól Alþingis beinlínis þeirra erinda að tala án þess að segja neitt; þetta sé jafnvel eðlilegur fylgífiskur lýðræðisins.

skjali í sjálfan ræðustól Alþingis beinlínis þeirra erinda að tala án þess að segja neitt; þetta sé jafnvel eðlilegur fylgífiskur lýðræðisins.

En þetta er ekki eðlilegt framferði. Ímyndum okkur að einhverjir fjölskyldumeðlimir færu til dæmis að halda uppi málþófi í jólaboði; leyfðu engum að fá sér mat eða taka til máls en krefðust þess að allir hlustuðu á meðan þeir settu á langar ræður um ekki neitt, og spyrdum hver annan innvirðulega hvort þeir væru ekki sammála sér um einmitt það. Hugsum okkur að flugstjóri í aðflugi kæmi í hátalarakerfið – this is your captain speaking – og svo færi hann bara allt í einu að halda uppi málþófi. Eða kennara í miðri útskýringu á Pýþagórasarreglunni. Eða klippara sem myndi bara allt í einu hætta einhvers staðar í hnakk-anum og færi að beita mig málþófi. Og svo framvegis. Málþóf er verkfallsaðgerð. Málþóf er kart-afla í skó lýðræðisþyrstrar þjóðar. Málþóf er spánarsnigill í jarðvegi þjóðfélagsmæðunnar.

Málþóf er eins og fótboltaíð sem aldrei sækir en sendir boltann

bara á milli sín í vörninni – mjög hægt og leiðinlega – og gætir þess að hitt liðið nái honum ekki. Það er eins og maður á vinnustað sem stendur á miðjum ganginum æpandi og hleypir fólki ekki að borðunum sínum til að fara að vinna. Það er eins og smiður sem rakkar timbrinu aftur og aftur í stað þess að byrja smíðarnar. Við myndum halda að hann gengi kannski ekki heill til skógar og reyna að leiða honum nærfærnislega fyrir sjónir að hann ætti kannski að athuga sinn gang. En þegar vakin er athygli á því að Illugi Gunnarsson er farinn að halda uppi málþófi um sjálf fjárlög íslenska ríkisins beinist gjörvöll vandlæting samfélagsins (og hún er ekki lítil um þessar mundir) að þeim sem voguðu sér að vekja athygli á athæfinu. Jafnvel þótt allir viti af málþófinu. Og meira að segja þótt hann viti að allir viti af málþófinu.

Málþóf er sjálfsöfnæmi þingræðisins. Þar sýnir þetta fyrirkomulag sínar verstu hliðar, þegar minnihluti misnotar hið forna og göfuga samskiptaform – sjálfa ræðuna í ræðustól – til þess að koma í veg fyrir framgang mála sem meirihluti hefur umboð frá kjósendum til að sinna. Kominn er tími til að allir flokkar sammælist um að stöðva þennan ósöma, og gildir þá einu hverjir stjórna hverju sinni. Þetta er vanhelgun á virðulegasta ræðustól landsins, vanbrúkun á virðulegasta kapp-ræðuvettvangi þjóðarinnar, vanvirðing við okkur kjósendur sem trúum þingmönnum fyrir þessu vandmeðfarna valdi en kusum þá ekki til að fara upp í ræðustól og segja: banani banani banani.

AF NETINU

Að opna landamæri

Sænski miðjuflokkurinn íhugar nú alvarlega möguleikana á að opna fyrir frjálsan innflutning fólks til Svíþjóðar. Ástæðurnar eru annars vegar þörf á vinnuafli í greinum sem Svíar sýna almennt lítinn áhuga og hins vegar hætta á því að byggð leggist af á stórum svæðum. Þeir Íslendingar sem hafa áhyggjur af landsbyggðarflótta ættu kannski að skoða þennan möguleika líka.

blog.pressa.is/evahauks

Eva Hauksdóttir

Rammaáætlun og tækifærissinnarnir í VG

Nú þegar niðurstaða Rammaáætlunar liggur loks fyrir ætlumst við til að farið sé að niðurstöðum hennar og skammtímahugsun og tækifærismennsku stjórnámalanna vikið til hliðar. Sé lítið til alls þessa er harla einkennilegt og reyndar mótsagnakennt þegar einhver hópur stígur nú fram og vill rifta niðurstöðu Rammaáætlunar, segist tala fyrir náttúruverndarsinna og hefur í hótunum við launamenn og samtök þeirra.

Þessi hópur vill ekki sleppa fyrir möguleikum til brellubragða og því fer fjarri að þetta fólk tali fyrir alla náttúruverndarsinna. Þessi hópur vinnur gegn náttúruvernd og þar fara fremst nokkrir þingmenn og ráðherrar VG. Það liggur fyrir að það þarf að virkja á Íslandi. Það eru ákveðin svæði sem eru betur til þess fallin en önnur. Það er ekki þar með sagt að það þurfi að virkja öll þessi svæði nú þegar.

gudmundur.eyjan.is

Guðmundur Gunnarsson

Ísland getur betur

Íslendingar losa 0,01% af gróðurhúsalofttegundum á heimsvísu. Við munum vart leysa loftslagsvandann ein, enda er víðurkennt í loftslagssamningi SP að það verði aðeins gert í samvinnu ríkja heims. Við getum heldur ekki hlaupist undan merkjum, því krafa er gerð í samningnum um að öll ríki vinni að takmörkun losunar eftir getu og efna-hag. Auðugt ríki eins og Ísland á að leggja sitt af mörkum.

Við Íslendingar stöndum okkur bærilega í loftslagsmálum, sam-

LOFTSLAG



Svandís Svavarsdóttir
umhverfis- og
auðlindaráðherra

kvæmt nýlegri úttekt evrópskra umhverfisverndarsamtaka, sem segja Ísland vera í 14. sæti af þeim 58 löndum sem skoðuð voru. Slík tölfræði er ekki nákvæm vísindi – hins vegar má spyrja hvort Ísland hafi ekki fersundur til að taka sæti ofar í samanburðinum. Ísland býr við góða ímynd á mörgum sviðum umhverfismála, en við eigum að hafa metnað til að vera í fremstu röð. Græn ímynd er góð fyrir fyrirtæki og ferðaþjónustu. Heilbriggt umhverfi þýðir aukin lífsgæði.

Vandinn kallar á nýsköpun

Loftslagsvandinn kallar á nýsköpun og þar liggja tækifæri fyrir rannsóknir, nýsköpun og atvinnulíf.

Íslendingar kunna vel að nýta jarðhita og hafa lengi deilt þeirri þekkingu í gegnum Jarðhitaskóla SP. Nú stendur fyrir dyrum stærsta þróunarverkefni sem Íslendingar hafa tekið þátt í, sem miðar að leit og nýtingu jarðvarma í Austur-Afríku. Ýmis fyrirtæki vinna að loftslagsvænni tækni og má þar nefna Marorku, sem býður lausnir til að draga úr mengun frá skipum. Sveitarfélög vinna metangas úr

urðunarstöðum og nýta á farartæki. Skógrækt og landgræðsla binda kolefni úr andrúmslofti í gróðri og jarðvegi.

Í fremstu röð

Vistvænni lífsstíll er annar mikilvægur þáttur. Losun frá samgöngum er óvitað meiri á mann en á Íslandi. Bílaflotinn er stór og orkufrekur og byggð í þéttbýli er jafnan mjög dreifð yfir stórt svæði. Skipulag þarf að taka mið af umhverfissjónarmiðum því ferðavenjur geta skipt sköpum. Við getum notast við sparneytnari bíla, notað almenningssamgöngur meira

→ Heilbriggt umhverfi þýðir aukin lífsgæði. Loftslagsvandinn kallar á nýsköpun og þar liggja tækifæri fyrir rannsóknir, nýsköpun og atvinnulíf.

og gengið og hjólað; allt stuðlar þetta að minni losun. Stjórnvöld bera meginþunga ábyrgðarinnar og setja rammann um aðgerðir í loftslagsmálum. Við getum hins vegar lagt okkar af mörkum hvert og eitt. Ísland getur og á að vera í fremstu röð í baráttunni gegn loftslagsvánni.



GLÆSILEG GJÖF FYLGIR FRAMTÍÐARREIKNINGI

Við stofnun eða innlögna á Framtíðarreikning barns að upphæð 5.000 kr. eða meira fylgir Stóra Disney heimilisréttabókin með*.

Tilvalin jólagjöf sem vex með barninu. Komdu við í næsta útibúi Arion banka.

Framtíðarreikningur — gjöf til framtíðar

Arion banki

Ramminn er málamiðlun

Í svonefndri Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða fá ekki allir allt sem þeir vilja.

Stundum er sagt um málamiðlanir að þær geri alla álíka óánægða og því sé skynsamlegra að velja milli sjónarmiða. Nokkuð er til í því – en í jafn stóru máli og þessu getur ekki hjá því farið að reynt sé að teygja sig í átt til ólíkra sjónarmiða. Hér hefur það verið gert.

Rammaáætlun á að tryggja að nýting landsvæða með virkjunarkostum byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati með sjálfbærni að leiðarljósi. Henni er ætlað að taka tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Slík áætlun skal lögð fram á Alþingi á fjögurra ára fresti hið minnsta.

Virkjunarsinnar eru ekki allskostar ánægðir með þann ramma sem nú liggur fyrir. Þeir telja að meira hefði mátt virkja. Þeir tala um atvinnuuppbyggingu, telja störf og peningaleg verðmæti. Þeir líta á fossandi vatn og sjá þar ónýttan möguleika sem rennur í tilgangleysi til sjávar.

Verndunarsinninn dáist að fallandi fossi. Hann sér þar líka mikla möguleika, en allt annars konar. Hann upplifir fegurð, finnur kraftinn frá vatnsaflinu og óskar þess innra með sér að fleiri fái að njóta: Börnin og barnabörnin til dæmis. Báðir hafa nokkuð til síns máls.

Vaknandi vitund

En á það að vera sjálfgefið að virkja allt sem virkjanlegt er, bara af því það er hægt? Er ásætlanlegt að virkja náttúruauðlindir – spilla þar með umhverfi – ef við þurfum ekki orkuna? Er atvinnuuppbygging réttlætun?

RAMMAÁÆTLUN



Ólína Þorvarðardóttir varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

ástæða virkjunarframkvæmda, eins og sumir hafa haldið fram? Væri ekki nær að spyrja sig: Hversu lítið kemst ég af með? Hvað get ég komist hjá að virkja mikið?

Í nýju náttúruauðlindaákvæði í frumvarpi að breyttri stjórnarskrá er í fyrsta skipti fjallað um náttúruna sjálfrar hennar vegna, sem undirstöðu lífs í landinu sem öllum ber að virða og vernda.

Þar er í fyrsta skipti sagt berum orðum í texta sem hefur lagagildi að öllum skuli með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómengduðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruninjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Þar er kveðið á um að nýtingu náttúrugæða skuli þannig hagað að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.

Þetta mikilvæga ákvæði er til vitnis um vaknandi vitund og virðingu fyrir umhverfinu, móður jörð. Í því er horft frá öðrum sjónarhóli en þeim sem hingað til hefur verið svo mikils ráðandi í umræðunni um nýtingu náttúrugæða.

Íslensk náttúra er ekki aðeins uppspretta ljóss og varma, hún er líka uppspretta lífsafkomu og fæðuframboðs. Hún er uppspretta upplifunar. Ekki síst er hún uppspretta ódauðlegrar listsköpunar sem við þekkjum af ljóðum þjóðskáldanna og af ondvegisverkum myndlistarinnar.

Skynsamleg nýting

Það er ekki sjálfgefið að virkja allt, bara af því það er hægt. Náttúran á sinn tilverur og óbornar kynslóðir eiga sitt tilkall til þess að koma að ákvörðunum um nýtingu og vernd náttúrugæða. Orðið „nýtingarvernd“ gæti jafnvel átt

→ Íslensk náttúra er ekki aðeins uppspretta ljóss og varma, hún er líka uppspretta lífsafkomu og fæðuframboðs. Hún er uppspretta upplifunar.

hér við, því verndun getur verið viss tegund nýtingar og atvinnusköpunar. Nærtækt er að benda á ferðaþjónustuna, en ég vil líka minna á þá mikilvægu hreinleikaímynd sem íslensk fyrirtæki, ekki síst matvælafrirtæki, þurfa mjög á að halda.

Sú rammaáætlun sem nú liggur fyrir mætir andstæðum viðhorfum af þeirri hófsemi sem vænta má þegar mikið er í húfi og skoðanir skiptar. Hún gerir ráð fyrir skynsamlegri nýtingu en virðir um leið mikilvægi náttúrugæðanna. Hér er tekið visst tillit til óskertra svæða – þótt óneitanlega hljóti einhverjum að finnast sem lengra hefði mátt ganga í því efni.

Á hinn bóginn hefur fjöldi landsvæða – sem að óbreyttu lægju undir sem virkjunarkostir – verið komið í skjól í þessari áætlun: Jökulsá á Fjöllum, Markarfljóti, Hengilsvæðinu, Geysissvæðinu, Kerlingarfjöllum, Hvítá í Árnessýslu og Gjástykk. Öðrum kostum hefur verið skipað í biðflokk þar sem þau biða frekari rannsókna eða annarra átekt. Við fjölgun kosta í biðflokki er fylgt þeim sjálfsögðu varúðarviðmiðum sem eru meginsjónarmið alls umhverfisréttar og við Íslendingar höfum með alþjóðlegum samningum skuldbundið okkur til þess að fylgja.

Hér hefur faglegum aðferðum verið fylgt, að svo miklu leyti sem hægt er, þegar mannshönd og mannhugur eru annars vegar. Hér hafa ekki allir fengið það sem þeir vildu. En þessi málamiðlun er skynsamleg að teknu tilliti til þess hversu andstæð sjónarmiðin eru í jafn vandmeðförn máli.

Barnamiðuð nálgun í barnaverndarstarfi

BARNAVERND



Anni G. Haugen



María Gunnarsdóttir f.h. Fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd

→ Fræðimenn hafa einnig bent á að sjónarhorn barna er oft og tíðum annað en sýn hinna fullorönu.

sem skilnað foreldra eða ofbeldi. Þegar börnin sjálf eru spurð kemur hins vegar í ljós að þau vilja taka þátt, þau vilja að á þau sé hlustað, að rætt sé við þau um þær erfiðu aðstæður sem þau kunna að vera í. Fagfólk talar stundum um að hlífa eigi börnum við slíkum samfélum en þeim finnst þau ekki erfið, enda er þá verið að ræða um þeirra raunveruleika og upplifun á aðstæðunum.

Barnamiðuð nálgun er viðurkennd vinnuáferð félagsráðgjafa í barnavernd þar sem þátttaka barna er höfð að leiðarljósi og þungamiðja starfsins. Lögð er áhersla á að bæði börnin og foreldrar þeirra komi fram með sjónarmið sín og þau virkjuð til að finna viðeigandi lausnir á þeim vanda sem fjölskyldan stendur frammi fyrir. Með þessu er verið að viðurkenna barnið sem sjálfstæðan einstakling með eigin þarfir sem ber að virða og hlusta á.

Ýmsar vísbendingar eru nú um aukna áherslu á barnamiðuðri nálgun í starfi félagsráðgjafa í barnavernd. Eins og aðstæður eru í dag er vinnuálag barnaverndarstarfsmanna mjög mikið. Árið 2011 barst barnaverndarnefndum landsins 8.680 tilkynningar. Ef haft er í huga að starfsmenn nefndanna á landinu öllu voru 116 er ljóst að vinnuálag er mikið og að erfitt getur verið að vinna út frá kröfum samtímans er varða þátttöku barna. Mikilvægt er að styrkja þetta vinnuálag en til þess að það verði hægt er nauðsynlegt að skapa barnaverndarstarfsmönnum auknið svigrúm, tíma, aðstæður og þannig mæta réttindum og óskum barna um þátttöku.

Hér á landi búum við við þau forréttindi að vera með gott barnaverndarstarfi sem er ætlað að styðja fjölskyldur og hlúa að börnum sem búa við vanrækslu eða ofbeldi. Barnaverndarstarfið er viðkvæmt og stundum flókið þar sem ætíð er um að ræða viðkvæm mál sem varða börn, foreldra þeirra og stundum aðra ættingja.

Á undanförunum árum hefur verið lögð æ meiri áhersla á að virkja börnin til þátttöku þegar mál þeirra er komið til kasta barnaverndarnefnda. Þessi stefna er í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans og barnaverndarlaganna þar sem skýrt er kveðið á um rétt barna til þátttöku í ákvörðunum og málum sem varða þau sjálf. Fræðimenn hafa einnig bent á að sjónarhorn barna er oft og tíðum annað en sýn hinna fullorönu. Hér er ekki átt við að börnin eigi að taka allar ákvarðanir í sínu lífi heldur að þau fái tækifæri til að segja sína hlið á málinu og að hlustað sé á þær hugmyndir sem þau hafa fram að færa.

Vilja taka þátt

Rannsóknir á þátttöku barna í barnaverndarmálum benda til að nokkuð skorti á að þau fái að taka þátt og að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að almennt er lítið talað við börn sem búa við erfiðar aðstæður svo

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN

Ljúffeng lambafilla

Í AUSTRÆNNI KRYDDKÁPU MEÐ GRILLUÐUM ÁVÖXTUM OG GRÆNMETI

FYRIR 8 MANN

4 lambafillur (fille), ½ á mann

Myntusósa

1ds grísk jógurt
1 búnt fersk mynta
1 msk kúmen (helst úr Viðey)
Maukið allt saman í matvinnsluvél

Kryddkápa

100 g raspur úr kryddbrauði
rifinn börkur af lime
hnífsoddur af: engifer, kanil,
negul og kóríander
Blandið öllu vel saman

Heitfengt meðlæti

1 vatnsmelóna, 1 ananas
1-2 mangó, 1,2 kg sætar kartöflur

Engiferolía

100 g ferskt engifer
500 ml ólífuolía

Brúnið kjötið fyrst í smjöri á pönnu á hverri hlið og steikið síðan í ofni við 180°C í 2 mín. Takið það út og hvílið í 10 mín. Endurtakið og snúið kjötinu þannig að það steikist 3x2 mín. alls með 10 mín. hvílu á milli. Ef um mjög stóra fillu er að ræða, setjið þá 4 sinnum í ofninn. Sniðugt að matbúa fyrr um daginn. Steikin ætti að vera meðalsteikt eða bleik í gegn. Hafið kjötið við stofuhita og grillið það í lokin á vel heitu grilli. Fáum rendur á allar hliðar og grillbragð, aðalatriðið er að það hitni vel í gegn.

Brytjið engifer í pott með allri oliunni, látið malla í 30 mín. og kælið. Best að matbúa deginum áður og eiga þessa góðu engiferolíu í kæli.

Brytjið ávexti og grænmeti hæfilega niður, veltið upp úr engiferolíunni og grillið. Í lokin er einni hliðinni á kjötinu dýft í jógurtsósuna og svo í kryddhjúpinn.

Kjötið skorið í ferninga og raðað uppá tein með grilluðum ávöxtum og grænmeti og borið fram með myntusósu – ljúffengt og spennandi.

LAMBAKJOT.IS



Samsung SMART LED TV 8 serían + GALAXY Tab 2 7.0
WiFi - tilboð 2012

SAMSUNG



JÓLATILBOÐ

Samsung SMART LED TV 8 serían + GALAXY Tab 2 7.0 WiFi

SAMSUNG SETRIÐ

Síðumúla 9 · Reykjavík · Sími 530 2900 · samsungsetrid.is

Samsung
SMART TV
The Future of Smart TV, Now

Þjónusta við Alzheimersjúklinga

Það að vera aðstandandi sjúklings með heilabilun er ekki hlutverk sem maður undirbýr sig undir. Það virðist einhvern veginn hafa læðst upp að okkur og allt í einu höfum við þetta óumbeðna stóra hlutverk á okkar herðum. Það eru til mörg afbrigði af heilabilun og trúlega eru engir tveir sjúklingar eins þótt allir hafi



Brynja Dadda Sverrisdóttir aðstandandi

einhver grunneinkenni sem vísa okkur veginn. Þetta hefur ekki verið auðrataður vegur en við systkinin höfum verið að fikra okkur eftir honum undanfarin ár. Nú eru liðin nokkur ár síðan faðir okkar fór að sýna einkenni sem í fyrstu flokkuðust undir ellihörnun en síðar kom í ljós að voru fyrstu einkenni Lewy Body Disease, sem á skyldleika að rekja til Parkinsons og Alzheimer.

Eftir fyrstu greiningu kemur aðlögunartími aðstandenda, afneitun og reiði og öll önnur stig sorgarinnar. Þetta er nefnilega eins og sorgarferli. Pabbi okkar eins og við þekkjum hann hefur breyst mikið og er alltaf að tynast meira inn í þennan heim sjúkdómsins. Við þurfum að læra heilmargt um sjúkdóminn og þennan nýja einstakling sem kemur þarna í ljós. Á þessu lærdómsferli okkar höfum við notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem rutt hafa brautina og erum við óendanlega þakklát fyrir þá hjálp. Ber þar fyrst að nefna Minnismóttökuna á Landakoti en þar er samankomin mikil víska og reynsla í frábæru starfsfólki sem vinnur við þröngan kost. Þangað leituðum við eftir ábendingu og tilvísun frá heimilislækni föður okkar sem hefur einnig stutt okkur vel. Á Landakoti fengum við okkar fyrstu kennslustundir og

HEILBRIGÐISMÁL ábendingar um heimalærdóm. Þetta er nefnilega mikið heimalærdómur, við verðum að vera dugleg að finna okkur upplýsingar sjálf og miðla okkar á milli.

Dagþjálfun

En í þessu sjúkdómsferli pabba okkar í dag er eitt atriði sem, að okkar mati, hefur alveg bjargað okkur. Það er Drafnarhús í Hafnarfirði, dagþjálfun sem Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga rekur, FAAS. Nú eru nokkrir mánuðir síðan hann fékk þar pláss og þótt fyrstu dagarnir á undan hafi verið erfiðir og reynt vel á þólrifin er hann oftast ljómandi glaður og ánægður að mæta í „vinnuna“ á hverjum degi. Og allir hinir ná að hvílast, ekki síst móðir okkar sem borið hefur hitann og þungann af þessu ferli. Það að hann er glaður segir okkur að sjálfsgöðu að honum líður vel þarna og því líkur léttir sem það er fyrir aðstandendur að hafa þetta öryggi. Við getum ekki hugsað þá hugsun til enda hvar við værum í dag ef ekki hefði komið til þetta dásamlega hús með þessu frábæra, rólega, hlýja fólki sem þarna er að vinna mikið hugsjónastarf.

Það er erfiðt fyrir okkur, sem stöndum heilbrigð á hliðarlínunni, að setja okkur inn í heim þess heilabílaða. Við vitum ekkert hvernig hugsun og skynjun er hjá svona veikum einstaklingi. Við skiljum ekki hvernig engin rök-hugsun kemur út eða fer inn, að okkar mati. Því er ákaflega mikilvægt að viðmót fólks til sjúklinganna breytist ekki. Þótt okkur finnist oft faðir okkar sýna þroska á við 5 ára barn á hann enn skilið að við komum fram við hann af virðingu og sýnum þolinmæði.

→ Við vitum ekkert hvernig hugsun og skynjun er hjá svona veikum einstaklingi. Við skiljum ekki hvernig engin rök-hugsun kemur út eða fer inn, að okkar mati. Því er ákaflega mikilvægt að viðmót fólks til sjúklinganna breytist ekki.

Starfsfólk Drafnarhúss á nóg af þolinmæði, hlýju og tíma, það er aðáunarvert og okkur hinum til fyrirmyndar.

Heima er best

Stefna heilbrigðisyrvalda í dag er að allir séu heima sem lengst og í samræmi við þá stefnu hefur heimahjúkrun verið efl. Samstarf á milli ríkis og sveitafélaga hefur verið samræmt og þar fléttast inn ýmis þjónusta eins og matarsendingar, akstur og aðstoð við ræstingu og önnur umönnun. Þetta er alveg góðra gilda vert ef þjónustan stendur undir því. Við hljótum flest að geta verið sammála um að heima er best og sjálfstæði er okkur mikilvægt. Að sama skapi er gott að vita af því að þjónustan er til staðar ef á þarf að halda.

Það gefur augaleið að starfsemi eins og þessi er aldrei rekin með peningalegum hagnaði og það er ekki hægt að sýna fram á „jákvæðar tölur“ á blaði. En hagnadurinn mælist í þjónustunni sem er rekin þarna og ánægju vistmanna og fjölskyldna þeirra, það verða því miður aldrei tölur á blaði. Þessar línur eru settar á blað til að reyna að sanna fyrir ykkur að sá hagnaður er svo rosalega dýrmætur að við megum undir engum kringumstæðum tapa honum.

Andvíg fjölskylduvænna samfélagi

Fyrir skömmu kom fram fín tillaga á Alþingi. Ef tillagan yrði að lögum myndi það þýða að ef jóladag bæri upp um helgi myndi vinnandi fólk fá frídag næsta virka dag á eftir (sama gildir um annan í jólum, nýársdag, 17. júní og 1. maí).



Guðmundur D. Haraldsson BS í sálfræði og meðlimur í Lýðræðisfélaginu Öldu

Tillagan er viðleitni til þess að gera fólki kleift að njóta t.d. jólanna betur, með því að eiga aðeins lengra frí. Tillagan er líka viðleitni til að gera landið okkar eilítið fjölskylduvænna, viðleitni til þess að fólk geti frekar notið lífsins. Það er gott og eðlilegt að eiga frí.

Samtök atvinnulífsins, SA, eru ekki hrifin af tillögunni og því að almenningur fái þá frídaga sem ber upp á helgi. Nei segja samtökin! Slíkt myndi þýða „0,53% hækkan launakostnaðar“ fyrir fyrirtæki, eins og segir í frétt Morgunblaðsins um málið og umsögn samtakanna um tillöguna.

Og samtökin vilja ekki að þingi sé að skipta sér af málinu, þar sem frídagar séu hluti kjarasamninga. Skoðum það aðeins nánar. Alþingi er löggjafinn á Íslandi og getur gert hvaða dag sem er að frídegil. Flóknara er það ekki því lög Alþingis eru yfir alla samninga hafin. Frídagar sem samið er um í kjarasamningum eru viðbót við þá frídaga sem Alþingi skilgreinir.

Vinum að meðaltali lengur

Svo er það hitt með hækkan launakostnaðar. Fyrst staðreyndir: Ísland er eitt vinnusamasta samfélag á Norðurlöndum. Við á Íslandi unnum árið 2008 að meðaltali átta stundum meira á viku en fólk gerði í Noregi, fjórum stundum meira en í Svíþjóð og sex stundum meira en í Danmörku. Þessum langa vinnutíma fylgja ýmis neikvæð áhrif.

→ Alþingi er löggjafinn á Íslandi og getur gert hvaða dag sem er að frídegil. Flóknara er það ekki því lög Alþingis eru yfir alla samninga hafin.

Í alþjóðlegri rannsókn sem var gerð fyrir nokkrum árum kom í ljós að í engu öðru þátttökulandi rannsóknarinnar voru fleiri sem sögðust koma of þreyttir úr vinnu nokkrum sinnum í mánuði (eða oftar) til að sinna heimilinu. Þátttökulöndin voru fjölmörg; öll Norðurlandarákin, mörg önnur Evrópulönd, Bandaríkin, Ástralía, Nýja-Sjáland og fleiri til. Langar vinnustundir hafa án efa mikið um þetta að segja.

Samtök atvinnulífsins eru mótfallin því að gera samfélagið ör-lítið fjölskylduvænna með því að veita örlítið fleiri frídaga – og það vegna þess að það myndi hækka launakostnað um 0,53%. Einn tvö-hundraðasta!

Raunar væri upplagt að ganga miklu lengra en tillagan leggur til. Það væri tilvalið að stytta vinnuvikuna rækilega, til dæmis með styttingu niður í 30-32 stundir. Með því yrði Ísland eitt fjölskylduvænsta samfélag í vestrænum heimi.

Samtök atvinnulífsins hafa greinilega ekki hagsmuni fjölskyldnanna né fólksins í landinu í huga – þvert á móti styðja samtökin hvers stöðnun í þeim efnum. Hunsum skilaboð Samtaka atvinnulífsins og fjölgum óhrædd frídögum. Við getum vel unnið öllum. Og raunar miklu minna en ágæt tillaga Róberts Marshall felur í sér.

Stökkur lambahryggur

Í KAREMELLUHJÚPI

FYRIR 8-10 MANNS
2 lambahryggir, um 2,5 kg-hvor

Karamelluhjúpur
100 g hrásýkur, 2 dl rauðvín, 1 dl soja, 1 dl balsamikedik, 2 msk Dijon sinnep

Raspu
100 g grófur brauðraspu fersk-salvía, steinselja og rósmarín sjávarsalt og heill rósapipar

Kartöflublíni
4 stórar bökunarkartöflur 5 eggjahvítur, 2 egg 330 ml pilsner, 3 msk hveiti 1 tsk lyftiduft 1 sítróna (mega vera fleiri) sjávarsalt

Grænertumauk
500 g grænertur (mega vera frostnar), 500 ml rjómi, 3 greinar mynta (má sleppa), 2 msk ólífuolíu

Suðrænt salat
2 agúrkur, 2 grasker, 3-rauð greip, 3 appelsínur, 1 chilli, smá engifer 2 dl góð olía, ferskt dill, balsamikedik (um 3 msk niðursoðið)

Takið lundina undan hryggnum. Sneiðið hrygginn í kótleittur og lundina í bita, um einn á mann og 3-4 kótleittur. Saltið og piprið. Steikið kótleitturnar í ofni við 180°C í 2 mín. takið út og hvílið í 10 mín. Endurtakið. Steikið kótleittur í 5x2 mín. alls (10 mín. hvílið á milli) og lund 4x2 mín. alls. Penslið kjötið með karamellu-bráðinni að lokinni steikingu og veltið upp úr raspinu rétt áður en borið er fram.

Karamelluhjúpur
Brúnið sykurl, setjið allan vökva úti og sjóðið. Sinnepi bætt við.

Raspu
Salvía, steinselja og rósmarín saxað smátt og blandað saman við brauðraspu. Nuddið vel saman. Sjávarsalt og rósapipar sett úti.

Kartöflublíni
Sjóðið kartöflur og stappið þær eða maukið. Sláið saman eggjum og eggjahvítum og hrærið saman við kartöflurnar ásamt pilsner. Rifið sítrónubörk úti deigið og smá sítrónusafa. Lyftiduft með hveitinu er að síðustu bætt við þar til deigið er hæfilega þykkt. Saltið að vild. Bakið u.þ.b. 10 sm, ½ sm þykkar kökur, 2-3 á mann.

Grænertumauk
Sjóðið upp á rjóma með myntunni. Leyfið því að standa dálítið, svo að rjóminn taki bragð. Takið myntuna úr og bætið ertum úti. Hitið allt vel og maukið síðan vel í matvinnsluvél ásamt ólífuolíu.

Suðrænt salat
Skerið grasker niður í teninga og bakið í ofni við 180°C í 20 mín. Skrælið gúrku og skerið niður. Blandið söxuðum chilli og rifnum engifer saman við. Saltið og piprið. Sneiðið lauf af appelsínu og greip, blandið saman við oliuna, söxuðu dilli og niðursoðu balsamikedik.

Bindið 3-4 kótleittur saman í toppinn með graslauk, skreytt með rósmarín og tímian. Berið fram ásamt lundinni, kartöflublíni, suðrænu salati og grænertumauki.

LAMBAKJOT.IS

JÓLATILBOÐIN Í FULLUM GANGI!

Opið alla daga til jóla!



Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stoppaparar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*

STÆRD 2X90X200

STILLAN-LEGT

Dorma-verð

C&J + Shape dýna	Stærð cm.	Með still. botni
	2x 80x200	375.800,-
	2x 90x200	399.800,-
	2x 90x210	407.800,-
	2x 100x200	429.800,-
	120x200	230.900,-
	140x200	257.900,-

* afborgan pr. má. í 12 má. Vaxtalaust lán, 3,5% lístökug.



NÝ DORMA VARA



C&J heilsurúm

Val um latex- eða Visco-þrýstijöfnunardýnu. Tvöfalt poka-gormakerfi í dýnu. Pokagormakerfi í boxi. Krómlappir.

C&J 160 x 200 cm
kr. 215.900,-

C&J 180 x 200 cm
kr. 236.900,-

Gafl á mynd
160 x 200 cm
kr. 49.900,-

Charlotte Julien
Dream your world™

FLORIDA hornsófi XL Aðeins kr. 219.900,-



Stærð: 322 x 205 cm H. 71 cm. Grátt áklæði
Einnig fáanlegur 2 horn 3 og 3 horn 2.

NÝJAR DORMA VÖRUR

FLORIDA hornsófi með tungu



Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt

Aðeins kr. 194.900,-



RUBEN
svefnsofi með tungu
Aðeins kr. 139.900,-
Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.

ÁTTU VON Á GESTUM?



MONTORIO
svefnsofi
Aðeins kr. 99.900,-
Stærð: Br. 159 cm.
D. 208 cm H. 63,5 cm.

MEMORY FOAM heilsuinniskór

Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!



1 par kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-



JÓLA-25% AFSLÁTTUR

Illmur mánaðarins

OPIÐ

Holtagörðum

Virka daga kl. 10-18

Laugardaga kl. 11-16

Sunnudaga kl. 13-16

DORMA



- býður góða nótt

Pöntunarsími

☎ 512 6800

www.dorma.is

Var „fasteignasali“ leiddur út úr pókerklúbb í járnum?

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI FF
Ingibjörg Þórðardóttir,
Ágústa Hauksdóttir,
Einar Páll Kjærnested,
Kjartan Hallgeirsson,
Viðar Böðvarsson,
Sigrún Stella Einarisdóttir,
Sigurbjörn Skarphéðinsson,
Grétar Jónasson.

Fyrir skömmu birtust fjórar fréttir í fjölmiðlum um aðkomu fasteignasala að refsiverðri háttsemi. Fyrsta fréttin varðaði fasteignasala sem hafði verið handtekinn í spilavíti sem hann hafði rekið og verið leiddur út í járnum vegna mótþróa. Næst birtist frétt um fasteignasala sem hafði komið nærri peningabætti og var grunaður um stórfelld fjármunabrot. Því næst var komið að fréttatitlingi um fasteignasala sem hafði verið höfuðpaurinn í alvarlegum fjárvik um gagnvart Íbúðalánasjóði og dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi, en þessi fjárvik tengdust Hells Angels-samtökunum. Þá var komið að fréttum um fasteignasala sem hafði verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir blekkingar.

Ekki er langt síðan viðamikil umfjöllun birtist um mann sem hafði gerst sekur um alvarleg kynferðisbrot auk stórfelldra líkamsmeiðinga og hlotið langan refsisdóm fyrir þau svívirðilegu brot. Í öllum þessum tilvikum þótti sérstaklega frétt næmt að viðkomandi væri fasteignasali.

Eitt er þó sammerkt öllum þeim fréttum sem hér að framan eru nefndar. Enginn þessara aðila er fasteignasali né hefur nokkru

→ Enginn þessara aðila er fasteignasali né hefur nokkru sinni verið það! Ekki þarf að fjölyrða að hver einasta sérfræðistétt á landinu ætti erfitt með að una svo röngum fréttatitlingi, þar sem orðspor og virðing skiptir allar sérfræðistéttir miklu.

sinni verið það! Ekki þarf að fjölyrða að hver einasta sérfræðistétt á landinu ætti erfitt með að una svo röngum fréttatitlingi, þar sem orðspor og virðing skiptir allar sérfræðistéttir miklu.

Starfsheitið fasteignasali er lögverndað starfsheiti og enginn má kalla sig fasteignasala eða koma fram sem slíkur nema hann hafi löggildingu til þess á grundvelli menntunar, reynslu og óflekkaðs mannorðs auk ýmissa annarra strangra skilyrða. Það að einhver þeirra aðila sem að framan greinir kunni að hafa einhvern tímann unnið sem aðstoðarmaður (sölumaður) er víðs fjarri því að viðkomandi sé eða hafi verið fasteignasali.

Listi yfir alla fasteignasala og myndir af þeim má sjá inni á heimasíðu Félags fasteignasala, ff.is. Þá má geta þess að allir fasteignasalar hafa skírteini á sér sem ber með sér hvort þeir eru fasteignasalar eða löggiltir fasteignasalar, sem rétt er að geta að er alveg það sama. Misbeiting á að aðilar séu kynntir sem fasteignasalar án þess að vera það varðar refsingu skv. lögum.

Gatslitið föðurland

Síðsumars sá ég mjög svo góða heimildarmynd Herdísar Þorvaldsdóttur um bágborið ástand gróðurhulu landsins okkar. Efni myndarinnar kom mér svo sem ekkert á óvart því um þau mál vissi ég ósköp vel fyrir og hef oft skrifað um þau. Hins vegar kom það mér á óvart hvað myndin var vönduð í alla staði. Allt gekk upp frá a til ö, eins og maðurinn sagði. Handritið afbragð í alla staði og nýjar og gamlar myndatökur góðar, en átakanlegar. Þarna komu fram skoðanir margra okkar bestu sérfræðinga á þessu sviði svo og viðtöl við fjóra bændur og að sjálf-sögðu skoðanir þeirra. Myndefnið var bæði nýtt og gamalt eins og gengur með heimildarmyndir. Frábærlega vel gerð mynd í alla staði, sem flestir sem ég hef haft samband við eru ánægðir með. Hafi Herdís hjartans þökk fyrir þetta mjög svo þarfa framlag til umræðunnar um slæmt ástand gróðurs landsins, sem nú þegar hefur skilað sér inn á Alþingi. Þar var lögð fram tillaga hennar um að bændur beri alfarið ábyrgð á búpeningi sínum og það innan girðingar.



Margrét Jónsdóttir
eftirlaunaþegi

eins og Guðni Ágústsson ímyndar sér. Nei, menn eru einfaldlega að tala um að bændur girði sínar jarðir af, hólfu þær og hafi sinn búpening þar. Sem dæmi vil ég nefna að vinkona mín, sem er hrossabóndi, lét girða sína jörð af sem beitarlund fyrir sín hross. Bændur í nágrenni við hana urðu arfavitlausir þegar þeir misstu „beitarlundið sitt“ sem þeir höfðu alltaf haft til umráða. Þeir einfaldlega litu á hennar jörð sem eitt af beitarsvæðum sveitarinnar, eins og reyndar allar aðrar ógirtar jarðir á Íslandi.

Menn óskapast yfir væntanlegum girðingarkostnaði. Nú þegar borgar ríkið allar girðingar beggja vegna þjóðvegur um allt land. Ætli það standi nokkuð á því að bæta við girðingum svo til verði „beitarhólf“, eða hvað sem menn vilja kalla það að hafa búpening á afgirtu svæði í heimahögum, svo hvíla megi hálendið, heiðar, brattar hlíðar og allt kjarr. Það er okkar sameiginlega verkefni að græða landið. Þetta er ekki einni kynslóð bændna að kenna hvernig komið er. Nei, við berum öll ábyrgð. Landið gaf okkur líf og nú gefum við því gróðurinn til baka sem við neyddumst til að nýta of mikið þegar neyðin var stærst. Nú er komið að skuldadögum.

→ Um 4% af þessum blessaða gróðri eru heil þekja, allt annað er meira eða minna gatað. Gatslitið föðurland. Ekki gleyma þessu í næstu kosningum, þið í Norðurlandskjördæmi vestra...

upp í dag. Í þessu sambandi er sú vísa aldrei of oft kveðin að minna fólk á að hér þakki gróður um 75% af landinu við landnám en nú aðeins um 25% af því. Um 4% af þessum blessaða gróðri eru heil þekja, allt annað er meira eða minna gatað. Gatslitið föðurland.

Ekki gleyma þessu í næstu kosningum, þið í Norðurlandskjördæmi vestra, þegar bændur verða í efstu sætum allra flokka á landsbyggðinni, til þess eins að tryggja áframhaldandi meðlög sín og hindra inngöngu okkar í ESB.

Ég vil taka það fram að allir bændur, sem urðu fyrir skaða í óveðrinu sem geisaði á Norðurlandi í september, eiga samúð mína alla. En ég vil líka minna á að skaðinn hefði orðið töluvert minni ef allt fé hefði verið í afgirtum beitarrhólfum í heimahögum. Ég er líka hlynnt því að hjálpa öllu fólk sem lendir í náttúruhamförum, þó að ég sé alfarið á móti því að borga ákveðnum atvinnuhópum (hér sauðfjárbændum) himinhár peningaupphæðir, svona dags daglega, til þess eins að láta rollur naga fátæklegan gróður landsins og flytja svo kjötið af þeim úr landi.

Í beitarrhólf með allan búpening! Burt með þeingreiðslur!

Rómantísk áróðursmynd

Sem svar við þessari mynd Herdísar gerðu sauðfjárbændur, í samvinnu við sín samtök, mjög fallega og rómantíska áróðursmynd um gott ástand sömu gróðurhulu. Þar var allt í stakasta lagi og algjör óþarfi að huga að breytingum enda látið haustsólín gul grös þann daginn. Beitarrhólf fásinna, enda óþörf að þeirra mati.

Skoðum þetta nánar. Þegar rætt er um beitarrhólf er enginn að tala um einhver lítil hólf sem jafnvel þarf að gefa hey inn á,

Aumkunarverð hugsun

Það er eitthvað svo aumkunarverð hugsun að allan gróður verði alveg endilega að nýta til beitarrhólfa, um leið og einhver svæði hjarna við, og það af ötta við að of mikill gróður gæti hugsanlega farið að vaxa. Svona „illgresi eins og birki og víðir“, eins og einn ágætur bændahöfðingi sagði hér í útvarpinu um árið og nýir taka

Alls konar skatta- og gjaldskrárhækkanir

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar boðaði í stefnuskrá, sem kynnt var í upphafi kjörtímabils, að velferð og þjónusta við íbúana nýti forgangs við ráðstöfun fjármuna borgarinnar. Fjárhagsáætlun 2013 var samþykkt í borgarstjórn í síðustu viku og því miður er ekki hægt að segja að þessari reglu hafi verið fylgt eftir þegar litið er til þeirra skatta- og gjaldskrárhækkana sem dunið hafa á borgarbúum á kjörtímabilinu. Fjölskylda í Reykjavík með börn í grunnskóla og leikskóla mun á næsta ári greiða 330.000 krónum meira fyrir grunnþjónustu hjá Reykjavíkurborg en árið 2010 vegna ákvarðana borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar

Á þessu tímabili sem um ræðir, frá árinu 2010-2013, hefur vísitala neysliverðs hækkað um 13% en hækkunir á þjónustu borgarinnar nema um 20% á sama tíma. Hér er ekki tekið á frístundum og öðrum valkvæðum gjöldum heldur aðeins þeim gjöldum sem flestar barnafjölskyldur í borginni þurfa að

FJÁRMÁL



Pórey Vilhjálmisdóttir
framkvæmdastjóri borgarstjórnar-
flokks Sjálfstæðis-
flokksins

greiða. Það eru leikskólagjöld, skólamáltíðir, sorphirða, fasteignaskattur, lóðaskattur, útsvar, gjöld frá Orkuveitu Reykjavíkur, frístundaheimili og síðdegishressing í frístundaheimili.

sem lést sunnudaginn 9. desember, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 18. desember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Kvenfélagið Líkn Vestmannaeyjum.



Lára Halla Jóhannesdóttir
Birna Valgerður Jóhannesdóttir
Guðbjörg Ásta Jóhannesdóttir

Páll Sigurðarson
Jóhann Ingi Einarsson
Adolf Bjarnason
Ágústa Ágústsdóttir
María Björg Filippusdóttir

Brynjólfur Jóhannesson
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

RANNVEIG HÁLFDÁNARDÓTTIR
Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili
Akranesi, áður Háholti 3,

lést sunnudaginn 9. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 21. desember kl. 14.00.



Ólafur H. Þórarinnsson
Þórgunna Þórarinsdóttir
Kristín S. Þórarinsdóttir
Þórunn R. Þórarinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður B. Ásgeirsdóttir
Unnpór B. Halldórsson
Kristján Kristjánsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

PÁLMI ÞÓR PÁLSSON
Hraunholti, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 2. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Víðalínaskirkju miðvikudaginn 19. desember klukkan 13.00.



Gunnar Þór Pálmason
Þórhildur Pálmadóttir
Haukur Örvar Pálmason
Sunna Guðný Pálmadóttir
og barnabörn.

Soffía Friðgeirsdóttir
Ída Surjani
Hjörtur Hreinsson
Kristín Haraldsdóttir
Brynjar Þór Sumarliðason

WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANN'S



571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN



ÓGLEYSMANLEGUR Guðrún Sverrisdóttir segir föður sinn, Sverri Kristjánsson, hafa verið allra manna fróðastan og skemmtilegastan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snillingur orðsins

Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur lét eftir sig mikið af rituðu máli, bæði birtu og óbirtu. Nú hafa börn hans og barnabarn gengist fyrir útgáfu á sagnaþettinum Bóndinn á Brúnum. Bókinni fylgja tveir geisladiskar með upplestri Sverris sjálfs.

„Í nokkur ár hefur það staðið til að endurútgefa ritverkasafn Sverris Kristjánssonar sagnfræðings og þjóðlífsfrásagnir hans úr bóka-flokknum Íslenskir Örlagaþettir og loks létum við verða af því,“ segir Guðrún Sverrisdóttir hjúkrunarfræðingur, dóttir Sverris.

„Í jólabókafloðinu má því finna endurútgefna bók úr riti eftir Sverri, „Bóndinn á Brúnum“ í ræðu og riti, ásamt tveimur geisladiskum með upplestri hans sjálfs sem fylgja. Við systkinin, Sigurjón og ég, og barnabarn hans, Ægir Einarov, sáum sjálf um útgáfuna og vildum með þessum hætti minna á og minnst gamals ræðu- og ritsnillings.“

Sverrir fjallaði í ritum sínum jafnan um sögur fyrri kynslóða og menn og málefni líðandi stundar. „Hann hreifst jafnt af Heinrich Heine og Jóni Sigurðssyni,“ segir Guðrún. „Hann fjallaði um sögu 19. aldar, verkalýðsmál, rithöfunda og skáldamál, stjórn- og þjóðfélagsmál. Í skrifum hans og ævisögubáttum birtust ógleymanlegar mannlífsmýndir af gengnum kynslóðum. Skrif hans lýstu sérstöku næmi á örlög fólks.“

Guðrún segir tilgang þeirra með útgáfu bókarinnar ekki síst hafa verið að miðla ritsnilld föður hennar. „Sverrir var snillingur orðsins og vald hans á íslenskrí tungu skilaði sér í ritverkum hans. Hann var líka sérlega góður upplesari. Upplestur hans á Passíusálmunum er öllum ógleymanlegur sem heyrðu.“

Sverrir flutti einnig fjölda erinda í útvarp sem Guðrún segir ekki hafa vakið minni hrifningu. „Fyrir erindi sín í ríkisútvarpinu var Sverrir þjóðþekktur og virtur útvarpsmaður. Það geislaði af honum í íslensku þjóðlífi. Hann var allra manna fróðastur og skemmtilegastur. Ungir sem aldnir, háir sem lágir löðuðust að honum. Hann féll frá langt um aldur fram en eftir hann liggur fjöldi birtra og óbirtra ritverka.“

Sverris er ekki síst minnst fyrir hans hlut í bókaflokknum Íslenskir örlagaþettir sem þeir Tómas Guðmundsson skáld hófu sameiginlega útgáfu á 1965. Alls urðu bækurnar tíu talsins, nutu mikilla vinsælda og seldust bækurnar, sem eru í dag ófáanlegar, upp um hver jól, að sögn Guðrúnar.

En hvað varð til þess að þau drifu í þessari útgáfu núna? „Fyrir á þessu

Æviferill Sverris

Sverrir Kristjánsson (7. febrúar 1908–26. febrúar 1976) var íslenskur sagnfræðingur, þýðandi og rithöfundur. Ritsafn hans kom út árið 1981 í fjórum bindum.

Sverrir var sonur Bárðar Kristjáns Guðmundssonar verkamanns og Guðrúnar V. Guðmundsdóttur. Hann varð stúdent frá MR 1928 og nam síðan sagnfræði við háskólann í Kaupmannahöfn og um skeið í Berlín. Eftir að hann kom heim frá námi vann hann sem kennari í Reykjavík í nokkur ár. Þá starfaði hann við rannsóknir og skrásetningu bréfa og skjala í Ríkisskjalasafni Dana, Bókhöfðu konungs og National Museum 1956-1958. Sverrir samdi ótal bækur um sagnfræðileg efni og þýddi bæði leikrit og skáldsögur.



TEIKNING EFTIR ÖRLYG SIGURÐSSON

ári hitti ég ungan prest sem kannaðist ekki við manninn, Sverri Kristjánsson sagnfræðing,“ segir Guðrún.

„Þá sá ég að það var tímabært að endurvekja nafn hans og skrif. Íslenskt mál er á miklu undanhaldi með enskublönduðum slettum, sérstaklega úr tölvuleikjamáli unglinganna. Það þarf í raun að fá einhverja vakningu um íslenska mál-rækt – talað mál og skrifað.“

Mér finnst upplestrar föður míns eiga fullt erindi inn í skólastofur æskulýðsins okkar.“

fridrikab@frettabladid.is

Úr minningargrein um Sverri

Og nú, þegar Sverrir Kristjánsson er á brott genginn, er fölara í garði íslenskra mennta og mannvits. En þó enginn komi Sverrir Kristjánsson aftur, þá veit sögupjóðin áreiðanlega að sú varða menningarhefðar og þjóðlegrar reisar, sem sagnfræðingurinn átti drjúgan þátt í að hlaða, má aldrei hrynja eða hverfa.

Vilmundur Gylfason



Yfir, undir og allt um kring

Vík er heilsárs hettupeysa frá 66°NORÐUR. Polartec® flísefnið er fislétt, teygist á fjóra vegu og þornar eins og skot. Vík má nota vetur, sumar, vor og haust, ýmist undir úlpu eða hreinlega við stuttbuxur.

Vík hettupeysa
23.500 kr.



KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. málhelti, 6. þys, 8. vætla, 9. atvikast, 11. fyrir hönd, 12. skjálfa, 14. steintegund, 16. kúgun, 17. aska, 18. við, 20. sjó, 21. skrafa.

LÓÐRÉTT
1. unaður, 3. golfáhalda, 4. plöntutegund, 5. blóðhlaup, 7. möttull, 10. skammstöfun, 13. flan, 15. tísku, 16. mælieining, 19. hæð.

LAUSN
stæf, 16. ohm, 19. ás.
mar, 7. skikkja, 10. etv, 13. ras, 15.
LÓÐRÉTT: 1. lýst, 3. tí, 4. alparós, 5.
LÁRÉTT: 2. stam, 6. ys, 8. flá, 9. ske, 11. þr, 12. títra, 14. kvær, 16. ok, 17. söt, 18. hjá, 20. sæ, 21. masa.

Hvar eru þær?

BAKPANKAR
Charlotte Böving

Það kom mér á óvart um daginn, þegar ég var að skoða heimasíðu leikhússins í Gautaborg (www.stadsteatern.goteborg.se), hve sýnilegar leikkonurnar eru á síðunni. Kannski sérstaklega þær sem náð hafa 50 ára aldri. Aldri þar sem konur í mörgum öðrum leikhúsum virðast vera horfnar eða bara ekki vera til.

MERKILEGT nokk, vegna þess að dönskrannsókn hefur leitt það í ljós að það eru einmitt konur yfir fimmtugt sem eru stærsti hópur leikhúsgesta.

PETER Brook, sem er frægur leikhúlsleikstjóri og hefur skrifað fjölda bóka um leikhús, skrifar meðal annars í bókinni Tóma rýmið að það sem leikhúsið geti gert sé að bjóða áhorfendum inn fyrir, í hugleiðslurými, og gefa þeim möguleika á að upplifa sjálfa sig sem manneskjur, þar sem leikhús er það rými þar sem lifandi uppgjör getur átt sér stað.

OG NÚ er það, að ég spyr, hvar eru sögur kvenna í leikhúsum í dag?

SÍÐASTLIÐIÐ sumar fékk ég það verkefni að leikstýra og þar með líka finna leikara í fimm leikrit frá Norðurlöndum á norrænum sviðslistadögum í Reykja-

vík. Meðal þeirra var norskt leikverk með tveimur kvenpersónum í aðalhlutverki. Verkið var óvenjulegt á margan hátt, bæði í formgerð og innihaldi. En sérstaklega óvenjulegt var að konurnar í verkinu tengdust ekki bara karlmanni, heldur heiminum – bæði þeim ytri og þeim innri.

EF ÞÚ hugsar þig um í augnablik – hve margar kvikmyndir hefur þú séð þar sem tvær konur leika heilt atriði saman og eru ekki að tala um karlmann (og eru ekki lesbír)?

KONURNAR í norska leikritinu áttu að vera um 52ja ára. Það var erfitt að finna tvær leikkonur á þeim aldri, þar sem úrval leikkvenna milli fimmtugs og sextugs er takmarkað. Og það kemur ekki til vegna skorts á menntuðum leikkonum. Það er eins og þær hverfi eftir því sem tíminn líður, kannski vegna þess að hlutverkunum fækkar.

ÞAÐ er sorglegt. Ekki síst vegna þess að það er einmitt sá hópur sem notar leikhúsið mikið.

MIG langar að leika, leikstýra og sem áhorfandi horfa á fleiri leiksýningar um konur. Þannig að ég hafi möguleika á því að stíga inn í lifandi hugleiðslurými og upplifa sjálfa mig og þann heim sem ég lifi í.



Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins

Jólamyndin þín

Taktu þátt í jólamyndakeppni Fréttablaðsins og sendu inn jólalega ljósmynd. Besta myndin mun prýða forsíðu Fréttablaðsins á aðfangadag og vinningshafi hlýtur JBL FLIP Bluetooth hátalara frá Sjónvarpsmiðstöðinni í verðlaun. Fyrir annað og þriðja sæti eru gjafakort fyrir tvo í Borgarleikhúsið.

Skilafrestur er til hádegis 19. desember.

Myndirnar ber að senda á netfangið ljósmyndakeppni@frettabladid.is



MYNDASÖGUR


PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



OPÞ 10-19 TIL JÓLA

OPÞ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19

SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

DESEMBER TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

NY KYNSLÖÐ **ProTab**

SMELLTU Á KÖRFUNA

4GB MINNISLYKLAR
Glæsilegt úrval skemmtilegra minnislykla frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!
FRÁ 1.990
HENTUGT Í ALLA PAKKA

LACIE

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

2TB FLAKKARI
LaCie Minimus er glæsilegur 2TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi
19.900
3TB MINIMUS 29.900

SMART TV
Fyrir þitt sjónvarp, vafraðu á netinu, kíktu á Facebook, spilaðu kvikmyndir og tónlist, þræðlaust lykklaborð með mús fylgir.
29.900
JÓLAGJÖF FYRIR SJÓNVARPIÐ ÞITT;

Birt með fyrirvara um breytingar, innskráttillur og myndabreyngi

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

GIGABYTE GTX650OC 2GB SKJAKORT 29.900
McAfee RETIÐ EGGI 4.990
PROTAB26 IPS 34.900
IP7250 WIFI PÖRVAÐ 16.900
14MP STUFUR SPJALD 19.900
27" VALED 59.900

3.0 MINIMUS 19.900
500GB USB 3.0 BOKKI 12.900
LaCinema FULL HD SPJALD 14.900
1.5TB 34.900
24" 3D 69.900
24" LED 29.900

KB100 11.900
M6900 LEIKJAMÓD 4.990
V9 Black LEIKJATURN 19.900
SMART TV 29.900
8GB MP3 DRIVER SPJALD 9.990
NETID FYRIR RAFFAGG 9.990
W700 149.900

MP3 SPJALD 2.990
VEFYRVAÐIÐ 2.990
2.1 RÁTALARA 2.990
MUSKAROTTUR 2.990

BLIND PÖNNAR 1.990
MÚS OG PENNAR 2.990
NETVARP 4.990
EMERTONASKAR 1.990
PLASMA ÖR 2.990
STAKKURABLER 2.990
VELMENNÁ MÚS 2.990
RETRO BLAMM 2.990
BLÍÐ LYKLABORÐ 2.990
WERCÁM NÁR 2.990

OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS Í GER VAR PODIUM



HVER VERÐUR Í DAG?

INGLEIFUR ÞASSÓN

MENNING



JÓLAHJÖRTUR Er einn forsprakka Óskabarna ógæfunnar, leikhóps sem stofnaður var í sumar. Hann þýðir og staðfærir verkið Nóttin var sú ágæt ein ásamt Vigni Rafni Valþórssyni leikstjóra, auk þess að leika í því.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jólasveinninn gómaður á aðfangadagskvöld

Nóttin var sú ágæt ein nefnist jólaleiksýning fyrir fullorðna sem leikhópurinn Óskabörn ógæfunnar frumsýnir í Tjarnarbíó í kvöld. Sýningin fjallar um tvo félagar sem góma innbrotspjóf sem heldur því fram að hann sé jólasveinninn.

„Þetta er fullorðinssýning að því leyti að hún fjallar um neikvæðar hliðar jólanna; stressið, þirringinn, verslunarbrjálæðið, óþolandi jólahefðir og þess háttar,“ segir Hjörtur Jóhann Jónsson, einn af meðlimum leikhópsins Óskabörnum ógæfunnar. Leikhópurinn frumsýnir jólasýningu fyrir fullorðna næstkomandi mánudag, 17. desember, í Tjarnarbíó. Nóttin var sú ágæt ein er titill verksins en höfundur þess er Anthony Neilson. Hjörtur Jóhann þýðir og staðfærði ásamt leikstjóranum, Vigni Rafni Valþórssyni. Verkið heitir á frummáli The Night Before Christmas.

Nóttin var sú ágæt ein er fyrsta sýning leikhópsins sem var stofnaður í sumar. Verkið fjallar um tvo félagar sem góma innbrotspjóf rétt fyrir miðnætti á aðfangadagskvöld. Þjófurinn heldur því hins vegar statt og stöðugt fram að hann sé raunverulegur jólasveinn. Félagarnir halda honum föngnum og vilja draga hann til ábyrgðar fyrir að jólin séu orðin

hátið græðgi og sýndarmennsku. Þegar líður á kvöldið kemur þó ýmislegt í ljós sem þeir geta ekki útskýrt.

„Persónur verksins eiga það sameiginlegt að allar eru þær komnar með upp í kok af jóluum á einn eða annan hátt. Sýningin er ekki ætluð börnum þar sem talað er um eiturlyf, kynlíf, ofbeldi og fleira skemmtilegt, og mikið blót- og bölvad og ragnað. Einnig er jólasveinninn í verkinu ekki alveg sá sæti og skemmtilegi sveinki sem börn þekkja hvað helst,“ segir Hjörtur og bætir brosandi við: „Ég er ekki viss um að þau myndu vilja trú á þennan jólasvein.“

Boðskap verksins segir Hjörtur vera að minna á að jólin séu ekki sjálfkrafa yndislegur tími. „Jólin eru erfið fyrir mjög marga, kannski einmitt vegna þess að þau eiga að vera svona dásamleg.“ Hann bætir við að hátið ljóss og friðar sé nú orðin laus við friðinn. „Þetta er hins vegar ágætis tækifæri til að spyrja sig hvað skiptir mestu máli. Er mikilvægara að

Persónur verksins eiga það sameiginlegt að allar eru þær komnar með upp í kok á jóluum á einn eða annan hátt.

koma öllu skrautinu upp og skera þrjú tonn af laufbrauði, eða bara að njóta þess að eiga góðar stundir með fólkinu þínu?“

Hjörtur Jóhann leikur sjálfur í sýningunni, en aðrir leikarar eru Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Benedikt Karl Gröndal og Davíð Freyr Þórunnarson. Vignir Rafn Valþórsson leikstjóri.

Nóttin var sú ágæt ein verður sýnt sex sinnum á þremur dögum og er hver sýning rúm klukkustund að lengd. Sýningardagar eru 17., 18. og 20. desember. Upplýsingar um miðasölu má finna á Facebook-síðu sýningarinnar. halla@frettabladid.is

KAMILLA VINDMYLLA
OG BULLORÐNA FÓLKID

6. sæti
yfir mest seldu barna- og unglingabækur

„frábær hómur... einstaklega vonduð“
Edda Björgvins leikkona

„Bull-fyndin bók“
Rokkvi 10 ára

Hilmar Örn Óskarsson

fyrir 7-12 ára

Metsölulisti Eymundsson viku 14.-21. nóv.

Rækilega fyndin og spennandi!

Kamilla og vinir hennar þurfa að kljást við kexvitlausan vísindamann, fluggáfaðan úlf og sína eigin foreldra í þessari þrælfyndnu bók.

Vorið 2012 hlaut Bókabeitan Vorvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnamenningar

Sérlegir sérfræðingar í barna- og unglingabókum

BÓKABEITAN

Hápunktur á hárréttum stöðum

TÓNLIST ★★★★★

Eva Þórarinsdóttir og Benjamin Powell

Norðurljósalur Hörpu
FIMMTUDAGINN 13. DESEMBER

Ég hafði aldrei heyrt um Evu Þórarinsdóttur fiðluleikara fyrr en hún hélt fyrstu opinberu tónleikana sína í Norðurljósum Hörpu á fimmtudagskvöldið. En það er ólíklegt að ég gleymi henni í bráð. Að vísu var fyrsta verkið á dagskránni, sónatan eftir Janacek, ekki fyllilega sannfærandi. Eva spilaði ásamt píanóleikaranum Benjamin Powell. Eva virkaði dálítið fjarlæg, allur ævintýraheimur tékkneska tónskáldsins var einhvern veginn annars staðar. Leikurinn var samt vandaður, nóturnar voru á sínum stað. En það vantaði kraftinn og gleðina.

Þetta var greinilega taugaóstyrkur sem yfirleitt er verstur í upphafi tónleika því í næsta verki kvað við annan tón. Það var G-dúr sónatan eftir Ravel, einhver glæsilegasti flutningur á henni sem ég hef heyrt á tónleikum. Eva spilaði af sjaldheyrðri mýkt, allar tónahendingar voru óvanalega fallega mót-áðar. Þær voru áreynslulausar og eðlilegar. Uppbyggingin á verkinu var líka afar flott, fyrsti kaflinn stigmagnaðist t.d. þrep af þrepi. Fyrir bragðið



var framvindan alveg sérstaklega spennandi. Eva féll aldrei í þá gryfju að leggja öll trompin á borðið strax. Þvert á móti komu hápunktarnir á hárréttum augnablikum. Það var mögnuð upplifun.

Powell spilaði einnig af stakri fagmennsku, hröð nótnahlaup voru pottþétt, túlkunin leikandi, flæðið í tónlistinni óheft og grípandi.

Eftir hlé lék Eva einleikssónötu nr. 5 eftir Ysaÿe. Það er heillandi tónlist, eins og flest eftir tónskáldið. Eva lék af tæknilegum

yfirburðum, túlkunin var í senn draumkenn og spennubrúngin. Sömu sögu er að segja um síðasta verkið, G-dúr sönötuna eftir Brahms, sem Eva spilaði ásamt Powell. Hún var svo hrifandi á tónleikumum að ég fékk tár í augun. Það var í henni skemmtileg ákefð, en samt voru allar laglínurnar blátt áfram og mjúkar. Þær fæddust eðlilega og flæddu án hindrana yfir í næstu laglínu. Fyrir bragðið var tónlistin svo fallega lýrisk að það var alveg einstakt.

Eva er greinilega frábær fiðluleikari. Það verður spennandi að fylgjast með henni í framtíðinni.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Eva Þórarinsdóttir er ný stjarna í íslensku tónlistarlífi.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS



Pýskir hágæða Fissler hnífar í úrvali.

Fissler. Perfect every time.



Fissler

Pú finnur gjafirnar hjá okkur



SEVERIN

Severin DO3854

30 wött dósaopnari með segli sem heldur dósaloeki.

VERÐ 3.990



Ibili 405823

23sm pönnukökupanna fyrir allar gerðir hellna, líka spansuðu.

VERÐ 2.990



SEVERIN

Severin EM3966

100w rafmagnshnífur með fingurvörn. Hnappur til að losa hnifa. Setja má blöðin í uppþvottavél.

VERÐ 4.490



SEVERIN

Severin FS3602

Sjálfvirk 150w vacumpökkunarvél með tvöfaldri heftun. 2 gaumljós. Ein 29 sm plastrúlla fylgir.

VERÐ 6.990

SEVERIN



Severin WK3349

2000w stál hraðsuðuketill. Tekur 1,7 lítra. Vatnsmælir. Slekkur sjálfvirk á sér.

VERÐ 9.990



Fissler 12140028100

Hágæða Steelux Crispy Premium 28sm panna fyrir steikingu á háum hita. 18/10 ryðfrít stál. Innbyggð mælistika. Stál handfang sem helst kalt. Má fara í ofn. Fyrir allar hellur. 5 ára ábyrgð.

VERÐ 15.990

SEVERIN



Severin KM3873

150w kaffikvörn sem tekur 150g af baunum. Margar stillingar.

VERÐ 16.990



Fissler 3311805000

Korfu pottasett úr hágæða gljáandi ryðfríu stáli. Þétt glerlok. 16, 20 og 24 sm pottar. Skaftpottur án loks. Má fara í ofn og á öll helluborð. Polir uppþvottavélar. Handföng haldast svöl.

VERÐ 39.990



SEVERIN

SeverinKa5987

Sjálfvirk 1500w kaffivél. 1,5 lítrar. 15 bör. Hitaplata. Flóunarstútur.

VERÐ 22.990



Saeco Xsmall

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 líter
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ 69.990



Saeco Intelia

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ 79.990



Saeco Syntia

- Sjálfvirk stafræn kaffivél
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Sjálfvirk flóunarkanna
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ 129.990




WilliamBounds salt- og piparkvarnir í úrvali



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Grípandi kraftur

TÓNLIST ★★★★★

Foldarskart

Schola cantorum

Foldarskart er nafnið á geisladiski með Schola cantorum. Á honum er að finna nokkrar íslenskar kórperlur af sumartónleikaröð kórsins. Þetta eru lög eins og Hjá lygnri móðu, Trú mín er aðeins týra, Nú sefur jörðin sumar-græn o.s.frv.

Schola cantorum er einn af frambærilegustu kórnum landsins. Hörður Áskelsson stjórnar honum og gerir það fallega. Söngurinn er tilfinningaþrunginn og hástemmdur en líka gæddur viðeigandi léttleika eins og t.d. í Hættu að gráta Hringaná og Undir bláum sólaráli.

Jafnvægið á milli ólíkra radda er gott, krafturinn í söngnum er grípandi.

Auðvitað hefur maður heyrt flest þessi lög mörgum sinnum áður. Það er ekkert hér sem kemur á óvart, vekur sérstaka athygli. Helst er það Afmorsvísa Snorra S. Birgissonar sem kemur með ferskleikann inn í dagskrána. En meira að segja hún hljómar eins og tónlist úr grárri forneskju. Sem er ekkert verra. Það er einhver nostalgía sem svífur yfir vötnunum hér, ljúf eftirsjá, gamall en sigildur sjarmi. Þetta eru falleg lög sveipuð ljóma fortíðarinnar – og þau renna ljúflega niður.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Skemmtilegur geisladiskur með hugljúfri tónlist.



BÚIÐ SPIL? Sögusagnir eru á sveimi um skilnað stjórnpuparsins Miröndu Kerr og Orlando Bloom. NORDICPHOTOS/GETTY

Íhuga skilnað

Hjónakornin Orlando Bloom og Miranda Kerr íhuga nú skilnað eftir tveggja ára hjónaband. Þetta fullyrðir blaðið Star og hefur það eftir ónafngreindum heimildum. Sögusagnir um skilnaðinn milli leikarans og fyrirsætunnar hafa verið á sveimi í nokkurn tíma. Kerr hefur verið í New York undanfarið ásamt tveggja ára syni þeirra á meðan Bloom er staddur í tókum á nýrri kvikmynd í Suður-Afríku.

„Þau eru skilin á borði og sæng, búa ekki saman og eru að ákveða næstu skref,“ segir heimildarmaður blaðsins en einnig kemur fram að ástæða skilnaðarins ku vera mikil vinna leikarans.

Kerr sást láta vel að leikaranum Leonardo DiCaprio á næturklúbbi í New York í vikunni en hann er þekktur fyrir að vera mikið fyrir undirfatayfirsæturnar.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MÁNUDAGUR 17. DESEMBER 2012

Uppákomur

11.00 Askasleikir kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

12.34 Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladaðgatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

Tónlist

21.00 Sigurður Guðmundsson leikur á aðventutónleikum Malarinnar á Malar-kaffi á Drangsnesi. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

21.00 Hljómsveitin 1860 heldur tónleika á Café Rosenberg.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.



skemmtilegrí

GEFÐU JÓLAPAKKA STÖÐVAR 2

JÓLAPAKKINN INNIHELDUR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 AUK ÞESS SEM MASTERCHEF SVUNTA FYLGIR FRÍTT MEÐ

Þú færð jólapakka Stöðvar 2 í verslunum Hagkaups í Skeifunni, Garðabæ, Smáralind og Kringlunni.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI

Jólapakkinn gildir frá 23. des. 2012 til 3. feb. 2013

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.



Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ. Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is



50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatlöllum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum.

Panasonic TXL50EM5
50" FHD 1080p LED sjónvarp með Vreal Engine. High Contrast filter. Game mode. 24p Smooth Film/Play Back. DVB-T/C stafrænn móttakari. USB, Scart, 2 HDMI, Component CI rauf, Composite, RCAHeymatólstengi, Optical út o.fl.

Panasonic TXL50EM5

199.990

FULLT VERÐ 249.990

Góðar gjafir og Gledileg Jól

MYNDARAMMAR



INTENSO

Intenso Photomodel 7

Stafrænn 7" myndarammi með 800x600 punkta upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum. Skyggnusýningar.

VERÐ 12.990

MP3 SPILARAR



SanDisk

Sandisk Clip+2GB

Sansa MP3 spilar með 4GB minni, diktafóni, USB 2, OLED skjá og útvarpi með 40 minnum. MicroSD/SDHC kortarauf. 15 klst. á hleðslurafhliðu.

VERÐ 12.990

HÁTALARAR

Bluetooth



JBL

JBL ONBEATAWAKEBLACK


Hátalari með iPad / iPod / iPhone vögg og 10w D klasa magnara. Bluetooth með HARMAN TrueStream. Vekjari. Spennibreytir og fjarstýring fylgir.

VERÐ 24.990

BLU-RAY SPILARAR

Panasonic

DVD Blu-ray Disc



Panasonic DMPBD75

Vandaður Blu-ray/DVD spilar á ótrúlegu tilboði. Nú er tækifærið til að skipta DVD spilaranum í Blu-ray spilara.

VERÐ 24.990

HEIMABÍÓ

SOUNDBAR

JBL

by HARMAN



JBL SB100

Glæsilegt 60w SoundBar heimabíókerfi með Dolby Digital. HARMAN Display Surround. Bass Boost. RCA og Optical tengi. Lærir á fjarstýringu sjónvarpsins. Má festa á vegg.

VERÐ 39.990

SLR MYNDAVÉLAR



Dráðlaust WU-1a tengi fylgir. Verðmæti 11.990



Nikon D3200KIT1855VR

SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400, 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út o.fl.



Íslenskur leiðarvísir og 2,5 klst. ljósmyndanámskeið fylgir. Einnig fánleg með öðrum linsum.

VERÐ 129.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Fimmtán geðveik jólalög keppa

Jólagakeppninni Geðveikum jólum lýkur á morgun. Yfir tvær milljónir hafa safnast til styrktar Geðhjálpar.

„Þetta er jólagakeppni þar sem þjóðin getur kosið um besta jólagagið,“ segir Kristín Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi Geðveikra jóla.

Geðveik jól er átaksverkefni á vegum Geðhjálpar sem snýr að því að safna peningum til styrktar samtökunum. Þetta er annað árið sem áttíngin er haldið en í fyrra söfnuðust um þrjár milljónir króna. Geðhjálp fékk í lið með sér fimmtán fyrirtæki sem öll bjuggu til tónlistarmyndband við frumsamið jólagag. „Lögin eru allt frá því að vera samin frá grunni og yfir í að nota lag sem þegar er til og breyta textanum,“ segir Kristín. Allir sem hafa áhuga á geta kosið sitt upphaldslag og myndband á heimasíðu Geðveikjól.is og leyfilegt er að kjósa eins oft og fólk vill. Það lag sem svo verður með flest atkvæði þegar leik lýkur, á morgun, sigur og hlýtur titilinn Geðveikasta jólagagið.

Hvert atkvæði kostar 1.000 krónur, þó hægt sé að gefa meira sé þess óskað, og rennur allur ágóðinn óskiptur til Geðhjálpar. „Svo erum við líka með geðveika dómnefnd sem er samsett af fagfólki og



SAFNA FYRIR GEÐHJÁLÞ Sólmundur Hólm stjórnaði kynningarþætti á jólagöngunum sem sýndur var þann 5. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kýs besta framlagið og besta myndbandið,“ segir Kristín. Allt söfnunarféð verður eyrnamerkt því verkefni að koma á fót aðgerðar-áætlunum fyrir vinnustaði til að nota þegar upp koma geðræn vandamál hjá starfsfólki. „Á sama tíma verður þetta til þess að vitundarvakning verður um geðheilbrigði innan vinnustaða, sem er auðvitað alveg frábært,“ segir Kristín.

Nú þegar eru rúmar tvær milljónir komnar í söfnuninni. Um miðbik dags í gær leiddi Íslensk erfðagreining með Arion banka fast á hæla sér. -trs



Í UPPHAFI Drengirnir í One Direction í upphafi ferilsins árið 2010. Margt hefur breyst síðan þá.

NORDICPHOTOS/GETTY

Stefna í sömu átt

Drengjasveitin One Direction hefur notið mikilla vinsælda undanfarin tvö ár. Sveitin var stofnuð í sjónvarpsþættinum The X Factor.

Drengjasveitin One Direction hefur náð ótrúlegum vinsældum á örstuttum tíma, en sveitin hefur aðeins verið starfrækt í tvö ár.

Sveitin var stofnuð árið 2010 í sjónvarpsþættinum The X Factor. Piltarnir tóku allir þátt í flokki einstaklinga en þóttu ekki nógu efnilegir til að halda áfram keppni. Söngkonan Nicole Scherzinger, sem var gestadómari, stakk upp á því að þeir mynduðu saman drengjasveit og kepptu heldur í flokki hópa. Drengirnir fengu aðeins tvær vikur til að kynnaast hver öðrum og æfa áður en þeir stigu fyrst á svið sem fimm manna hljómsveit. One Direction lenti í þriðja sæti í keppninni og aðeins nokkrum mínútum eftir að lokabættinum var sjónvarpað var fyrstu smáskífu þeirra, Forever Young, leikið á netið.

One Direction gerði samning við útgáfufyrirtæki Simons Cowell í Bretlandi og annast Columbia Records plötuútgáfu þeirra í Bandaríkjunum. Smáskífunar What Makes You Beautiful og Live While We're Young eru söluhæstu smáskífur sveitarinnar og samkvæmt sölutölum Sony Music Entertainment hefur engin smáskífa selst meira í forsölu en What Makes You Beautiful.

One Direction leikur blöndu af svokölluðu „teen pop“, popptónlist og rokki og lýsir gagnrýnandi The New York Times tónlist þeirra sem glaðlegri og á köflum snjallri.

Nútímasamfélagsmiðlar áttu stóran þátt í að færa hljómsveitinni frægð og frama og heldur umboðsmaður sveitarinnar, Will Bloomfield, því fram að samfélagsmiðlar hafi tekið við af útvarpi. „Þessir strákar eru stöðugt á netinu og það eru aðdáendur þeirra líka,“ sagði Bloomfield. Meðlimir sveitarinnar eru hver með sína Twitter-síðu og að auki vinnur heilt teymi fólks við að sinna slíkum málum fyrir þeirra hönd.



STÓRSTJÖRNUR Frægðarsól hljómsveitarinnar hefur risið hratt. Hér má sjá hljómsveitina á sviði í New York þann 7. desember.

15 milljón eintök af breiðskífum, smáskífum og myndböndum sveitarinnar höfðu selst í nóvember á þessu ári.

6.350 milljónir króna eru tekjur sveitarinnar síðustu tvö ár.



„SÁ FYNDNI“ – LOUIS TOMLINSON
Louis fæddist á aðfangadag árið 1991 og ólst upp í Doncaster á Englandi. Foreldrar hans skildu þegar hann var mjög ungur og hann tók síðar upp eftirnafn stjúpfoður síns. Hann á fimm yngri hálfystur. Louis nam leiklist á sínum yngri árum og fékk nokkur smærri hlutverk í sjónvarpsþáttum á borð við Waterloo Road. Hann fór einnig með hlutverk Danny Zuko í uppfærslu Hall Cross-leikhússins á söngleikum Grease. Þetta varð til þess að yta undir söngáhuga Louis og sótti hann í kjölfarið um í The X Factor.



„SÁ SKYNSAMI“ – LIAM JAMES PAYNE
Liam fæddist þann 29. ágúst árið 1993 og ólst upp í Wolverhampton á Englandi. Hann á tvær eldri systur, Ruth og Nicolu. Liam er mikill íþróttahugamaður og stundaði íþróttir af miklum móð á sínum yngri árum. Hann var lagður í einelti í gagnfræðiskóla og hóf í kjölfarið að æfa hnefaleika. Í menntaskóla lagði hann stund á tónlist og tónfræði. Hann tók fyrst þátt í The X Factor þegar hann var fjórtán ára gamall og komst nokkuð langt í keppninni, Simon Cowell taldi hann ekki tilbúinn fyrir frægð og frama og sagði honum að koma aftur að tveimur árum liðnum, sem Liam gerði.



„SÁ PÖGLI“ – ZAYN MALIK
Zayn er fæddur þann 12. janúar árið 1993 og ólst upp í Bradford. Faðir hans er ættaður frá Pakistan en móðir hans er ensk. Zayn á eina eldri systur og aðra yngri. Honum var strítt í skóla vegna blandaðs bakgrunns síns. Hann segir ástæðuna að baki þátttöku sinni í The X Factor vera þá að hann langaði að upplifa eitthvað nýtt og skemmtilegt. Upphaldstónlistarstefnur hans eru rapp og R&B.



„SÁ SÆTI“ – NIALL JAMES HORAN
Niall fæddist 13. september árið 1993 í bænum Mullingar á Írlandi. Foreldrar hans skildu þegar hann var fimm ára gamall og eftir að hafa búið til skiptis hjá báðum foreldrum sínum ákváðu Niall og bróðir hans, Greg, að búa alfarið hjá föður sínum í Mullingar. Niall gekk í drengjaskóla og söng í skólakórnum. Hann hefur leikið á gítar síðan hann var barn að aldri og þykir nokkuð lunkinn gítarleikari. Hann er mikill aðdáandi Frank Sinatra, Dean Martin og Michael Bublé en hefur einnig gaman af rokkveitinni The Eagles.



„SÁ SJARMERANDI“ – HARRY STYLES
Harry er fæddur þann 1. febrúar árið 1994 í bænum Holmes Chapel. Foreldrar hans skildu þegar hann var sjö ára gamall og þegar móðir hans giftist að nýju fluttu Harry og systir hans með henni út í sveit. Áður en hann sló í gegn með One Direction vann hann í bakarafi. Upphaldssöngvari Harrys er konungurinn sjálfur, Elvis Presley. Hljómsveitarnafnið er komið frá Harry sem sagði hljómsveitameðlimi alla stefna í sömu átt að árangri.

Hertex í Mjóddinni



50%
afsláttur

af öllum nytjavörum,
frá 18. til 22. desember.



Barnabók
ársins
Washington
post

New York
Times
Met-
sölibók

3.
sæti

Bestu þýddu
barnabækurnar

Bókmenntaverðlaun
starfsfólks
bókaversiana

2012

fyrir
8-14
ára

Ævintýri eins og þau gerast best

Dagný og Sabrína Grimm eru afkomendur hinna frægu Grimmsbræðra. Margverðlaunaðar sögur þar sem kunnugleg ævintýri birtast í nýju ljósi.

Vorið 2012
Hlaut Bókabeitan
Vorvinda IBBY fyrir framlag
sitt til barnmenningar

Sérlegir
sérfræðingar í barna-
og unglingabókum

B
BÓKABEITAN

@ HARDIR PAKKAR

ALLT
TÖLVUTENGT
Á BETRA
VERÐI

LEIKJAMÚS



CM Storm Inferno
Frábær leikjamús, 4000DPI, hlaðin
möguleikum m.a. 9 forritanlegir
hnappar.



8.950

LEIKJALYKLABORÐ



Logitech G105
Glasilegt leikjalyklaborð
með baklýstum tökkum,
6 forritanlegir G hnappar.

12.450

SOLID STATE DISKUR



OCZ Agility 3 MLC NAND
120GB SSD drif 525MB/s read, 500MB/s write,
snildar uppfærsla fyrir hvort sem er fartölur eða
borðtölur.



20.750

HEYRNARTÓL



PHILIPS

Philips SHP1900

Sérstaklega þægileg heyrnartól, létt og hylja
eyrun alveg, skila mjög góðum hljóðum.

2.950

15,6" FARTÖLVA



Acer Aspire AE1531

- Intel B830 Dual Core örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 500GB SATA harðdiskur
- DVD ±RW og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár

acer

- Intel HD skjákort
- HD vefmyndavél í skjá
- Windows 8 64-BIT



89.950

24" LED SKJÁR



AOC E2450SWDA
LED LCD TN skjár með
1920x1080 upplausn,
5ms svartíma, VGA
og DVI tengi.

AOC

28.950

1TB TV FLAKKARI

1080P
HDMI



UNITED

United 9560

3.5" Full HD margmiðlunar-
spilari með HDMI, Composite
og Optical tengjum, innb.
SD/MMC kortalesara USB
Uplink off.

1TB

29.950



VEFMYNDAVÉL



Logitech WebCam C170

Einföld vefmyndavél með 1024x768 XGA upplausn.

2.750



TÖLVUVIÐGERÐASETT

MANHATTAN

Manhattan TOOLKIT

13 stykkja viðgerðasett fyrir tölvur og tengd tæki.

1.750

LEIKJATÖLVA



QuadCore

120GB
SSD
DRIF



AMD TÖLVA 3

- CoolerMaster Elite K350 leikjaturm með glugga
- AMD Bulldozer FX-4100 QuadCore örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 1600MHz vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 120GB OCZ Agility 3 SSD Drif
- Geforce N650GTX 1GB GDDR5 skjákort
- Windows 8 64bita

Windows 8

119.950

HEIMILISTÖLVA



120GB
SSD
DRIF



AMD TÖLVA 2

- CoolerMaster Elite 342 mini turm
- AMD Trinity A6 5400K DualCore örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 120GB OCZ Agility 3 SSD drif
- Radeon HD7540D 2GB skjákjarni
- Windows 8 64bita

Windows 8

89.950

7" SPJALDTÖLVA

nextbook



Android 4.0

Nextbook Premium 7

Létt og nett spjaldtölva með ARM Cortex-A8
örgjörva, 512MB minni, 4GB geymsluplássi,
7" WideScreen skjá og Android 4.0 stýrikerfi.

13.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EDA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR **AÐEINS KR. 950** HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• Sími 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



HEILSAÐ AÐ HÆTTI ROKKARA Kristinn Gíslason, Elvar Örn Hermannsson og Þorsteinn Kolbeinsson voru vígalegir á svip.

PUNGAROKKAÐ FRAM Á NÓTT

Fjandinn Kice Metalfest-tónlistarhátíðin fór fram á Gauknum á föstudag. Frönsku þungarokksveitirnar L'Esprit Du Clan og Hangman's Chair stigu á stökk ásamt íslensku sveitunum Momentum, Dimmu, Angist, Moldun og Ophidian I.



BOLIR Í BAKGRUNNI Jóhann Örn Sigurjónsson og Hörður Ólafsson brostu við boli merkta sveitinni Momentum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



VINALEG Þorbjörg Dexter mætti á tónleikana ásamt Steinari Ólafssyni.



TÓNLEIKAGESTIR Símon Þórólfsson og Elín Arnórsdóttir voru á meðal gesta.



MÆTA Í HÖLLINA Hluti af þeim tónlistarmönnum sem spila í Laugardalshöll.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Styttist í tónleikana Hátt í Höllinni

Margir af vinsælustu flytjendum Íslands koma fram.

Nú styttist í að tónlistarveislan Hátt í Höllinni verði haldin í Laugardalshöll, eða miðvikudagskvöldið 19. desember.

Fram koma Ásgeir Trausti, Hjálmar, Jónas Sigurðsson, Valdimar, Moses Hightower og Kiriya Family. Allir þessir flytjendur, fyrir utan Hjálma, gáfu út nýjar plötur núna fyrir jólin sem hafa hlotið góðar viðtökur.

Ásgeir Trausti hefur slegið í

gegn með sinni fyrstu plötu Dýrð í dauðabögn, Hjálmar hafa ekki spilað hér á landi í nokkurn tíma, hljómsveitin Valdimar sendi frá sér sína aðra plötu á dögnum, Moses Hightower gerði slíkt hið sama og Kiriya Family hefur hitt í mark með lögunum Weekends og Heal.

Uppselt er í stúku á tónleikana en enn eru eftir miðar í stæði. Miðarnir fást á Midi.is.

Hugh Jackman setur fjölskylduna í fyrsta sæti

Leikarinn Hugh Jackman brast í grát í viðtali við 60 mínútur er hann var spurður um fjölskylduna.

Leikarinn Hugh Jackman var í löngu viðtali við þáttinn 60 mínútur síðastliðinn sunnudag. Ástæða viðtalsins er frumsýning myndarinnar Les Misérables en þar leikur ástralski sjarmörinn eitt aðalhlutverkanna.

Jackman brast í grát í miðju viðtalinu er talið barst að fjölskyldunni og föður hans, sem ól hann og bræður hans upp ein-samall. Hann sagði að eina ráðið sem faðir hans hefði gefið honum í gegnum tíðina væri að taka fjölskylduna alltaf fram yfir framann, eitthvað sem leikarinn hefur reynt að tileinka sér hingað til. Jackman hefur verið giftur Deborra-Lee Furness í 16 ár og á með henni tvö börn.

Móður leikarans yfirgaf fjölskylduna þegar Jackman var einungis átta ára gamall en leikarinn fullyrðir í viðtalinu að hann sé búinn að fyrirgefa henni og reynir að hitta hana núna einu sinni á ári.



FJÖLSKYLDUMÆÐUR Hugh Jackman ásamt eiginkonu sinni til 16 ára, Deborra-Lee Furness, á frumsýningu Les Misérables í New York um helgina.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ástralinn fer með hlutverk Jean Valjean í Les Misérables og þurfti að halda líkamanum í góðu formi á meðan á tókum stóð. „Líkaminn er eitt af verkfærum mínum í vinnunni eins og röddin og tilfinningarnar. Þess vegna hef ég ekkert á móti því að mæta í ræktina.“

EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í óskju, gefðu Óskaskrín.



sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

HAGKAUP
Ein. ferð. betra. verð.



Óskaskrín

Opna - Velja - Njóta



Böðavó!



★★★★★

„Það er ævintýralegt, fræðandi og ótrúlega skemmtilegt að lesa sig gegnum *Öð ævisögu*. Í mínum huga ætti hún að vera skyldulesning kennara á öllum skólastigum. Höfundarnir eiga heiður skilinn.“

Guðmundur Oddur Magnússon
DV

★★★★½

„Jafn skemmtileg og hún er fróðleg. Framúrskarandi prentgripur. Bravó!“

Jón Agnar Ólason
Morgunblaðið

★★★★

„Bókin er ríkulega myndskreytt og hönnunin er fyrsta flokks. Mjög eigulegur gripur.“

Þóroddur Bjarnason
Fréttablaðið

„Bókin er sérlega falleg — kjörgripur.“

Þorgeir Tryggvason
Rás 2

Fjölbreyttara framhald af fyrstu plötunni

TÓNLIST ★★★★★

Pascal Pinon

Twosomeness
MORR MUSIC

Hljómsveitin Pascal Pinon vakti mikla athygli með fyrstu plötunni sinni sem kom út fyrir tveimur árum. Þá voru stelpurnar í hljómsveitinni fjórar, 15 og 16 ára. Nú eru bara tvær þeirra eftir, tvíbúrasysturnar Jófríður og Ásthildur Ákadætur, en Jófríður er jafnframt söngkona rafsveitarinnar Samaris.

Fyrsta plata Pascal Pinon var mjög ljúf og melódísk, orðið ungmeypopp kemur upp í hugann þegar maður hugsar um hana. Nýja platan, sem er gefin út af þýsku plötuútgáfunni Morr Music, er á svipuðum nótum en samt hefur hljóðheimurinn þróast mikið. Tónlistin er orðin mun dýpri og fjölbreyttari. Platan hefst á laginu Ekki vanmeta, en í því er nettur „lo-fi“ taktur áberandi. Næsta lag byrjar á orgeltónum sem gefa því karakter ásamt rödduninni. Raddútsætingarnar eru reyndar mjög flottar á plötunni allri og teljast eitt af aðalmerkjum Pascal Pinon. Í laginu Kertið mallar rykugur rafhljómur undir og í loklaginu Rifriði eru kassagítar og flauta aðalhljóðfærin, svo nokkur dæmi séu tekin. Platan er mjög heilsteypt. Lögirnir eru góð og textarnir skemmti-



TWOSOMENESS „Pascal Pinon hefur alveg sinn hljóm.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

lega hversdagslegir. Þeir eru á íslensku, ensku og sænsku.

Þó að þær Jófríður og Ásthildur séu bara tvær

eftir í hljómsveitinni er tónlistin á Twosomeness oft marglaga og greinilegt að þær systur hafa bætt í og nostrað við hvert lag. Það er svolítill „lo-fi“ hljómur á plötunni sem kemur mjög vel út. Stundum minnir tónlistin á Seabear eða múm, en samt er þetta engin hermiplata; Pascal Pinon hefur alveg sinn hljóm. Það hefur örugglega sitt að

segja um heildarútkomuna að það var Alex Somers sem stjórnaði upptökunum, en hann hefur áður unnið með Jónsa og Sigur Rós.

Á heildina litið er Twosomeness afbragðsplata sem sýnir að þær Jófríður og Ásthildur eru komnar ótrúlega langt í tónlistinni þrátt fyrir ungan aldur. Það verður líka að teljast nokkuð vel af sér vikið að hafa gefið út tvær plötur, spilað bæði í Kína og Japan og vera komnar á samning hjá Morr aðeins 18 ára!

Trausti Júlíusson

NIÐURSTAÐA: Tvíbúrasysturnar hæfileikaríku úr Vesturbænum með frábæra jaðarpoppplötu.

Gömul jólaævintýri á hljóðdíska

Hlusta.is gaf út sína fyrstu hljóðdíska á dögnum, jólasveinunum til ánægju.

„Þetta eru yndislegar sögur um gleði og birtu jólanna og vel til þess fallnar að hlusta á við kerta-ljós yfir hátíðarnar,“ segir Aðalsteinn Magnússon hjá Hlusta.is.

Hlusta.is gaf út tvo hljóðdíska nú fyrir jólin sem innihalda gömul jólaævintýri og sögur eftir íslenska og erlenda höfunda. Sögunnar eru allt frá tveimur mínútum upp í hálf tíma og lesnar af vönum upplurum á borð við Ólöfu Rún Skúladóttur og Ingólfi B. Kristjánssyni. „Þetta eru ekkert endilega sögur sem krakkar í dag þekkja. Þarna er til dæmis slavnesc jólasaga um babúskuna sem vitringarnir báðu um að koma með sér að finna Jesú barnið. Fyrst sagðist hún ekki

hafa tíma til þess en þegar henni snerist hugur hafði hún misst af þeim. Hún fór því á eftir þeim og hitti á leiðinni fullt af börnum og gaf þeim gjafir. Hún verður því hálfgerður jólasveinn,“ segir Aðalsteinn.

Að sögn Aðalsteins eru diskarnir tilvaldir fyrir krakka frá átta ára aldri og upp í fulloröna. Þetta er í fyrsta skipti sem Hlusta.is gefur efni út á diskum en Aðalsteinn útilokar ekki að það verði gert í meira mæli enda hafi viðtökurnar verið góðar. „Jólasveinarnir hafa til dæmis verið mjög hrifnir af þessum diskum þar sem þeir eru skemmtilegir, vandadír og ódýrir,“ segir Aðalsteinn sposkur.



FYRSTU HLJÓÐDISKARNIR Aðalsteinn og félagar hjá Hlusta.is gáfu út fyrstu hljóðdíska sína nú fyrir jólin, jólasögur á tveimur diskum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SAMBÍÓ

SAMBIO.IS

WELCOME TO THE HOME OF THE BRAVE

FRÁ ÞEIM SOMU OG

MÖGNUD SPENNUMYND

CHRIS HEMSWORTH, JOSH PECK, JOSH HUTCHERSON

RED DAWN

FRÁBYR

FRÍÓLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

FRÁBYR

FRÍÓLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

„BESTA ILLI HENNI ÞESSA ÁRS“

— MATTHEY FOX

— PETE HAMMOND — BOY OFFICE

ALEX CROSS

FRÁBYR

FRÍÓLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

FRÁBYR

FRÍÓLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

BOOM

ARGO

breaking dawn

ÁLFABAKKA

RED DAWN KL. 5:50 - 8 - 10:10

RED DAWN VIP KL. 5:50 - 8 - 10:20

RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:50

RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:50

RISE OF THE GUARDIANS KL. 10:10

PLAYING FOR KEEPS KL. 8 - 10:20

CHRISTMAS VACATION KL. 5:50 - 8

ALEX CROSS KL. 10:30

TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 KL. 8

WRECK-IT RALPH KL. 5:50

ARGO KL. 8 - 10:30

AKUREYRI

RED DAWN KL. 8 - 10:10

RISE OF THE GUARDIANS KL. 6

CHRISTMAS VACATION KL. 6 - 8

ALEX CROSS KL. 10:10

EGILSHÖLL

RED DAWN KL. 8 - 10:10

RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:30

RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:50

ALEX CROSS KL. 8 - 10:20

TWILIGHT BREAKING DAWN PART 2 KL. 5:30 - 8

HERE COMES BOOM KL. 8 - 10:30

ARGO KL. 10:20

WRECK-IT RALPH KL. 5:40

KRINGLUNNI NÖMERUD SÆTI

RED DAWN KL. 10:20 - 11

RISE OF THE GUARDIANS KL. 3

RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:50

RISE OF THE GUARDIANS KL. 8

PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50 - 8

SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:10

KEFLAVÍK

RED DAWN KL. 10:10

PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50

CHRISTMAS VACATION KL. 8

ALEX CROSS KL. 10:10

SPARBÍÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSINGULU Í BIÓAUGLÝSINGUM

SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINGULU

SMÁRABÍÓ

GLERAUGU SELD SÉR

5%

THE HOBBIT FORSYNING KL. 8

SO UNDERCOVER KL. 3.40 - 5.50 7

GODSAGNIRNAR FIMM 3D KL. 3.40 7

GODSAGNIRNAR FIMM 2D KL. 3.40 - 5.50 7

KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10.15 16

SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 10.20 16

HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8 7

NIKO 2 KL. 3.40 / SKYFALL KL. 6 - 9 12

SKYFALL LÚXUS KL. 6 - 9 12

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ

NÁNAR Á MIÐLIS

5%

HOBBIT FORSYNING KL. 9

JACKPOT KL. 6 - 8 - 10 16

SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 - 10.40 16

CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 16

DJÚPIÐ KL. 5.50 10

BORGARBIÓ

NÁNAR Á MIÐLIS

SO UNDERCOVER KL. 8 - 10 L

KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10 16

HERE COMES THE BOOM KL. 5.50 7

SKYFALL KL. 5.20 12

midis.is

Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is

— bara lúxus sími 553 2075

5%

SO UNDERCOVER

FRÁBYR

FRÍÓLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

FRÁBYR

FRÍÓLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

FRÁBYR

FRÍÓLSKYLDUSKEMTTUN

GODSAGNIRNAR FIMM

SKYFALL

LAUGARÁSBIÓ

Sýningartímar

SO UNDERCOVER 8

RISE OF THE GUARDIANS 3D 6

KILLING THEM SOFTLY 10

SKYFALL 6, 9, 10

12

LYFJA

— Lífið heil

www.lyfja.is

12

Ekki gleyma þér um jólin

Fjölvitamín, öflug trefjablanda og Gr8 góðgerlablanda. **NOW** eru bætiefni án óæskilegra aukaeftna.

Fyrir þig í Lyfju

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

12

WADJDA

ARFUR NÓBELS

SEARCHING FOR SUGAR MAN

MÁNUDAGUR: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ ÚTSKRIFTARSÝNINGAR KVIKMYNDA-SKÓLA ÍSLANDS - FRÍTT INN (16) 13-19

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDIR BORGARA.



STÓR SKATA
KÆST

998 KR
KG

Skatan er partur af jólinum



SALFISKUR
ÚTVATNAÐUR &
BEINHREINSAÐUR

1.895 KR
KG



SALFISK BITAR
SÉR ÚTVATNAÐUR

1.895 KR
KG



KARTÖFLUR
Í LAUSU

159 KR
KG



Birt með fyrirvara um staðsetningarvillur og eða myndavíxl

Glæsilegt mark Guðlaugs Victors

FÓTBOLTI Guðlaugur Victor Pálsson skoraði frábært mark fyrir NEC Nijmegen um helgina þegar hann tryggði sínum mönnum 1-1 jafntefli á móti toppliði PSV Eindhoven. Guðlaugur Victor fékk boltann fyrir utan teig þegar aðeins tíu mínútur voru til leiksloka. Hann lék á einn varnarmann og inn í teiginn þar sem hann lét vaða og boltinn sigldi upp í fjærhornið. Þetta var algjörlega óverjandi fyrir markvörð PSV. Þetta var annað mark Guðlaugs Victors í 11 leikjum með NEC en hann skoraði einnig í 2-1 útsigri á Groningen í byrjun nóvember. NEC er í sjöunda sætinu.



Aron aftur með og Kiel marði sigur

HANDBOLTI Aron Pálmarsson sneri aftur inn í lið Kiel í gær eftir meiðsli og hjálpaði liðinu að vinna nauman 27-26 sigur á Kára Kristjánsyni og félagum í Wetzlar. Lærissveinar Alfred Þíslasonar í Kiel töpuðu óvænt á móti Melsungen um síðustu helgi og voru 19-21 undir þegar tæpar 18 mínútur voru eftir. Kiel náði hins vegar að tryggja sér sigur í lokin. Aron Pálmarsson skoraði fjögur mörk í gær, öll í fyrri hálfleik, og Guðjón Valur Sigurðsson var með eitt mark.

Eiður Smári sá rautt í botnslag

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var rekinn af velli sjö mínútur fyrir leikslok þegar Cercle Brugge gerði 1-1 jafntefli við Lierse í botnslag í belgísku úrvalsdeildinni í fótbolta á laugardagskvöldið. Eiður Smári fékk þá sitt annað gula spjald en fyrra gula spjaldið fékk hann aðeins tveimur mínútum fyrr. Cercle var 1-0 undir þegar Eiður Smári var rekinn út af en Lucas Van Eenoo tryggði Cercle Brugge 1-1 jafntefli þegar hann skoraði jöfnunarmarkið á 89. mínútu leiksins.

Jón Arnór og félagar sterkir heima

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson á góðan leik í öruggum 18 stiga heimasigri CAI Zaragoza á Unicaja, 82-64, í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta um helgina en þetta var fjórði heimasigur liðsins í röð. Jón Arnór var með 10 stig, 4 fráköst og 3 stoðsendingar á 23 mínútum en hann hitti meðal annars úr 2 af 5 þriggja stiga skotum sínum. CAI Zaragoza er í 5. sæti deildarinnar og er búið að vinna 8 af 12 leikjum sínum, þar af 5 af 6 heimaleikjum sínum.

SUND ANTON SVEINN MEÐ TVÖ MET Í SAMA SUNDINU Á HM Í ISTANBÚL

Anton Sveinn Mckee, sundmaður úr Ægi, setti í gær tvö Íslandsmet í sama sundi þegar hann keppti í 1500 metra skriðsundi á heimsmeistaramótinu í 25 metra laug í Istanbul í Tyrklandi. Anton Sveinn setti þar með þrjú Íslandsmet á mótinu. Anton Sveinn Mckee synti 1500 metra skriðsund á tímanum 15:00,51 mínútum en tíminn hans eftir 800 metra var 7:52,84 mínútur. Með þessu bætti hann eigið með í báðum sundum. Gömlu mettmánnir hans voru 15:01,35 mínútur í 1500 metrunum og 7:58,40 mínútur í 800 metrunum. Anton Sveinn hafði fyrir helgi bætt met Arnar Arnarsonar í 400 metra skriðsundi.



HEIMSMEISTARAKEPPNI FÉLAGSLIÐA CHELSEA TAPAÐI ÚRSLITALEIKNUM Í JAPAN

Rafael Benitez tókst ekki að gera Chelsea að heimsmeisturum félagsliða í fótbolta í gær því Evrópumeistararnir töpuðu 0-1 á móti Corinthians frá Brasilíu í úrslitaleiknum í Japan.

Paolo Guerrero skoraði eina markið með skalla á 69. mínútu. Guerrero var heldur betur hetja brasilíska liðsins í þessari keppni því hann skoraði einnig sigurmarkið í undanúrslitaleiknum á móti Al-Ahly. Cassio, markvörður Corinthians, var valinn besti maður úrslitaleiksins og fékk líka gullknöttinn sem besti maður keppinnar. David Luiz hjá Chelsea fékk silfurknöttinn og Paolo Guerrero bronsknöttinn.

ALFRED FINNBOGASON

26. DEILDARMARKIÐ Á ÁRINU 2012

Alfred Finnbogason skoraði eina mark Heerenveen í gær þegar liðið tapaði 1-3 á móti Utrecht í hollensku úrvalsdeildinni. Alfred skoraði markið sitt úr víti á 78. mínútu og minnkaði muninn í 1-2 en hann hafði áður fengið dæmt á sig víti og fengið gult spjald fyrir leikaraskap. Alfred hefur þar með skorað 13 mörk í 15 deildarleikjum með Heerenveen og alls 26 mörk í 34 deildarleikjum á árinu 2012 með Lokeren í Belgíu (2 leikir/1 mark), Helsingborg í Svíþjóð (17/12) og svo Heerenveen í Hollandi. Það hefur lítið gengið hjá Heerenveen (13. sæti) þrátt fyrir markaskor Alfreds en liðið hefur aðeins náð að vinna þrjá af þeim tíu leikjum þar sem hann hefur verið á skotskónum.



FRJÁLSAR ANÍTA BÆTTI ELSTA ÍSLANDSMETIÐ INNANHÚSS

Aníta Hinriksdóttir, hlaupakonan efnilega úr ÍR, bætti elsta Íslandsmetið innanhúss um tæpar tíu sekúndur á jólamóti Ármanns um helgina en metið var orðið 34 ára gamalt. Aníta hljóp á tímanum 2:43,22 mínútum og sló met Lilju Guðmundsdóttur sem var 2:52,10 mínútur og sett árið 1978. Elsta metið innanhúss er nú met Ragnheiðar Ólafsdóttur í 1500 metra hlaupi frá árinu 1982. Líklegt er að Aníta geri einnig atilögu að því meti næstu árin en hún setti Íslandsmet í 800 metra hlaupi utanhúss í sumar.



POWERADE-BIKARINN Í KÖRFUBOLTA SJÖ FÉLÖG KOMIN ÁFRAM Í ÁTTA LIÐA ÚRSLIT

Sjö félag eru komin áfram í átta liða úrslit Powerade-bikars karla í körfubolta. Lokaleikur sextán liða úrslitanna fer fram klukkan 19.15 í kvöld þegar 1. deildarlið Hauka tekur á móti ÍR í Schenker-höllinni á Ásvöllum. Það verður fyrsti leikur Ívars Ásgrímssonar sem þjálfara Hauka (tók við af Pétri Guðmundssyni) en hann mætir þar sínum gamla félagi úr Haukum, Jóni Arnari Ingvarssyni, þjálfara ÍR. Dominos-deildarlið Snæfells (vann Þór Þ. 91-83), Stjórnunnar (vann KFÍ 97-78), Keflavíkur (vann Hamar 93-75), Njarðvíkur (vann Hauka-b 112-57) og Grindavíkur (vann Fjölni 101-98) komust áfram í gærkvöldi en áður höfðu 1. deildarlið Vals (vann KR-b 94-53) og Reynis úr Sandgerði (vann Augnablik 74-66) tryggt sig áfram í næstu umferð bikarsins.



EVROPUMEISTARAR SVARTFJALLALANDS Gullið í höfn eftir magnaðan úrslitaleik í Belgrad í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

Stoltur þrátt fyrir silfur

Svartfjallaland er Evrópumeistari kvenna í handbolta eftir 34-31 sigur á stelpunum hans Þóris Hergeirssonar í dramatískum tvíframlengdum úrslitaleik í Serbíu.

HANDBOLTI Sigurganga norska kvinnalandsliðsins endaði í gær eftir einn rosalegasta úrslitaleik handboltasögunnar.

Handhafar allra stóru titlanna höfðu unnið fjóra Evrópumeistaratitla í röð og flestir voru búnir að spá því að liðið tæki þann fimmta í röð heim til Ósló á morgun.

Staðan var jöfn eftir venjulegan leiktíma, 24-24, og fyrstu framfæringu, 28-28, þar sem norska liðið jafnaði í bæði skiptin. Svartfjallaland landaði hins vegar gullinu með því að skora fjögur síðustu mörk leiksins, halda hreinu síðustu þrjú mínúturnar og tryggja sér 34-31 sigur.

Þóris Hergeirsson, íslenskur þjálfari norska liðsins, var með sitt lið á góðu skriði eftir ellefu marka sigur á Ungverjum í undanúrslitum daginn áður og þjálfari Svartfjallaland talaði um það

fyrir leikinn að hans konur þyrftu handboltakraftaverk til að vinna heims-, Ólympíu- og Evrópumeistarana.

„Það eru mikil vonbrigði fyrir alla að tapa þessum leik. En þegar við jöfnum okkur á þessu sára tapi getum við borið höfðið hátt. Þær voru betri í þessum leik og voru yfir stærsta hluta leiksins. Við reyndum allan tímann að finna lausnir. Þetta er sárt en ég er stoltur af mínum leikmönnum,“ sagði Þóris Hergeirsson í sjónvarpsviðtali eftir leik.

Svartfjallaland spilaði seinni undanúrslitaleikinn á laugardaginn þar sem liðið þurfti að hafa mikið fyrir sigri á heimakomum í Serbíu. Liðið spilaði auk þess á færri leikmönnum en norska liðið sem gat leyst sér að hvíla sína leikmenn í síðasta leiknum í milliríðunum. Það bjuggust flestir við því

að það færi að draga af Svartfellungum í lok leiksins, í fyrstu framfæringu eða í seinni framfæringu. En þær héldu út með hinar frábæru Katarinu Bulatovic og Milenu Knezevic í fararbroddi og unnu að lokum sögulegan sigur fyrir þessa litlu þjóð sem er aðeins tvöfalt fjölmennari en Ísland.

„Þær voru rosalega hungraðar í gullið og það vó þyngst á endanum. Að auki eru þær rosalega vel samæfðar enda spila þær saman á hverjum degi,“ sagði Þóris.

Norska liðið var búið að vinna þrjú stórmót í röð undir stjórn Selvfyssingsins og árangur hans er eftirtektarverður þrátt fyrir að gullið hafi ekki komið í hús í gær.

Liðið hefur unnið verðlaun á fyrstu fimm stórmótunum undir hans stjórn um leið og hann hefur unnið hörðum höndum að því að endurnýja liðið. ooj@frettabladid.is

Sluppu við „Mission Impossible“

Hrafnhildur Skúladóttir ánægð með að lenda á móti Tékkum í umspili HM 2013.

HANDBOLTI Íslenska kvinnalandsliðið hafði heppnina með sér þegar dregið var í umspilið um laus sæti á Heimsmeistaramótinu í Serbíu sem fer fram í desember á næsta ári. Íslenska liðið lenti á móti Tékklandi, sem er eina liðið sem náði ekki að hala inn stig í milliríðunum á EM í Serbíu.

„Ég er svo kát og glöð því þetta gat ekki farið betur. Við byrjum heima og það er rosalega mikilvægt að ná góðum úrslitum í heima-leiknum,“ sagði Hrafnhildur Skúladóttir, fyrirlíði íslenska liðsins, en leikirnir fara fram í byrjun júnímánaðar. Tékkar urðu í 12. sæti á EM í Serbíu en íslenska landsliðið lenti þar í 15. og næstsíðasta sæti.

„Þetta tékkneska lið er búið að vera á rosalegri siglingu og þær eru búnar að spila alveg frábæra á EM. Þær stóðu meðal annars í Noregi allan leikinn og hafa sýnt að þær eru búnar að taka gríðarlegum framförum. Þær voru

samt klárlega lakasta liðið í efri styrkleikaflokknum,“ sagði Hrafnhildur. Íslenska liðið hefði nefnilega getað mætt Danmörku, Rússlandi, Spáni, Rúmeníu, Frakklandi, Þýskalandi eða Svíþjóð í þessum umspilsleikjum.

„Við hefðum nánast getað verið að fara í „Mission Impossible“ þannig séð því við hefðum getað lent á móti alveg skelfilegum þjóðum. Auðvitað getum við slyst til að vinna einn og einn leik á móti þessum stóru þjóðum en þegar komið er í tvo leiki í umspili er orðið ansi erfitt að slá þessar allra sterkustu þjóðir út,“ sagði Hrafnhildur.

Íslenska liðið er búið að komast inn á stórmót undanfarin þrjú ár og á nú góða möguleika á að ná stórmóti fjórða desembermánuðinn í röð.

„Við skuldum það að gera betur í Serbíu, það er klárt,“ sagði Hrafnhildur að lokum.



HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR Á æfingu með íslenska landsliðinu á EM í Serbíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Eirberg



Háls- og herðanudd

HOM-NMS300BW

Shiatsu nudd með hita. Dregur úr vöðvaspennu í hálsi og herðum.

14.750 kr.



Herðanudd – fjölnota

HOM-NSP200

Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu. Hentar einnig á bak, mjaðmir og læri. Margskonar stillimöguleikar.

16.980 kr.

Nuddsæti Shiatsu MAX

HOM-CBS1000

Bak- og herðanudd sem nær yfir 80% stærra svæði en hefðbundin nuddsæti.

Shiatsu- og rúllandi nudd fyrir bak.

Vibrandi nudd á mjaðmir og læri.

Infrarauður hiti.

Bólstraður hliðarstuðningur.

Fjarstýring með 14 stillimöguleikum.

Áklæði sem hægt er að þvo.

55.980 kr.



Gefðu góða gjöf

Skrifborðslampi með dagsbirtuljósi

LUM-NLDLU

Dagsbirtuljós með LED perum sem dregur úr þreytu, orkuleysi og vanlíðan í skammdeginu. Ljós magn 10.000 lux í 22 cm fjarlægð. 4 stillingar fyrir birtumagn. Mælt er með 30-60 mín. meðferð á dag. Viðurkennt sem lækningatæki.

39.750 kr.



Fótavermir

SOE-68022

3 hitastillingar. Hraðhitun. Hægt að þvo innra byrði. Slekkur sjálfkrafa á sér eftir 90 mín.

6.490 kr.



Nuddpúði með gelhausum

HOM-SP1000

Einstök tilfinning – mjúkir gelhausar sem laga sig að líkamanum. Shiatsu nudd og titringur. Infrarauður hiti. Fjarstýring með ýmsum stillimöguleikum.

19.750 kr.



Nuddsæti Sænsk nudd

HOM-QRM360H

Ný og endurbætt útgáfa

4 sjálfstæðar nuddrúllur sem fara upp og niður eftir bakinu.

Djúpt hnoðandi nudd sem lagar sig að líkamanum.

Infrarauður hiti.

Fjarstýring með 6 stillimöguleikum.

29.980 kr.

Sólarljósið í skammdeginu

LUM-NBCTE

Vekjaraklukka sem eykur ljósmagn smátt og smátt í 30 mín. líkt og við sólarupprás. Ljósið gefur líkamanum merki um að draga úr framleiðslu svefnhormóna og auka framleiðslu hormóna sem hjálpa þér að vakna. Hentar einstaklega vel í skammdeginu á Íslandi.

17.750 kr.



Vita-Flex Nuddtæki

SOE-68009

Vibrandi nudd og infrarauður hiti. Beygjanlegt handfang sem auðveldar notkun. 4 mismunandi nuddhausar fylgja.

5.780 kr.



Vita-Duo Nuddtæki

SOE-68007

Hamrandi nuddtæki með tveim nuddhausum og infrarauðum hita. 2 tegundir af nuddhausum fylgja.

12.480 kr.



ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN - ÚRSLIT

NEWCASTLE - MANCHESTER CITY 1-3
0-1 Sergio Agüero (10.), 0-2 Javi García (39.), 1-2 Demba Ba (51.), 1-3 Yaya Touré (78.)

LIVERPOOL - ASTON VILLA 1-3
0-1 Christian Benteke (29.), 0-2 Andreas Weimann (40.), 0-3 Christian Benteke (51.), 1-3 Steven Gerrard (87.)

MAN, UNITED - SUNDERLAND 3-1
1-0 Robin van Persie (16.), 2-0 Tom Cleverley (19.), 3-0 Wayne Rooney (59.), 3-1 Fraizer Campbell (72.)

NORWICH - WIGAN 2-1
1-0 Anthony Pilkington (15.), 1-1 Shaun Maloney (51.), 2-1 Wes Hoolahan (64.)

QUEENS PARK RANGERS - FULHAM 2-1
1-0 Adel Taarabt (52.), 2-0 Adel Taarabt (68.), 2-1 Miladen Petric (88.)

STOKE - EVERTON 1-1
0-1 Sjálfsmark Ryan Shawcross (36.), 1-1 Kenwyne Jones (52.)

TOTTENHAM - SWANSEA 1-0
1-0 Jan Vertonghen (75.)

WEST BROM - WEST HAM 0-0

STAÐAN Í DEILDINN

Man. United	17	14	0	3	43-24	42
Man. City	17	10	6	1	33-15	36
Chelsea	16	8	5	3	28-17	29
Tottenham	17	9	2	6	30-25	29
Everton	17	6	9	2	28-21	27
West Brom	17	8	3	6	24-21	27
Norwich	17	6	7	4	19-25	25
Arsenal	16	6	6	4	26-16	24
Stoke	17	5	9	3	15-13	24
Swansea	17	6	5	6	26-22	23
West Ham	17	6	5	6	21-20	23
Liverpool	17	5	7	5	23-23	22
Fulham	17	5	5	7	28-29	20
Aston Villa	17	4	6	7	15-24	18
Newcastle	17	4	5	8	19-26	17
Sunderland	17	3	7	7	18-24	16
Southampton	16	4	3	9	22-32	15
Wigan	17	4	3	10	18-32	15
QPR	17	1	7	9	15-30	10
Reading	16	1	6	9	19-31	9

MARKAÐESTU MENN

Robin van Persie, Manchester United	12
Michu, Swansea City	12
Demba Ba, Newcastle	11
Luis Suárez, Liverpool	10
Jermain Defoe, Tottenham	9

United á toppnum yfir jólin

Manchester United er áfram með sex stiga forskot á nágrannana í Manchester City eftir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Liverpool steinlá á heimavelli á móti Aston Villa og QPR vann loksins leik.

FÓTBOLTI Staða Manchester-liðanna á toppi ensku úrvalsdeildarinnar breyttist ekkert eftir 17. umferðina um helgina, en bæði liðin unnu 3-1 sigra í leikjum sínum og er United því áfram með sex stiga forskot á toppnum.

Manchester United er því öruggt með toppsætið yfir jólin þrátt fyrir að ein umferð sé eftir, en það lið sem hefur verið á toppnum yfir jólahátíðina undanfarin þrjú ár hefur unnið Englandsmeistarátítilinn vorið eftir.

Búinn að ná fullum þroska

Robin van Persie var búinn að skora sigurmarkið í þremur leikjum í röð fyrir leikinn á móti Sunderland og var maðurinn á bak við tvö af þremur mörkum liðsins í sigrinum á Sunderland. Hann skoraði fyrsta markið og lagði síðan upp þriðja og síðasta markið fyrir Wayne Rooney.

Van Persie hefur skorað tólf mörk á tímabilinu auk þess að eiga þátt í sex öðrum mörkum félaganna sinna. „Hann er með frábæra tölfræði. Við erum að horfa upp á leikmann sem er búinn að ná fullum þroska. Hann er farinn að nýta sér reynsluna og hefur nú bæði þekkinguna og getuna. Arsenal hafði hann í fjögur ár en var bara nýbúið að átta sig á hver besta staðan hans er. Við nýtum okkur það,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United. Van Persie hefur nú skorað 60 mörk í síðustu 72 leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni.

„Það er mikilvægt að halda

áfram eftir sigra eins og í Manchester-slagnum um síðustu helgi. Við reynum að halda flugi okkar áfram og sýna áfram stöðugleika. Vonandi verðum við enn í toppsætinu þegar nýja árið rennur í garð,“ sagði Ferguson um leikinn. Roberto Mancini, stjóri Manchester City, var ánægður með sína menn eftir 3-1 útisigur á Newcastle.

„Það var mikilvægt að byrja vel eftir tapið á móti United og strákarnir stóðu sig mjög vel. Allir leikmenn liðsins spiluðu vel og við hefðum getað skorað sex eða sjö mörk í þessum leik því við klúðruðum svo mörgum góðum færum,“ sagði Mancini.

Liverpool steinlá 1-3 á heimavelli á móti Aston Villa og Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, var daufur í dálkinn eftir leikinn. Liverpool hefur aðeins unnið 3 af 9 heimaleikjum sínum á tímabilinu.

Hvaðan kom þetta?

„Þessi úrslit eru mikil vonbrigði og ekki var frammistaðan minni vonbrigði. Ég veit ekki hvaðan þessi spilamennska kom því þetta var ólíkt okkur. Við verðum að skrifa þetta á slæman dag og halda áfram,“ sagði Rodgers.

Queens Park Rangers vann sinn fyrsta deildarleik á tímabilinu og komst upp úr botnsæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir 2-1 sigur á Fulham.

Adel Taarabt skoraði bæði mörk QPR í leiknum, sem færði Harry Redknapp sinn fyrsta

sigur sem stjóri liðsins. Queens Park Rangers var búið að gera jafntefli í fyrstu þremur leikjum sínum undir stjórn Harry Redknapp.

Norwich City vann sinn þriðja leik í röð og er komið upp í sjöunda sæti eftir 2-1 heimasigur á Wigan. Wes Hoolahan skoraði sigurmarkið eftir sendingu frá Anthony Pilkington, sem skoraði einmitt fyrra mark liðsins í leiknum.

Fín innkoma hjá Gylfa

Gylfi Þór Sigurðsson átti fjna innkomu í 1-0 sigri Tottenham á hans gömlu félagum í Swansea. Staðan var markalaus þegar Gylfi kom inn tuttugu mínútur fyrir leikslok og aðeins nokkrum mínútum síðar skoraði Jan Vertonghen sigurmarkið þegar varnarmann Swansea virtust alltof uppteknir af Gylfa í teignum. Gylfi lagði einnig upp algjört dauðafæri fyrir Jermaine Defoe sem enski landsliðsmaðurinn fór illa með.

ooj@frettabladid.is

ROBIN VAN PERSIE

15 mörk í 21 leik í öllum keppnum með Manchester United á þessu tímabili.



EISA AWARD Best Product 2012-2013
GREEN TV
Philips 55PFL6007

4stk
3D gleraugu fylgja

HÁMARKAÐU UPPLIFUNINA MEÐ PHILIPS AMBILIGHT SJÓNVARPI

Aukin upplifun verður með Ambilight Spectra 2. Þessi einkaleyfavarða hönnun Philips stækkar skjáinn með að varpa ljósi út frá tækinu á vegginn bakvið tækið. Ambilight breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndina á skjánum svo upplifunin verður framúrskarandi. Ljósið má stilla í takt við lit á vegg þannig að upplifunin helst óbreytt sama hvernig litur er á veggnum bakvið tækið. Myndir hreinlega lifna við með Ambilight Spectra 2.

32" LED

TILBOÐ

199.995

FULLT VERÐ 219.995

42" LED

TILBOÐ

239.995

FULLT VERÐ 299.995

47" LED

TILBOÐ

289.995

FULLT VERÐ 329.995

55" LED

TILBOÐ

469.995

FULLT VERÐ 499.995

PHILIPS



Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

LYSTADÚN

Jólatilboð - Jólatilboð - Jólatilboð - Jólatilboð



Jólatilboð

Olga rúm, Medipocket 20 dýna
ásamt tveimur náttborðum

Verð: 256.500.-

Verð áður: 342.000

SVEFNHERBERGIS TILBOÐ

Mediline heilsurúm til í öllum stærðum og 6 stíflækum, Mediline heilsurúmið er klæðskerasniðið að þínum þörfum: Íslensk Hönnun og hugvit sem stendur öðru framar. **Berið saman verð og gæði**

NAPCO HEILSURÚM



Rafmagnsrúm 160x200
Verð: 354.760.- Verð áður: 506.800.-

Napco
heilsurúm
160x200
tvöfalt fjaðurkerfi
með höfðagafli

Jólatilboð

188.600.-

Verð áður: 269.400.-

SVEFNHERBERGIÐ



Einnig hægt að fá í stærðinni 180x200

Liam
rafmagnsrúm
160x200
tvö náttborð og
Mediline heilsudýna

Jólatilboð

392.700.-

Verð áður: 561.000.-

MEDILINE HEILSURÚM




Mediline
heilsurúm
160x200

Jólatilboð

Verð frá: **154.160.-**

VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI Á ÖLLUM RÚMUM

SATIN SÆNGURVER



Satin sængurver
Frá Seba og
Fussenegger
Mikið úrval

Jólatilboð

Verð frá: **9.200.-**

DÚNSÆNG



Dúnsæng 800gr.
90% andadúnn
10% andafiður
hreinsað

Jólatilboð

21.520.-

Verð áður: 26.900.-

HRÚGÖLD



Hrúgöld
Margir litir
Flott gjöf í unglinga
herbergjið

Jólatilboð

19.920.-

Verð áður: 24.900.-

NOEL JÓLAILMURINN ER KOMINN

VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI*

- > **Mörkinni 4** > 105 Reykjavík > Sími: 533 3500
- > **Höfsbót 4** > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
- > **Opnunartímar:** Virka daga 10-18 | Laug 10-16 > www.lystadun.is

Opið alla
daga til jóla






Stöð 2 kl. 22.00 Homeland

Það er komið að æsi-spennandi lokaþætti af Homeland á Stöð 2. Þátturinn er sýndur innan við sólarhring eftir frumsýningu þáttarins í bandarísku sjónvarpi. Núna þarf Carrie að taka afdrifarlíka ákvörðun og Brody er í bráðri hættu.

Í KVÖLD



I'm Not There

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00 Sex ólíkir leikarar fara með hlutverk söngvaskáldsins víðfræga Bob Dylan í þessari mynd um líf hans og starf. Myndin er full af flottum nöfnum og meðal þeirra sem leika í henni eru Richard Gere, Heath Ledger, Cate Blanchett, Christian Bale og Marcus Carl Franklin.

77% **6,9**



CSI: New York

SKJÁR 1 KL. 22.00 Lokaþáttur seríunnar um Mac Taylor og félagar í tæknideild lögreglunnar í New York. Þátturinn að þessu sinni er enn meira spennandi en venjulega því Mac sjálfur verður fyrir skoti og berst fyrir lífi sínu. Nær teymið hans að láta réttlætið fram ganga?

8,7 **6,7**



Glee

STÖÐ 2 KL. 20.15 Þá er komið að áttunda þættinum í fjórðu þáttaröðinni um söng- og dansglöðu kennarara og nemendurna í McKinley-menntaskólanum. Nú eru flestir af upprunalegu nemendum komnir á næsta stig í lífinu og hæfileikahópurinn fullur af nýju blóði.

8,3 **7,1**

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfregni **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregni **10.13** Stefnumót: Nýttkomnir geisladiskar **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregni **13.00** Hringrás **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa (2.7) **15.25** Fólk og fræði: Endurnýjun náttúrunnar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregni **19.00** Endurómur úr Evrópu - Jólakonsert **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Kvöldtónar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregni **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Samfélagið **22.30** Albúmið: OK Computer - Radiohead **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 12.00** Maður og jörð – Höfin: Niður í djúpin (1:8) (Human Planet) (e)
- 12.50** Maður og jörð – Á tókustað (1:8) (Human Planet: Behind the Lens) (e)
- 13.00** Kexvexmiðjan (1:6) (e)
- 13.30** Njósarnari (1:6) (Spy) (e)
- 14.00** Róið til sigurs (Going for Gold: The '48 Games) (e)
- 15.30** Silfur Egils (e)
- 16.50** Landinn (e)
- 17.20** Tákn málsfréttir
- 17.30** Jóladaatalið
- 17.31** Hvar er Völundur?
- 17.37** Jól í Snædal
- 18.00** Turnverðirnir (5:10)
- 18.15** Hruturinn Hreinn
- 18.25** Völundur – nýsköpun í iðnaði (5:5) (Matur er mannsins megin)
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfregni
- 19.35** Kastljós
- 20.10** Letidýrin (Meet the Sloths)
- 21.10** Hefnd (3:22) (Revenge)
- 22.00** Tíufregni
- 22.15** Veðurfregni
- 22.25** Íslenski boltinn
- 23.10** Rúnar Þór í Salnum Upptaka frá 25 ára útgáfuafmæli Rúnar Þórs í Salnum í Kópavogi 3. febrúar 2012.
- 00.15** Kastljós (e)
- 00.45** Fréttir
- 00.55** Dagskrárlök

BÍÓ

- 11.25** Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief
- 13.20** Gosi
- 15.05** Make It Happen
- 16.35** Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief
- 18.35** Gosi
- 20.25** Make It Happen
- 22.00** I'm Not There
- 00.10** O Jerusalem
- 01.50** Cleaner
- 03.20** I'm Not There

STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Malcolm in the Middle (13:22)
- 08.30** Ellen (62:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (45:175)
- 10.15** Wipeout USA (12:18)
- 11.00** Drop Dead Diva (9:13)
- 11.45** Falcon Crest (21:29)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** American Idol (28:39) (29:39)
- 14.45** ET Weekend
- 15.30** Ozzy & Drix
- 15.50** Stuðboltastæpurnar
- 16.10** Villingarnir
- 16.35** Bold and the Beautiful
- 17.00** Nágrannar
- 17.25** Ellen (63:170)
- 18.10** Jóladaatal Skoppu og Skrítlu (17:24)
- 18.23** Veður Ítarlegt veðurfregniyfirlit.
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.16** Veður
- 19.25** The Big Bang Theory (12:23)
- 19.50** The Middle (3:24)
- 20.15** Glee (8:22)
- 21.05** Covert Affairs (3:16)
- 21.55** Homeland (12:12)
- 22.50** Man vs. Wild (5:15) Ævintýrlegir þættir frá Discovery. Þáttastjórnandinn Bear Grylls heimsækir ólíka staði víðs vegar um heiminn, meðal annars Andes-fjöllin, Sahara, Síberíu, Havaí, Skotland og Mexíkó að ógleymsdu Íslandi. Þegar hann lendir í vandræðum þá reynir á útsjónarsemi hans og færni til að komast aftur til byggða.
- 23.40** Modern Family (3:24)
- 00.05** How I Met Your Mother (2:24)
- 00.30** Chuck (9:13)
- 01.20** Burn Notice (7:18)
- 02.05** Medium (12:13)
- 02.50** London to Brighton
- 04.15** Covert Affairs (3:16)
- 04.55** Drop Dead Diva (9:13)
- 05.35** Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00** Spænski boltinn: Barcelona - At. Madrid
- 18.00** Spænski boltinn: Barcelona - At. Madrid
- 19.40** HM 2011: Ísland - Ungverjaland
- 21.00** Spænsku mörkin
- 21.30** The Royal Trophy 2012 Útsending frá spennandi golfmóti þar sem úrvalslið Evrópu og Asíu eigast við.
- 00.30** Being Liverpool Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar. Leikmenn og þjálfarar opna dyrnar og sýna hvernig líf knattspyrnumanna er, innan vallar sem utan.

SPORT 2

- 07.00** WBA - West Ham
- 14.15** Stoke - Everton
- 15.55** Tottenham - Swansea
- 17.35** Sunnudagsmessan
- 18.50** Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.45** Reading - Arsenal BEINT
- 22.00** Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.00** Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
- 23.30** Reading - Arsenal

krakkar

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.00** Könnuðurinn Dóra
- 08.25** Svampur Sveinsson
- 08.50** Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00** UKI
- 09.10** Strumparnir
- 09.30** Brunabíllarnir
- 09.50** Ofurhundurinn Krypto
- 10.15** Ævintýri Tinna
- 10.35** Histeria!
- 11.00** Stöð 2 Krakkar – barnatími
- 16.50** Villingarnir
- 17.15** Krakkarinn í næsta húsi
- 17.40** Tricky TV (18:23)

POP TÍVÍ

- 17.05** Simpson-fjölskyldan (14:22) Hómer fær bréf frá bæjarbókasafinu þar sem hann er beðinn að skila bók sem hann er með og er í vanskilum. Bókina leigði Hómer þegar Bart fæddist þar sem hann hafði hugsað sér að hafa eitthvað að lesa fyrir drenginn. Lísa fær Hómer til að lesa sögur í bókinni núna og þær eru um Odysseif, Jóhönnu af Örku og Hamlet.
- 17.30** ET Weekend
- 18.15** Gossip Girl (4:25)
- 19.00** Friends (14:24) J
- 19.50** How I Met Your Mother (13:20)
- 20.15** The Cougar (5:8) Skemmtilegur raunveruleikaþáttur frá þeim sem sömu og gerðu The Bachelor en hér er um að ræða þroskaða konu sem er í aðalhlutverkinu. Hún verður umkringd ungum mönnum sem þurfa að keppa um athygli hennar með ýmsum hætti. Markmiðið er að hún muni svo að lokum finna sálufélag sinn.
- 21.05** Hart of Dixie (15:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ífaði um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
- 21.50** Privileged (18:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru ofdekraðar og gjörspiltar.
- 22.35** The Cougar (5:8)
- 23.20** Hart of Dixie (15:22)
- 00.05** Privileged (18:18)
- 00.50** Tónlistarmyndbönd frá PoppTívi

GULL

- 18.05** Doctors (92:175)
- 18.50** Jóladaatal Skoppu og Skrítlu (17:24)
- 19.00** Ellen (63:170)
- 19.45** Logi í beinni
- 20.25** Að hætti Sigga Hall (11:18)
- 21.10** Mér er gamanmál
- 21.40** Logi í beinni
- 22.20** Að hætti Sigga Hall (11:18)
- 22.55** Mér er gamanmál
- 23.25** Tónlistarmyndbönd frá PoppTívi

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Rachael Ray (e)
- 08.45** Dr. Phil (e)
- 09.35** Pepsi MAX tónlist
- 16.35** Minute To Win It (e)
- 17.20** Rachael Ray
- 18.05** Dr. Phil
- 18.45** My Generation (8:13) (e)
- 19.25** America's Funniest Home Videos (41:48) Bráðskemmtilegur fjöl-skylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
- 19.50** Will & Grace (20:24) (e)
- 20.15** Parks & Recreation (8:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie þarf að svara fyrir gjörðir sínar í þessum skemmtilega þætti.
- 20.40** Kitchen Nightmares (10:17)
- 21.30** Sönn íslensk sakamál (8:8) Ný þáttaröð af einum vinsælustu en jafnframt umtöluðustu þáttum síðasta áratugar. Sönn íslensk sakamál fjalla á raunsannan hátt um stærstu sakamál síðustu ára. Líkfundarmálið er eitt ótrúlegasta sakamál áratugarins sem leið. Þegar Vaidas Jucevicius veikist illa vegna fíkniefna innvortis grípa þeir Grétar Kristjánsson og Jónas Ragnarsson til þess ráðs að koma honum ekki til hjálpar með skelfilegum afleiðingum.
- 22.00** CSI: New York (18:18)
- 22.50** CSI (10:23) Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
- 23.30** The Bachelor (5:12) (e)
- 01.00** Parks & Recreation (8:22) (e)
- 01.25** Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **08.10** PNC Challenge 2012 (2:2) **11.10** Golfing World **12.00** PNC Challenge 2012 (2:2) **15.00** World Golf Championship 2012 (4:4) **20.50** PNC Challenge 2012 (2:2) **00.00** ESPN America

INN

- 20.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **20.30** Björn Bjarna / bókaþáttur **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistaranna

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Kaninn FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

HOMELAND
LOKAPÁTTUR Í KVÖLD KL. 22.00

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Kafðu það notalegt með Cadbury yfir hátíðirnar



MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er Sigurjón digri með Stuðmönnum. Eg er að læra það á bassa því að Tómas Tómasson er uppáhaldsbassaleikarinn minn.“

Ari Eldjárn spéfugl.

Annasömu ári að ljúka hjá Hermigervli

Sveinbjörn Thorarensen er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna eftir heldur annasamt tónlistarár.

Raftónlistarmaðurinn og upptökstjórinn Sveinbjörn Thorarensen er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár í flokki upptökustjóra ársins. Tilnefninguna hlýtur hann ásamt Styrmi Hauksyni fyrir plötuna Retro Stefson.

Sveinbjörn, sem gengur undir listamansnafninu Hermigervill, segir árið sem er að líða hafa verið annasamt. Ásamt því að stýra upptökum á nýrri plötu Retro Stefson stýrir hann upptökum á væntanlegri plötu tónlistarmannsins Berndsen og

sinnir eigin tónlistarsköpun þegar tími gefst til.

„Það er búið að vera brjálæðislega mikið að gera hjá mér í ár. Eg vinn líka í eigin tónlist og sem tónlist fyrir kvikmyndir, auglýsingar og iPhone-leiki. Mín tónlist hefur þó setið svolítið á hakanum því hin verkefni fá forgang, en ég ætla að reyna að bæta úr því á nýju ári,“ segir Sveinbjörn.

Hann kemur fram á tónleikumum Síðasti sjens ásamt Retro Stefson þann 30. desember. Tónleikarnir fara fram í Vodafone-

höllinni og hefjast klukkan 21. „Þetta verður geðveikt stuð enda er þetta síðasti séns til að sletta úr klaufunum á þessu ári. Eg byrja kvöldið og svo tekur Retro Stefson við. Eg er samt orðinn hluti af sveitinni þannig ég fæ ekkert að hvíla mig eftir mitt sett.“

Aðspurður segist Sveinbjörn búast við húsfylli um kvöldið og þykir honum trúlegt að það slái við gamlárskvöldi hvað skemmtun varðar.

„Ég hvet alla til að mæta, þetta verður aðalpartýkvöld ársins.“ - sm



ANNASAMT ÁR Sveinbjörn Thorarensen, eða Hermigervill, lofar geðveiku stuði í Vodafone-höllinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!“

BJÖRK EIDSDÓTTIR ritstýra á Séd og heyr

★★★★
„ÁHORFENDUR FÖGNUM OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL“

FRÉTTABLAÐIÐ



SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
BLAKKÁT

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR
Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINDÓTTIR

Midasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á mid.is
Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

Uppselt fram að áramótum!
Þökkum frábærar móttökur á árinu.

Föstudaginn 4. jan. Örfá sæti laus
Fimmtudaginn 10. jan. Örfá sæti laus
Fimmtudaginn 17. jan.
Föstudagurinn 18. jan. Örfá sæti laus
Föstudagurinn 25. jan.

Gjafakort til sölu alla lau. í des.
í Smáralind milli 15:00-21:00

Leikarar:
BJÖRK JAKOBSDÓTTIR
HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON
MAGNÚS GUDMUNDSSON

mid.is

„EFTIRMINNILEGASTA
BLAKKÁT SEM
ÉG HEF UPPLIFÆÐ“

DJÓFLÆVJARN



MÆÐGUR Mæðgurnar Hlíf og Pórey eru báðar dansarar sem hafa komið fyrir augu þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Passar í leðurgallann hennar mömmu

Dansaranum Póreyju Birgisdóttur þótti mamma sín töff í Eurovision árið 1997.

„Ég var þriggja ára þegar mamma fór í Eurovision en man mjög vel eftir því að hafa reynt að herma eftir dansinum fyrir framan sjónvarpið. Þetta var í fyrsta skipti sem ég horfði á keppnina en hef verið mikill aðdáandi síðan,“ segir dansarinn Pórey Birgisdóttir.

Pórey komst í sex manna úrslit í danskeppninni Dans, Dans, Dans á RÚV á dögunum. Hún á ekki langt að sækja danshæfileikana. Móðir hennar, Hlíf Þorgeirsdóttir, var einn af dönsurunum sem lituðu atriði Páls Óskars við lagið Minn hinsti dans í Eurovision 1997. „Mér fannst ótrúlega töff að mamma mín væri að taka þátt í Eurovision. Eg rifja þetta upp í tíma og ótíma og hún er oft ekkert rosalega hress með það. Hún segir að þó að þetta hafi verið mjög skemmtilegt

þá sé þetta ekki endilega eitthvað sem hún vilji auglýsa mikið,“ segir Pórey hlæjandi.

Minn hinsti dans átti ekki miklu fylgi að fagna í keppninni árið 1997 og lenti hópurinn í síðasta sæti. Margir segja þó atriðið hafa breytt gangi keppninnar til framtíðar. Klæðnaður Páls Óskars og dansaranna vakti hvað mesta athygli en öll voru þau klædd í leður og skildi klæðnaður stúlkanna afar lítið eftir fyrir myndunaraflið.

„Mamma á gallann niðri í geymslu og ég hef einu sinni prófað að fara í hann. Hann passaði á mig svo það er aldrei að vita nema ég taki hann upp ef rétt tækifæri gefst,“ segir Pórey og hlær. Hún er mikill Eurovision-aðdáandi og segist hafa það að markmiði að dansa í keppninni einn daginn. „Ef ég næ því ekki

ætla ég að minnsta kosti að verða áhorfandi í sal,“ segir hún.

Pórey hefur tekið þátt í Dans, Dans, Dans í tvígang en segist ekki eiga von á að skrá sig til leiks í þriðja sinn. „Ég er að útskrifast af listdansbraut í MH í vor og er að skoða framhaldið. Mér finnst líklegt að ég fari út að læra eða reyni að komast í ungmennadansflokk í haust,“ segir hún spennt. Það er þó nóg fram undan hjá henni þangað til, því jafnframt því að vera í skólunum er hún líka í Listdanskóla Íslands og tekur þátt í uppfærslu Borgaraleikhússins á Mary Poppins. „Æfingarnar á Mary Poppins eru alveg á fullu núna og ég var til dæmis að læra að steppa í dag. Það var geðveikt skemmtilegt,“ segir Pórey að lokum.

tinnaros@frettabladid.is

Sjóðandi og hrynheitt afróbít

Stórsveit Samúels J. Samúelssonar hefur gefið út sína fjórðu plötu, 4 hliðar.

Samúel J. Samúelsson Big Band hefur sent frá sér sína fjórðu hljómplötu, 4 hliðar, og er hún að sjálf-sögðu uppfyll af sjóðandi og hrynheitri tónlist.

Hún er undir áhrifum frá nigerísku afróbít, eþíópískum djassi, brasilískum sambatöktum, bandarísku funki og stórsveitardjassi. Því er blandað saman við íslenska veðurveiflu og þrjúsku eyjaskeggja.

„Þetta er hédan og þaðan í þeim stíl sem ég hef verið að fást við. Þetta er afróskotin músík og það er farið víða. Þarna eru eþíópísk, brasilísk og nigerísk áhrif. Svo var ég í Gíneu í janúar og það hafði áhrif á þetta,“ segir forsprakinn Samúel, sem fór þangað ásamt konu sinni.

„Við vorum í dansskóla í tvær vikur og í brúðkaupi líka. Þetta var svaka ævintýri.“

Nafnið 4 hliðar er tilvísun í tvöfalda vínílútgáfu plötunnar sem kemur út eftir áramót. „Tímalengdin passaði akkurat á tvær vínílötur og þaðan kom titillinn. Þetta hefði orðið ógeðslega löng plata á geisladiski og ég þoli ekki svona langar plötur sjálfur.“ Geisladiskurinn er því einnig tvöfaldur og er nýkominn í búðir.

Útgáfutónleikar verða í Gamla bíói fimmtudaginn 20. desember. „Við ætlum að spila alla plötuna og allt bandið verður mætt,“ segir Samúel en átján hljóðfærleikarar eru í Big Bandinu. - fb



4 HLIÐAR Samúel J. Samúelsson Big Band hefur sent frá sér plötuna 4 hliðar. MYND/GUDMUNDUR KRISTINN JÓNSSON

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið í des.:
virka daga
9.30-18
helgar
12-17

HARÐIR PAKKAR!

YAMAHA YSP HEIMABIÓIÐ LOKSINS KOMIÐ AFTUR

WHAT HI-FI?
SOUND AND VISION
★★★★★

Yamaha Sound Projector
179.995

Enn ein rósín í hnappagat Yamaha. Digital Sound Projector tækni sem skilar 7.1 rása hljómi í stofunni þinni. Engar snúrur, bara topp-gæði og frábær upplifun. Valið vara ársins 2011 af What HiFi.

YSP2200

Mikið
úrval

PIPA/TBVA • SA • 13279



Verð áður:
319.995

42" LG LED Full HD
219.995

Stílhreint 42" Full HD sjónvarp frá LG. Með Home Dashboard valmyndakerfi, TruMotion 400Hz MCI, SmartTV, Cinema 3D, gervihnattamóttakara o.fl.

Full búð
af frábærum
jóna-
tilboðum

Sjáðu öll
frábæru
jólaitilboðin
á vefnum
okkar!
hataekni.is


Hataekni



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vel heppnaðir tónleikar

Tónleikarnir Jólagestir **Björgvins Halldórssonar** fóru fram í Laugardalshöllinni á laugardag og þóttu einstaklega vel heppnaðir. Svala og Krummi Björgvinsbörn stigu bæði á stökk ásamt föður sínum og sungu með honum lagið *War Is Over* eftir John Lennon. Athygli vakti að Svala og faðir hennar voru bæði hvít-klædd er þau sungu saman lagið *Pú* komst með jólin til mín og var það engin tilviljun því feðginin höfðu löngu ákveðið að klæða sig í stíl þetta kvöld. Mæðgurnar Bryndís Jakobsdóttir og Ragga Gísla tóku einnig lagið saman auk Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur, Diddúar, Sigríðar Thorlacius og Jólástjórnnunnar Margrétar Stöllu Kaldalóns. Það má því með sannri segja að kvöldið hafi verið fjölskylduskemmtun í anda jólanna.



Jólatréð volduga

Stór og mikill hlynur stendur á lóð **Íslensku auglýsingastofunnar** við Laufásveg. Tréð er næstum aldar-gamalt og er skreytt fyrir hver jól og duga þá ekki færri en tíu þúsund og tvö hundruð ljós til að lýsa það allt upp í skammdeginu. Á veggnum sem umlykur garð auglýsingastofunnar má finna skjöld þar sem vegfarendur eru hvattir til þess að mynda hlyninn og deila myndinni á Foursquare eða Instagram. Fjöldi fólks, bæði Reyk-víkingar sem og erlendir ferðamenn, hafa þegar orðið við þessari bón. - sm

Mest lesið **vísir**

- 1 Gjörðsamlega misheppnaðar jólakortamyndir
- 2 Faðir fórnarlambis tjáir sig við fjölmiðla
- 3 Listi Bjartrar framtíðar opinberaður
- 4 Hver var Adam Lanza?
- 5 Transkonur í vandræðum með röddina

Egill Arnason

JUNCKERS
parketolía



Mundu ...við erum flutt!

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is



Framtíðarreikningur vex með barninu

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.

Jólakaupauki!

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir bolur eða geisladiskur.*

* Meðan bíngur endan.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki